

Fornleifakönnun vegna lagningu göngustígs á milli Stokkseyrar og Eyrarbakka



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
Edda Linn Rise og Kristín Erla Þráinsdóttir

Máí 2014
NV nr. 6-15

Efnisyfirlit	
Inngangur	3
Markmið og aðferðir	5
Tilgangur fornleifaskráninga	5
Aðferðafræði	6
Skrá yfir fornleifar	6
Fornleifaskráning	7
Gamla-Hraun	7
Saga Gamla-Hrauns	7
Fornleifaskráning Gamla Hraun	12
Stóra Hraun	37
Saga Stóra Hrauns	37
Fornleifaskráning Stóra Hrauns	40
Borg	82
Saga Borgar	82
Fornleifaskráning Borgar	85
Fok	87
Saga Foks	87
Fornleifaskráning Foks	89
Stéttarendi/Stéttar	91
Saga Stéttar	91
Fornleifaskráning Stéttar	91
Stöðlakot	94
Saga Stöðlakot	94
Fornleifaskráning Stöðlakots	94
Hafliðakot/Elliðakot	95
Saga Hafliðakots/Elliðakot	95
Fornleifaskráning Hafliðakots/Elliðakots	97
Litla Hraun	102
Saga Litla Hrauns	102
Fornleifaskráning Litla Hrauns	105
Niðurstöður	113
Kort. Minjar við göngustíg	115
Heimildir	116

Inngangur

Á haustmánuðum 2014 fór Bárður Guðmundsson byggingafulltrúi í Árborg þess á leit við Náttúrustofu Vestfjarða að gerð yrði fornleifakönnun vegna fyrirhugaðs göngustígs sem leggja á milli þorpanna Stokkseyri og Eyrarbakka. Svæðið hafði verið skráð áður af Byggðasafni Árnesinga í tengslum við fornleifaskráningu í Árborg sem byggðasafnið vann á árunum 2004-2008. Svæðið var skoðað aftur þar sem veglína er fyrirhuguð og minjar mældar inn með meiri nákvæmi. Vettvangsvinnu á árumum 2006-2007 unnu fornleifafræðingarnir Kristín Erla Þráinsdóttir, Edda Linn Rise og Guðrún Jóna Þráinsdóttir. Uppmælingar og vettvangskönnun árið 2015 annaðist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur sem jafnframt vann úr gögnunum Byggðasafnsins og setti saman þessa skýrslu.

Fyrirhugaður göngustígur liggur yfir land jarðana Borgar, Stóra Hrauns og Litla Hrauns. Veglína göngustígsins liggur yfir tvo bæjarhóla á Hafliðakoti sem áður hér Elliðakot og Stóra Hraun. Fleiri kot eða þurrabúðir voru þarna í nágrenninu. Í Landi Hrauns höfðu á 13-15. öld myndast margar hjáleigur svo Hraunshverfið varð þéttbýlt og mannmargt. Um og eftir 1890 var mikill uppgangur í sjávarþorpunum Eyrarbakka og Stokkseyri. Fiskveiðar stóðu í blóma og verslun dafnaði vel og þyrptist þá fólk þangað úr ýmsum áttum til að leita betri lífskjara.

Í Hraunshverfi var um þetta leiti að myndast þorp sem fór hraðvaxandi, en þetta blómaskeið stóð ekki í nema um þrjátíu ár og lauk um aldamótin 1900. Þá bjuggu 143 einstaklingar í hverfinu en fækkaði ört á næstu áratugum og nú 115 árum síðar er búið á einum bæ.

Í þessari skýrslu eru hafðar með mun fleiri fornleifar en hefði þurft vegna þessarar veglagningu. Ástæða þess er sú að þessar jarðir voru skráðar af Byggðasafni Árnesingar fyrir sveitarfélagið Árborg. Sveitafélagið stöðvaði hinsvegar skráningu í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 og mikið af gögnum sem voru nær fullbúinn voru sett á ís. Þar sem búið var að vinna þessa vinnu á þessu svæði, var ákveðið að láta alla fornleifaskráningu á þeim bæjum, sem veglínan liggur í gengum, fylgja með.



Mynd 1. Skjámynd af vefsíju Landmælinga sem sýnir áhrifa svæði hvers býlis og fyrirhugaðan göngustíg.



Mynd 2. Skjámynd af vefsíju Landmælinga sem sýnir hvar býlin stóðu og afstöðu við göngustíg.

Markmið og aðferðir

Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers

konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).”

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskygni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Skrá yfir fornleifar

Númerin eru fengin úr í Jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Gamla Hraun 145). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. Gamla Hraun 145). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Fornleifaskráning

Gamla-Hraun

Saga Gamla-Hrauns

165861-145-

Gamla-Hraun er elsta býlið í Eyrarbakkahreppi.¹ „Saga Gamla-Hrauns hefst eftir sjávarflóðið mikil 2. jan. 1653 eða litlu síðar, þá er bærinn á Hrauni færður úr stað og fluttur lengra frá sjónum. Gamla bæjarstæðið við sjó fram lá í rústum og túnið komið mestu í sand og grjót. En náttúran er fljót að græða sárin, og ekki leið á löngu, unz svo var gróið um skemmdirnar, að tiltækilegt þótti að reisa þar byggð á ný. Nokkuð fyrir 1700 var byggð aftur upp tekin þar, sem höfuðbólið hafið áður staðið. Var það býli hjáleiga frá Hrauni og nefndist Gamla-Hraun. Ekki hefir þó verið gott til byggðar þar fyrst í stað, því að skömmu eftir aldamótin fór býlið aftur í eyði um tíma.“² Í Manntali 1703 eru hjáleigur Hrauns ekki nafngreindar en í annarri hjáleigu sunnan við bæinn bjó Jón Narfason ásamt konu sinni Álfheiði Jónsdóttur og börnum þeirra tveimur.³ Samkvæmt Ábúendatali Árnassýslu bjó fjölskyldan í Gamla Hrauni.⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er rituð frá þessu svæði árið 1708 þar er býli þessu lýst svo: „Gamla Hraun, sjötta hjáleiga, í eyði. Hún stendur á því plássi, sem áður var Hraun heimajörðin. Byggðin varaði fáein ár og lagðist í auðn í næstliðnum fardögum, stundum byggt með grasi, stundum öngvu. Landskuld xx álnir í landaurum. Kúgildi ekkert. Kvöð var mannlán ut supra [Þorlákshöfn]. Fóðrast þriðjungur kýrþunga. Ekki má hrakkot þetta aftur byggja fyrir sjóargangi.“⁵ Í Jarðabókinni segir höfuðbýlið Hraun, „... þessi jörð [var] færð úr sínum stað þangað sem nú stendur hún undan sjógangi, og gengur sjórinn í kringum bæinn upp að fjósum, so þangað verður ei komist, þó menn vildur ríða, meðan þessi sjóargangur varir.“⁶ Að sjórinn gangi kringum bæinn getur ekki átt við um Stóra Hraun en getur hins vegar passað um Gamla-Hraun, og er því óskipulega eða af vangá sett á þennan stað.⁷ „Í lýsingu þessari mun, ef að vanda lætur, sízt dregið úr ókostunum. Að minnsta kosti reyndust heimildarmennirnir ekki sannspáir um það, að ekki mætti hér aftur byggja. Nú er að vísu ekki hægt að fá nákvæma vitneskju um það, hversu lengi Gamla-Hraun var í eyði eftir 1708, en mörg ár hafa þau naumast verið.“⁸ Samkvæmt Manntali 1729 voru þá 8 hjáleigur

¹ Guðmundur Þórarinsson. 1997, bls. 7.

² Guðni Jónsson. 1958, bls. 40.

³ *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 513.

⁴ Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. *Ábúendatal Árnassýslu*.

⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 71.

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 70.

⁷ Vigfús Guðmundsson. 1960, bls. 55.

⁸ Guðni Jónsson. 1958, bls. 41.

í byggð í Hraunshverfinu, og hefur Gamla-Hraun af öllum líkindum verið ein þeirra miðað við hversu margar hjáleigur eru skráðar. Eftir 1729 hefur Gamla-Hraun líklegast aldrei farið í eyði, því Guðni Jónsson telur að ekki sé að marka ummæli Jarðabókar 1760. Þar sem vitað er um ábúendur á Gamla-Hrauni á síðara hluta 18. aldar, virðist vera næg sönnun fyrir því að byggð hafi aldrei fallið niður á þeim tíma. Aftur á móti voru munnmæli þess efnis, meðal niðja Þorkels Jónssonar á Gamla-Hrauni að jörðin hefði verið í eyði í 12 ár eftir flóðið mikla 1799 eða aldamótaflóðið, sem kallað var. Skýringin hlýtur að felast í því að frá aldamótum, sem flóðið var vanalega miða við, liðu einmitt 12 ár, þangað til Þorkell Jónssonar fluttist að Gamla-Hrauni. Sá misskilningur hlýtur því að hafa komið upp síðar að jörðin hafi verið í eyði þessi 12 ár.⁹

Samkvæmt Manntali 1801 var Gamla Hraun tvíbýli og bjuggu þar sjö manns¹⁰ og tíu manns bjuggu þar árið 1816¹¹ og 1845.¹² „Allan þann tíma, sem Gamla-Hraun var hjáleiga frá Stóra-Hrauni, eða þangað til Þorkell Jónsson fluttist þangað árið 1812, bjuggu þar fátækir leiguliðar ... [m]eð komu hans að Gamla-Hrauni hefst nýtt tímabil í sögu jarðarinnar. Hún verður nú ekki lengur vanrækt hjáleigubýli, heldur sjálfstæð bújörð, þar sem sjálfdeigabændur hafa búið allt fram á þennan dag, sumpart á allri jörðinni og sumpart á nokkrum hluta hennar.“¹³ „Mikil málaferli urðu milli eiganda Stóra-Hrauns og Gamla-Hrauns út af rekarétti fyrir landi jarðanna. Í afsalsbréfi Magnúsar Bjarnasonar til Þorkels Jónssonar 19. des 1807 er tekið svo til orða, að Magnús hefi selt Þorkeli „8 hundruð úr jörðinni Stóra-Hrauni í Stokkseyrarkirkjusókn innan Árnassýslu, sem er Gamla-Hraunið og Salthólinn, með öllu því landi, sem henni að fornu og nýju fylgt hefir til réttra marka til lands og fjöru mót kringum liggjandi annarra jarða landeign“. Virðast orð bréfsins eigi verða rétt skilin á annan veg en þann að í sölunni hafi fylgt allur rekaréttur fyrir Gamla-Hraunlandi ...“¹⁴. Deilur stóðu á milli jarðanna frá um 1826 til 1881 sem lauk með fullum sigri Gamla-Hrauns eiganda.¹⁵ Árið 1856 varð Gamla-Hraun að nýju tvíbýli og hefur haldist það síðan. Um og eftir aldarmótin 1900 mynduðust þar margar þurrabúðir þær nefndust einu nafni Gamla-Hraun, án frekari aðgreininga.¹⁶ Samkvæmt Manntali á Íslandi 1910 eru skráð á Gamla-hrauni einn bær og þrjár þurrabúðir, bærinn var torfbær með einu hálfpili. Ein þurrabúðin var torfbær með þrem heilpílum og einu hálfpili, hinar tvær

⁹ Guðni Jónsson. 1958, bls. 41.

¹⁰ *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978, bls. 213.

¹¹ *Manntal á Íslandi 1816.* 1947-74, bls. 300.

¹² *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982, bls. 218.

¹³ Guðni Jónsson. 1958, bls. 41-2.

¹⁴ Guðni Jónsson. 1958, bls. 47.

¹⁵ Guðni Jónsson. 1958, bls. 52.

¹⁶ Guðni Jónsson. 1958, bls. 117.

þurrabúðirnar voru timburhús.¹⁷ Í kringum 1920 fluttist ábúendur þurrabúðanna smá saman burt.

Samkvæmt Jarðatali á Íslandi árið 1847 var hvorki dýrleiki né kúgildi Gamla-Hrauns skráð en landskuld var 0,20.¹⁸ Árið 1861 er Gamla-Hraun metið á 6,15 hundruð.¹⁹

Tvíbýlið Gamla-Hraun skiptist í austur- og vesturbær. Samkvæmt Sunnlenskum byggðum stendur austurbærinn „... á sjávarkampinum fast við sjógarðinn, þar fyrir fram hefur sjórinn brotið landið.“²⁰ Vesturbærinn „stendur á sandhryggnum nokkuð fyrir innan sjógarð, nokkuð graslendi er þar senn fyrir utan.“²¹ Túnin við báða bæina eru á sandsléttu fyrir innan sjógarðinn, beitoland í hrauni og mómýri fyrir ofan. Hlunnindi eru reki.²²

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin í Gamla-Hrauni voru 16 talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru átta. Við skjálftana gjörféll eitt bæjarhús, tvö skemmdust mjög mikið en 11 bæjarhús skemmdust lítið. Tvö peningahús skemmdust mikið og sex skemmdust lítið.²³

Túnakort sem líklega eru teiknuð um 1920 eru bæði fyrir vestur og austurbæ Gamla-Hrauns. Á túnakortið austurbæjar, er skráður bær og matjurtagarður sem var þá 5610 m². Túnið 2 ha og alslétt, það girt í samanburði við útengi.²⁴ Árið 1977 var austurtúnið 6,5 ha.²⁵ Á túnakort vesturbæjar eru skráðir þrír bæir, tvö útihús og tveir matjurtagarðar sem voru samtals 5640m² að stærð. Túnið var alslétt um 3,7 ha að stærð og það jafnframt girt í samanburði við útengi.²⁶ Árið 1977 var tún vesturbæjar 5,5 ha.²⁷

Á 20. öld urðu miklar umbætur á jörðinni, þá fyrst og fremst bygging sjóvarnargarðs, sem var gerður fyrsta áratug aldarinnar. Áður en hann kom, lá

¹⁷ *Mannatal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997, bls. 150-3.

¹⁸ Johnsen, J. 1847, bls. 60.

¹⁹ Vigfús Guðmundsson. 1960, bls. 56.

²⁰ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 282.

²¹ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 283.

²² *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 282-3.

²³ Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905, bls. 185.

²⁴ *Túnakort [1920] Gamlahraun (austurbær)*.

²⁵ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 282.

²⁶ *Túnakort [1920] Gamlahraun (vesturbær)*.

²⁷ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 283.

jörðin undir sífelldri hættu af ágangi sjávarflóða.²⁸ „Árið 1930 er jörðinni lýst í skjölum um fasteinamat. ... Mótak er á jörðinni, torfrista ekki góð, en hleðslugrjót og steypuefni gott og nærtækt. ... Vatnsból gott við bæinn.“²⁹ Í Fasteignabók frá árinu 1932, er túnastærð Gamla-Hrauns I 2 ha og matjurtagarðar 1600 m². Í Gamla-Hrauni II var túnastærð jafnframt 2 ha en matjurtagarðar 1200 m².³⁰

Samkvæmt vef Fasteignamats ríkisins er [2005] á Gamla-Hrauni 1 íbúðarhús, hesthús, hlaða og geymsla. Á Gamla-Hrauni 2 sem hefur fasteignanúmerið 165864 er skráð íbúðarhús byggt 1934 og geymsla byggð 1942.³¹

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. Landið, fólkíð og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árneshöfði. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904.“ Árbók hins íslenska forleifafélags.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (engin dags.). Landskrá fasteigna. Gamla-Hraun. Sveitarfélagði Árborg. Sótt 28.7.2005 af <http://www.fmr.is>

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjöminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 2 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

²⁸ Guðni Jónsson. 1958, bls. 42-3.

²⁹ Guðni Jónsson. 1958, bls. 43.

³⁰ Fasteignabók. 1932, bls. 12

³¹ Fasteignamat ríkisins. Fmr.is

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (austurbær). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (vesturbærr). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka . Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Óprentaðar heimildir

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson: Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000. Handrit í eigu höfunda.

Munnlega heimild

Lýður Pálsson. Safnstjóri Byggðarsafns Árnesinga. Janúar 2006.

Fornleifaskráning Gamla Hraun

165861-145-1

Sérheiti: Gamlahraun (vesturbær)

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund: heimild

Staðhættir: „Fram við sjógarðinn, skammt suður af Löngudæl, stendur hið forna býli Gamla-Hraun, tveir bæir, austurbær og vesturbær, og stendur hinn fyrrnefndi nær sjó en hinn, en þar hefur verið tvíbýli síðan 1856.“ (Guðni Jónsson. 1958: 138). „Bærinn stendur á sandhryggnum nokkuð fyrir innan við sjógarð ...“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:283).

Lýsing: Stórbýlið Hraun hefur staðið á sama stað eða á svipuðum slóðum og Gamla Hraun stendur nú og var Hraun fært vegna þess að: „Túni og engjum grandar sjóargangur með grjóti og sandi til stórskaða með miklum landbrotum, so að fyrir 50 árum [var] þessi jörð færð úr sínum stað þángað sem nú stendur hún undan sjóargangi, og gengur sjórinn í kríngum bæinn upp að fjósum, so þángað verður ei komist, þó menn vildu ríða, meðan þessu sjógangur varir.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1921:69-70) Þarna er verið að lýsa miklu sjávarflóði sem varð 2. janúar 1653 því þá féll sjór inn um allan bæinn, svo menn urðu að halda sér uppi á húsbitum og þökum auk þess sem nokkrar skepnur drápu. Ekki var þó flutt strax úr bænum þrátt fyrir að hann hafi orðið svo til ónýtur eftir hamfarirnar. Árið 1655 fær Benedikt Þorleifsson Skálholtsráðsmaður leyfi til að byggja bæinn upp á öruggari stað og telur Guðni Jónsson næsta öruggt að flutningurinn hafi átt sér stað 1656, sama ár og Benedikt fluttist að Hrauni. Nokkrum áratugum eftir flutninginn er svo Gamla-Hraun reist á bæjarrústunum. (Guðni Jónsson. 1958: 11-2).

Brynjúlfi Jónssyni segist svo frá 1904: „Eftir það [flóðið 1653] hafa þó flatirnar, þar sem Hraun var áður, gróið svo upp aftur, að fært hefir þótt að setja þar bæ að nýju. Sá bær heitir Gamla-Hraun.“(Brynjúlfur Jónsson. 1905:12). Framan við Gamlahraun var nes, Framnes: „Snemma mun nesið hafa eyðst af völdum sjávarágangs eða vart síðar en á 14. öld, en trúlega nokkru fyrr, eftir það mun aðalbýlið hafa verið flutt nokkru ofar og hefur það þá verið nefnt Hraun, þar sem nesið var horfið, en nú kennt við hraunið sem er fyrir ofan og norðan bæinn, en síðar var svo bærinn færður enn ofar eftir flóðið mikla 1653 og þá fært á þær slóðir sem Stóra-Hraun var um langan tíma.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:5). Í viðbótum Sigurðar Andersen segir að Hraun hafi farið í eyði eftir stórflóðið 1653 en það hafi um 1700 verið byggt upp aftur á rústum Hrauns en hafi farið í eyði eftir örfá ár og um það eru ummæli úr Jarðabókinni. Þá fyrst hafi kotið verið fært frá þessum slóðum. (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:53). Árið 1816 fluttist Þorkell Jónsson hreppstjóri Gamla-Hraun og hóf þar uppbyggingu. Hann húsaði

jörðina að nýju (Guðni Jónsson. 1958: 42). „Í vesturbænum á Gamla-Hrauni, þar sem Símon Símonarson bjó lengi, [1876-1929] þótti reimt. Heyrðust þar tíðum hurðaskellir, hrak og umgangur um nætur, er enginn maður var á ferli. Voru heimamenn ornir þessu vanir, að þeir létu sér sama standa, en ókunnugir undu því miður. Varð þó engum mein að þessu. Reimleiki þessi var svo gamall í hettunni, að engin vissi um upptök hans eða orsök lengi vel. Þá bar svo við, að Gísli gamli Guttormsson varð heimilismaður á Gamla-Hrauni og var þar í eitt ár í lausamennsku hjá Símoni. Gísli var skyggn maður en, lét ekki mikið á því bera, fróður um margt. Hann sagði svo um reimleika þennan, að það væri sjódaður maður, er Jón hefði heitið og átt heima í Gamla-Hrauni. Mundi hann hafa átt einhverja peninga og væri að grugga í þeim, eins og hann komst að orði.“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. II: 40). Neðanmáls tekur Guðni Jónsson fram að samkvæmt Sigurði föðurbróður hans, drukknaði Jón Jónsson bóndi á Gamla-Hrauni og formaður þann 8. apríl 1828 ásamt 10 manns á Stokkseyri. (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. II: 40).

Horfin: Já

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ Árbók hins íslenska forleifafélags.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 2 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (vesturbærr). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-2

Sérheiti: Gamla-Hraun vesturbær

Hlutverk: bæjarstæði býli

Tegund:

Staðhættir: Inn á túnakort frá því um 1920 er merktur annar bær.

Lýsing: Íbúðarhús Gamla-Hrauns vesturbæ er steyppt og engar minjar eru að finna um eldra húsið. Samkvæmt heimildarmönnum er íbúðarhúsið á sama stað og það eldra var.

GPS: A395877 N373330

Horfin: Já

Heimildarmenn: Margrét og Pétur Friðriksbörn.

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (vesturbærr). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-3

Hlutverk: útihús (vesturbær)

Tegund: heimild

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti voru teiknuð tvö útihús við Gamla Hraun vesturbæ en þar sem engar áttir eru settar á kortið er erfitt að sjá hvar útihúsin munu hafa staðið. Engar minjar um útihús fundust í um 30 m radíus þar sem Gamla Hraun vesturbær á að hafa staðið.

Horfið: Já

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (vesturbærr). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-4

Hlutverk: vesturbær útihús

Tegund: heimild

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti var teiknað tvö útihús við Gamla Hraun vesturbæ en þar sem engar áttir eru settar á kortið er erfitt að sjá hvar þau munu hafa staðið. Engar minjar um útihús fundust í um 30 m radíus þar sem Gamla Hraun vesturbær á að hafa staðið.

Horfið: Já

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (vesturbærr). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-5

Hlutverk: vesturbær, vegur, leið

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti var vegur frá vesturbænum að Gamlahraunsvegi [44] sem lág að Gamla-Hraunsbæjunum.

Lýsing: Möl hefur verið sett á planið og engar minjar um leið sjást á yfirborði.

Horfið: Já

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (vesturbær). Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-6

Hlutverk: bæjarstæði býli

Tegund:

Staðhættir:

Lýsing: Bæjarhóll Gamla Hrauns austurbær er um 1 m á hæð og hefur því verið sléttaður. Bærinn hefur af öllum líkindum verið á sama stað og íbúðarhús Gamla Hrauns austurbæjar er.

GPS: A395972 N373377

Hættumat: Enginn hættu

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (austurbær). Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-7

Sérheiti: Gamlahraun (Austurbær)

Hlutverk: bæjarstæði býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Bærinn stendur á sjávarkampinum fast við sjógarðinn...“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:282).

Lýsing: Samkvæmt heimildarmönnum mun bærinn hafa staðir á sama stað og íbúðarhús Gamlahrauns austurbæjar stendur í dag. Engar minjar sjást á yfirborði því þar hefur verið sléttað og mól sett á planið. Gps hnit var tekið við íbúðarhúsið

GPS: A395996 N373397

Horfin: Já

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (austurbær). Eyrarbyggðahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

165861-145-8

Hlutverk: útihús (austurbær)

Tegund: Tóft

Staðhættir: Um 40 m beint norður af Gamla Hrauni austurbæ og um 40 m austur frá Gamla Hrauni vesturbæ eru minjar um útihús.

Lýsing: Tóftin er grasigróinn og er um 1 m á hæð og er 6 m AV og 6m NS. Engar hleðslur sjást.

GPS: A395996 N373408

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (austurbær). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-9

Hlutverk: Austurbær vegur

Tegund: leið

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti var vegur frá austurbænum að Gamlahraunsvegi [44] sem lág að Gamla-Hraunsbæjunum.

Lýsing: Mól hefur verið sett og planið og engar minjar um leið sjást á yfirborði.

Horfið: Já

Heimildir:

Túnakort [1920]. Gamlahraun. (austurbær). Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165861-145-10

Hlutverk: Vegur (brú)

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir: „Milli Gamla-Hrauns og Hafliðakots er ekki nema stutt bæjarleið, en yfir flóð að fara, sem liggur heim undir tún á Gamla-Hrauni. Yfir flóð þetta lá mjó grjótbryggja, en eftir á henni var vatnsauga með hellu yfir.“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:107).

Lýsing: Smátangi gengur út í flóðið þar sem nefndur er Kerlingatangi [12]. (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:108) Á Suðurlandi eru vegir sem hlaðnir eru upp úr votlendi nefndir brýr. Á loftmynd af svæðinu sést þessi umræddi vegur yfir flóðin vel.

GPS: A396446, N373555

Heimildir

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1940. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.



Mynd 1. Skjáskot af kortasjá Minjastofnunar. Örin bendir á veginn eða „brúnna..“

165861-145-11

Sérheiti: Garðsstaðir

Hlutverk: býli

Tegund: tóft

Staðhættir: Samkvæmt ritinu Eyrabakkahreppur örnefi eru Garðsstaðir sagðir vera: „Litlu vestar [en Horn nr 29] aðeins fjær sjó er annað tóftarbrot nefnt Garðsstaðir, eftir nýbýli, sem þar stóð um skamma



stund, en fór í eyði 1920“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:7). Garðsstaðir eru um 20 m NV frá Horni og um 50 m vestur frá Gamla Hrauni vesturbæ.

Lýsing: „Hrauntún var byggt árið 1885 af Helga Þorsteinssyni áður bónda í Foki. Það stóð fyrir vestan túnið á Gamla-Hrauni og var seinna nefnt Garðsstaðir.“ (Guðni Jónsson. 1958: 121). Garðsstaðir fóru í eyði árið 1924 (Guðni Jónsson. 1958:121). Tóftin er ferhyrnt. Hleðslur standa, bárujárnsþak hefur fallið ofan í tóftina. Hægt er að greina einstök lög af grjóti. Hleðsluhæð er mest um 2 m og er suðurveggur hæstur. Utanmál Garðsstaða er 6-9 m að lengd og 6 m á breidd. Innanmál tóftarinnar er 4,5 m á lengd og 5 m á breidd, þykkt veggja er 1,7 m öllu jöfnu nema við norðurvegg, 2 m, þar er dyraop. Í dyrunum standa hjólbörur. Vesturveggurinn er um 1 m lengri og myndar skjól við dyrnar.

GPS: A395813 N373638

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrabakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-12

Sérheiti: Kerlingartangi

Hlutverk: þjóðsaga

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Austan við Gamla-Hraun, sunnan Löngudældar, eru leifar af gamla túngarðinum. Þar, sem hann skagar út í Löngudælu, nefnist Kerlingatangi ...“ (Guðni Jónsson. 1958: 138).

Lýsing: Kenndur við Sesselju Einarsdóttur, eiginkonu Ólafs Einarssonar í Hafliðakoti sem drukknaði snemma á þorranum 1842 í flóði milli Gamla-Hrauns og Hafliðakots.

Hjónin á Háeyri höfðu nýlega misst ungt barn sitt. Ólafur Einarsson var líkmaður ásamt Símoni Þorkelssyni á Gamla-Hrauni. Jarðað var á Stokkseyri og að því loknu fóru Ólafur og Sesselja með Símoni og Sesselju Jónsdóttur konu hans í erfidrykkju að Háeyri. Á heimleiðinni komu þau við að Gamla-Hrauni og var boðið inn. Eftir litla stund fór Sesselja húsfreyja út í fjós að mjólka. Skömmu síðar gekk Sesselja kona Ólafs út og var talið að hún hefði ætlað til nöfnu sinnar út í fjós. Þegar húsfreyja kom út fjósinu var Sesselja ekki með henni og var nú farið að leita að henni í kringum allan bæ og í útihúsum. Hún fannst hvergi og héldu menni að hún hefði lagt af stað heim á undan Ólafi. Milli Gamla-Hrauns og Hafliðakot er ekki nema stutt bæjarleið, en yfir flóð að fara, sem liggur heim undir tún á Gamla-Hrauni. Yfir flóð þetta lá mjó grjótbryggja, en eftir á henni var vatnsauga með hellu yfir. Djúpt var í auganu, þegar Ólafur gekk yfir hana var eins og honum væri hrint af henni. Óð hann utan með bryggjunni og hafði stuðning af henni, þegar hann kom að auganu var hann orðin lerkaður á voli. Hann kallaði á hjálp því stutt var heim að Hafliðakot og kom Katrín dóttir hans honum til hjálpar. Daginn eftir fannst lík Sesselju í flóðinu rétt austan við túngarðinn á Gamla-Hrauni. Smátangi gengur út í flóðið þar sem hún er hann síðan nefndur Kerlingatangi. (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:105-8) GPS hnit var tekið þar sem Kerlingatangi er merktur inn á loftmynd þar sem örnefni í Hraunshverfinu eru skráð inn á (Loftmynd LMÍ M 3522).

GPS: A396129 N373388

Heimildir

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1940. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

165861-145-13

Sérheiti: Gamla-Hraunskot

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: Gamla Hraunskot var um 40 m vestur frá íbúðarhúsi Gamla Hrauns austurbæ og um 40 m suður frá íbúðarhúsi Gamla Hrauns vesturbæ.

Lýsing: „Gamla-Hraunskot var þurrabúð frá Gamla-Hrauni og var í byggð á árunum 1770-1790 eða litlu lengur. Kot þetta byggði Jón Jónsson smiður, áður bóndi á Gamla-Hrauni, og bjó hann þar síðan síðustu æviár og síðan Guðrún Vigfúsdóttir, ekkja hans. Gamla-Hraunskot er m.a nefnt í Þingb. Árn. 5. 1776. Manna á milli var það nefnt Folald, og hélzt það nafn lengi í minnum manna

(Guðni Jónsson. 1958:115). Gamla-Hraunskot mun hafa staðir suður af vestra Gamla Hrauni nær sjó (Guðmundur Þórarinsson. 1997:7). Samkvæmt loftmynd þar sem örnefni í Hraunshverfinu eru skráð inn á (Loftmynd LMÍ M 3522) var Folald upp við sjóvarnargarð [182310-143-69] Gamla-Hrauns. Á því svæði eru lítil merki um kotið annað en stór hleðslugrjót við sjóvarnargarðinn og traðir [47] liggja frá íbúðarhúsi Gamlahrauns vesturbæ og upp að sjóvarnargarðinum [182310-143-69].

GPS: A395910 N373371

Hættumat: Engin hætta

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

165861-145-14

Sérheiti: Folald

Hlutverk: býli

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Aðeins suðvestur af Gamla-Hrauni var líka tómtúsið Folald, þar bjó Jón í Folaldinu, einkennilegur maður og frábær að afi (Guðmundur Þórarinsson. 1997:7).

Lýsing: „Í þann mund, er Vonda-Dísa bjó á Stokkseyri [1687-1728], bjó maður sá í þurrabúð á Gamla-Hrauni, er Jón hét og kallaður var Jón í Folaldinu, því að svo nefndist kofi hans, er stóð fyrir framan ferðamannagöturnar [43], sem eru nú í miðjum kálgörðunum. Þar hafði Símon Þorkelsson löngu síðar hesthús og Guðmundur Þorkelsson byggði þar lambhús við, en allt er það nú jafnað við jörðu (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:32). Af öllum líkindum er þetta sama og Gamla-Hraunskot [13] eða kotin hafa verið byggð á svipuðum stað. Samkvæmt loftmynd þar sem örnefni í Hraunshvefsnu eru skráð inn á (Loftmynd LMÍ M 3522) var Folald upp við sjóvarnargarð [182310-143-69] Gamla-Hrauns. Á því svæði eru lítil merki um kotið annað en stór hleðslugrjót við sjóvarnargarðinn og traðir [47] liggja frá íbúðarhúsi Gamlahrauns vesturbæ og upp að sjóvarnargarðinum [182310-143-69].

GPS: A395910 N373371

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

165861-145-15

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: heimild

Staðhættir: „Vorútræði er frá Gamla-Hrauni um Hraunssund, austanvert við Framnesboða“ (Brynjúlfur Jónsson. 1905:12).

Lýsing: „Til sundmerkis er þar haft tré, sem um miðja 19. öld stóð á grasbakka fram undan bænum. Og enn stendur það raunar á sama stað, en sá er munurinn, að nú er það skorað í fjöruletti, og er þaðan upp að grasbakkanum meir en 60 faðma langur spölur um fjörugrjót.“ (Brynjúlfur Jónsson. 1905:12). GPS hnit var tekið þar sem sundtré er merkt inn á loftmynd þar sem örnefni í Hraunshverfinu eru skráð inn á (Loftmynd LMÍ M 3522).

GPS: A396127 N373107

Horfin: Já

Heimildir:

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ Árbók hins íslenska forleifafélags.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

165861-145-16

Hlutverk: túngarður

Tegund: heimild

Staðhættir: „Austan við Gamla-Hraun, sunnan Löngudældar, eru leifar af gamla túngarðinum. Þar, sem hann skagar út í Löngudælu, nefnist Kerlingatangi [12] ...“ (Guðni Jónsson. 1958: 138).

Lýsing: Árið 1807 keypti Þorkell Jónsson hreppstjóri Gamla-Hraun og hóf þar nytsamar umbætur á jörðinni. Hann friðaði túnið fyrir umferð og hlóð garða því til varnar (Guðni Jónsson.1958: 42.). Engin merki um túngarðinn fundust við vettvangskönnun.

GPS: A396129 N373388

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-17**Hlutverk:** býli**Tegund:** heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja. Fyrsti þurrabúðarmaðurinn, sem settist að á Gamla-Hrauni, var Guðmundur Jensson trésmiður Hann kom að Gamla-Hrauni 1879 og bjó þar til dauðadags [1917]. ... Sonur þeirra var Karl Guðmundsson, er bjó á Gamla-Hrauni 1914-1920 og tók þar við af foreldrum sínum (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385**Horfin:** Já**Heimildir:**

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-18**Hlutverk:** býli**Tegund:** heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Annar þurrabúðarmaðurinn, sem settist að á Gamla-Hrauni, var Páll Jónsson trésmiður. ... Páll kom að Gamla-Hrauni 1888 og bjó þar til 1902.“ (Guðni Jónsson.1958: 118).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385**Heimildir:**

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-19**Hlutverk:** býli**Tegund:** heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Næst sezt að á Gamla-Hrauni Þorkell Guðmundsson og bjó þar á árunum 1893-1902. Hann var einn hinn svonefndu Gamla-Hraunsbræðra, sonur Guðmundar bónda Þorkelssonar á Gamla-Hrauni. Þorkell bjó síðar lengi á Ólafsvöllum eða í Horni [30] ...“ (Guðni Jónsson.1958: 118).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-20

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Annar af Gamla-Hraunsbræðrunum, Guðmundur Guðmundsson, bjó í þurrabúð á Gamla-Hrauni í eitt ár 1896-1897...“ (Guðni Jónsson.1958: 118).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla Hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimildamaður:

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-21

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Árið 1901 settust þrír menn að á Gamla-Hrauni og bjuggu þar lengi síðan. Er þar fyrstan að telja Sigurjón Jóhannesson ... Hann bjó á Gamla-Hrauni til 1940“ (Guðni Jónsson.1958: 118). Samkvæmt heimildarmönnum stóð „Sigurjónsbærinn“ um 15 m SV frá íbúðarhúsi Gamla Hrauns vesturbæ.

GPS: A395919 N373445

Horfið: Já

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn.

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-22

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Árið 1901 settust Gamla-Hrauni og bjuggu þar lengi síðan ... Annar maður, sem kom að Gamla-Hrauni 1901, var Vigfús Helgason.“ (Guðni Jónsson.1958: 118) Eftir dauða Vigfúsar 1920 bjó ekkja hans, Sesselja Halldórsdóttir, þar til 1924. (Guðni Jónsson.1958: 118-119).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla Hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-23

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Árið 1901 settust þrír menn að á Gamla-Hrauni og bjuggu þar lengi síðan ... Þriðji maðurinn, sem fluttist að Gamla-Hrauni 1901, var Sveinn Þórðarson ... og bjó hann á Gamla-Hrauni til 1925.“ (Guðni Jónsson.1958:119)

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla Hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-24

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Árið 1903 fluttust þrír þurrabúðarmenn að Gamla-Hrauni. Einn var Guðmundur Ámundason, er bjó þar aðeins í eitt ár 1903-1904.“ (Guðni Jónsson.1958:120).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-25

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Árið 1903 fluttust þrír þurrabúðarmenn að Gamla-Hrauni. ... Annar var Ari Símonarson ... Bjó hann sem þurrabúðarmaður á Gamla-Hrauni á árunum 1903-1908.“ (Guðni Jónsson.1958:120).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-26

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Árið 1903 fluttust þrír þurrabúðarmenn að Gamla-Hrauni. ... Þriðji maðurinn var Guðjón Guðmundsson, er áður bjó í Framnesi.“ (Guðni Jónsson.1958:120). Guðjón bjó í Gamla-Hrauni til dauðadags og ekkja hans bjó þar í eitt ár eftir það eða til 1935. (Guðni Jónsson.1958:120).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-27

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Gamla-Hraun nefndust einu nafni án frekari aðgreiningar þurrabúðir þær, sem risu upp heima við bæinn á Gamla-Hrauni. Voru þar um eitt skeið 6 búendur samtímis auk heimabændanna tveggja.“ (Guðni Jónsson.1958: 117).

Lýsing: „Á árunum 1904-1906 bjó Sigurður Guðmundsson, einn af Gamla-Hraunsbræðrunum, í þurrabúð þar. Hann bjó áður í Framnesi og síðar lengi á Ólafsvöllum eða í Horni [29], unz hann fluttist til Reykjavíkur 1930.“ (Guðni Jónsson.1958:120).

Engar minjar fundust við Gamla-Hraunsbæina, Gps hnit var tekið á milli Gamla Hrauns vestra og Gamla Hrauns eystri.

GPS: A395950 N373385

Heimild:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-28

Sérheiti: Sandskarð

Hlutverk: Þjóðsaga draugur

Tegund: hlið

Staðhættir: „Milli Horns og Gamla-Salthóls blés Sandhólsbakki upp á nokkru svæði, svo að það var sandur einn og grjót. Skarð það sem myndaðist þannig í bakkann, var nefnt Sandskarð. Upp það flæddi sjór í stórflóðum, unz Sjógarðurinn var hlaðinn. (Guðni Jónsson. 1958:402) Samkvæmt loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522) var Sandskarð um 35 m SV af Horni [29].

Lýsing: Í skarði þessu sást oft áður fyrri heiman frá Gamla-Hrauni og ofan frá Stóra-Hrauni [182310-143] daufur, bláleitur logi eða líkt því sem logaði á blárauðri týru í miðju skarðinu. Þetta sást mjög oft, og voru margir sjónarvottar að því. En aldrei tókst að komast fyrir það, hvernig á týru þessari stóð, því að það var segin saga, að hún hvarf ávallt sjónum manna, ef nær var komið. ... Týran í Sandskarði hefur nú eigi sézt í mörg ár.“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur I:120-1) Þar sem Sandskarð er merkt inn á loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522) þar sem örnefni í Hraunshverfi eru skráð, hefur myndast skarð í sjóvarnargarðinn um 5 m breitt. Grjót úr garðinum liggur um 50 m út á tún Gamla Hrauns vestri

GPS: A395713 N373721

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar

Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

165861-145-29

Sérheiti: Ólafsvellir/Horn

Hlutverk: býli

Tegund: tóft

Staðhættir: Bærinn stóð um 50 m vestur frá Gamla-Hrauni Vesturbæ og um 15 m SA frá Garðsstöðum [11].

Lýsing: „Ólafsvellir voru byggðir af Ólafi Árnasyni frá Þórðarkoti, áður bónda í Borg, árið 1898 og hétu í upphafi Ólafsvöllur. Mun nafnið hafa breyzt, er bæirnir urðu tveir, en þar var lengi tvíbýli. Manna á milli voru þessir bæir þessir ævinlega nefndir í Horni, því þeir stóðu í vesturhorni túnsins á Gamla-Hrauni.“ (Guðni Jónsson. 1958: 124) „Nágrönnunum þótti bærinn tæpast verðskulda svo virðulegt nafn, svo þeir kölluðu hann bara í Horni og húsbóndann Óla í Horni.“ (Aðalsteinn Ingólfsson. 1998:17) „Hinn bærinn í Horni sem nær stóð sjó, var byggður árið 1909.“ (Guðni Jónsson. 1958: 124). Samkvæmt Guðna Jónssynir voru [um 1958] tóftarbrot af tveim samföstum bæjum í vesturhorni túngarðs [16] við Löngudæl. (Guðni Jónsson. 1958: 138). Í Horni bjó síðasti þurrabúðarmaðurinn í Hraunshverfinu til ársins 1946 (Guðni Jónsson. 1958:124). Hleðslur úr bænum Horni standa enn, eru þær mosi vaxnar með streng á milli. Hleðsluhæð er um 1,5 m. Greinilegt hólfi er vestan til í rústinni, en samkvæmt heimildamanni var það hlaða. Í NA-horni er veggurinn nokkuð þykkari, en samkvæmt heimildamanni var þar hlóðaeldhús. Innst í eystara hólfinu er gólfið 0,5 m dýpra en annars staðar. Mikill gróður er í því hólfi. Garður [46] liggur út frá NV-horni bæjarins.

GPS: A395826 N373584

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn

Heimildir:

Aðalsteinn Ingólfsson. 1998. Sigurjón Ólafsson Ævi og list. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-30

Sérheiti: Ólafsvellir/Horn

Hlutverk: býli

Tegund: Heimild

Staðhættir: Um 20 m í suður frá Horni og 50 m í vestur frá Gamla-Hrauni voru Ólafsvellir samkvæmt heimildamönnum og loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522).



Lýsing: „Ólafsvellir voru byggðir ... árið 1898 og hétu í upphafi Ólafsvöllur. Mun nafnið hafa breytt, er bæirnir urðu tveir, en þar var lengi tvíþýli. Manna á milli voru þessir bæir þessir ævinlega nefndir í Horni, því þeir stóðu í vesturhorni túnsins á Gamla-Hrauni.“ (Guðni Jónsson. 1958: 124) Hinn bærinn í Horni sem nær stóð sjó, var byggður af Þorkel Guðmundsyni árið 1909. Bærinn fór í eyði eftir dauða hans árið 1934. (Guðni Jónsson. 1958: 124). Samkvæmt Guðna Jónssynir voru [um 1958] tóftarbrott af tveim samföstum bæjum í vesturhorni túngarðs [16] við Löngudæl (Guðni Jónsson.1958: 138). Stakir og steinar liggja óreglulega í grasinu milli Horns og fjöru. Gætu verið leifar af bænum eða vegna flóða frá nálægri fjöru.

GPS: A395795 N373565

Horfin: Já

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

165861-145-31

Hlutverk: fjós

Tegund: heimild

Staðhættir:

Lýsing: „Talið var einnig, að útburður hefðist við í fjósinu á Gamla-Hrauni og hefði stúlka nokkur frá Stéttum [182312-147] komið honum þangað. Hafði oft heyrzt vællinn í honum, en loks útrýmdi Ari Símonarson honum með því að berja innan hlöðubásinn með sleggju bölvandi.“ (Guðni Jónsson. 1958:404)þ

Horfið: Já

Heimildamaður:

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík

165861-145-32

Sérheiti: Gamla-Hraunslending

Hlutverk: Lending

Tegund: heimild

Staðhættir: Fyrir vestan Bóndaréttarklöpp er Lendingarlón, nokkuð stórt um sig, en vestan við það er Umflotaklöpp eða Lendingarklöpp, eins og hún var stundum nefnd, nokkuð stór og há og umflotin. Hér var Gamla-Hraunslending upp frá Lengingarlóni (Guðni Jónsson.1958: 150).

Lýsing: Engar minjar sjást um lendinguna en GPS hnit var tekið í fjörunni þar sem lendingin átti að hafa verið samkvæmt Loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522).

GPS: A395878 N373422

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka

165861-145-33

Hlutverk: Smiðja

Tegund: heimild

Staðhættir: „Aðeins suðvestur af Gamla-Hrauni var líka tómhúsið Folald, þar bjó Jón í Folaldinu, einkennilegur maður og frábær að afi (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:7).

Lýsing: „Í þann mund, er Vonda-Dísa bjó á Stokkseyri [1687-1728], bjó maður sá í þurrabúð á Gamla-Hrauni, er Jón hét og kallaður var Jón í Folaldinu, því að svo nefndist kofi hans, er stóð fyrir framan ferðamannagöturnar [43], sem eru nú í miðjum kálgörðunum. Þar hafði Símon Þorkelsson löngu síðar hesthús [42] og Guðmundur Þorkelsson byggði þar lambhús [40] við, en allt er það nú jafnað við jörðu. Jón „... var járnsmiður mikill og góður, og til marks um það er sagt, að hann hafi tekið upp á því að slá peninga. Þóttust búðarmenn á Eyrarbakka verða þess varir, að eitthvað af fölsuðum peningum kæmist í umferð, og féll brátt grunur á Jón, bæði vegna smíðaþróttar hans og svo hins, að hann þótti brellinn nokkuð og beggja handa járn, ef í það fór. Það kom, að kaupmaðurinn á Eyrarbakka einsetti sér að reyna komast fyrir, hvað hæft væri í orðrómi þessum. Einn góðan veðurdag brá hann sér því austur að Gamla-Hrauni ríðandi og hafði tvo til reiðar. En af ásettu ráði stillti hann svo til, að skeifa var laus undir örðum hestinum og gjökti hún til og frá. Kemur kaupmaður til Jóns í Folaldinu og biður hann blessaðan að gera sér þann greiða að festa skeifuna undir hesti sínum. Jón varð fúslega við því og tekur að járna hestinn. Á meðan fer kaupmaðurinn í smiðju, litast um og leitar sem hann má í flýti og finnur þar peningamót“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur III. 1942:31-2) Kaupmaður sakar Jón um hvað hann ætli að gera með mótin. Jón tekur hins vegar mótin aftur með valdi og kaupmaður heldur aftur til heim. Málið féll niður, enda Jón sagður hafa hætt þessari iðju sinni eftir þetta og ekki viljað eiga neitt á hættu með það. (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur III. 1942:32) Engar minjar fundust um smiðjuna á vettvangskonun á þessu svæði.

Horfin: Já

Heimildir:

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

165861-145-34

Hlutverk: Uppspretta

Tegund: heimild

Staðhættir: Í Hraunsfjöru á Eyrarbakka, í mörkum milli Gamla-Hrauns og Litla-Hrauns, eru klettur ofarlega í fjörunni, sem Gálgaklettur [165868-144-8] nefnast. Vestan undir þeim kemur fram mikil uppspretta, sem aldrei þrýtur, hvorki sumar né vetur (Guðni Jónsson. 1958: 402).

Lýsing: Vatnið í henni er með afbrigðum gott, svalt og tært, og svo sagði Jóhann beri, sem víða hafði farið og kom oft að Gamla-Hrauni á flakki sínu og var þar um tíma hjá foreldrum mínum, að hann hefði hvergi bragðað jafngott vatn og þar (Guðni Jónsson. 1958: 402). Engar minjar fundust um uppsprettuna og af öllum líkindum hefur hún farið út í sjó. GPS hnit var tekið í fjörunni við Gálgakletta.

GPS: A395532 N373947

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-35

Hlutverk: Fjós

Tegund: heimild

Staðhættir:

Lýsing: Í Djáknaannálum kemur fram að 17. febrúar 1779 „... kom svo mikið flóð á Eyrarbakka að Stóra-Hraun varð umflotið og báti ekki fritt á túninu, en í kálgarði [36] fyrir ofan fjósið og bæinn fannst af flóðinu eftir orðin keila.“ (Annálar 1400-1800. 1987:216) „Eigi getur flæðisögn þessi átt við Stóra-Hraun, en fer að öllu vel við Gamla-Hraun, og mun nafnið hafa ruglazt vegna ókunnleika“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:39).

Horfin: Já

Heimildir:

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posterium sæculorum.1987. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

165861-145-36

Hlutverk: túngarður

Tegund: heimild

Staðhættir:

Lýsing: Árið „1779, á öskudaginn gerði flóð svo mikið á Eyrarbakka, að umflotið var Stóra-Hraun, og bátum ekki fritt á túninu, en í kálgarði, sem lá fyrir ofan fjósið [35] og bæinn, lá keila, er eftir hafði orðið af því flóði. Spilltust margar jarðir. Eigi getur flæðisögn þessi átt við Stóra-Hraun, en fer að öllu vel við Gamla-Hraun, og mun nafnið hafa ruglazt vegna ókunnleika.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:39).

Horfin: Já

Heimildir:

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

165861-145-37

Hlutverk: skemma

Tegund: heimild

Staðhættir: „Skemma Guðmundar [Þorkelssonar] stóð vestast í byrjarröndinni.“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942: 98).

Lýsing: Engar minjar fundust um skemmuna á yfirborði.

Horfin: Já

Heimildir

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1-3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

165861-145-38

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðhættir: „... Horni [29,30] og stóðu hlið við hlið í vestur túnjaðrinum á Gamla-Hrauni. ... Það bar við einu sinni um háttatíma að vorlagi á síðustu árum Sigurðar í Horni, að hinum var gengið vestur fyrir bæ Þorkels. Sér hann þá einhverja flyksu koma utan bakkana, og bar allhratt yfir. Sá hann undir eins, að það var hvorki venjulegur maður né heldur nein skepna, sem hann þekkti, og datt honum undir eins í hug, að þarna mundi Móri vera á ferð. Veik Sigurður þá heim að bæjardyrnum og ætlaði að bíða þar og vita, hvort hann yrði nokkurs vísari. Varla hafði Sigurður numið staðar í bæjarstéttinni, er hann sér, að piltungur nokkur stendur á brunnhúsinu nokkra faðma frá honum.“ (Guðni Jónsson, 1958:427).



Lýsing: „Daginn erfir kom kona úr Hraunshverfinu af ætt þeirri sem Móri fylgdi, að Horni. Var hún að koma utan af Bakka og fór nákvæmlega sömu leið, sem Móri hafði farið kvöldið áður. Meira segja gekk út að brunnhúsinu og leit niður í brunninn, sem var þó ekki vani hennar (Guðni Jónsson, 1958:428). Brunnur er

um 12 m NA frá Garðstöðum [11]. Brunnurinn er ófylltur og hleðslur sjást vel í honum. Dýpt hans er mæld 1,6 m.

GPS: A395831 N373640

Hættumat: Mikil hættu vegna ábúðar

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-39

Hlutverk: Sjóvarnargarðurur

Tegund: varnargarðurur

Staðhættir: „Mestar hafa umbætur orðið á jörðinni á þessari öld [20 öld], og ber þar fyrst að telja byggingu sjóvarnargarðs, sem framkvæmt var á fyrsta áratug aldarinnar. Áður en hann kom, lá jörðin undir sífelldri hættu af ágangi sjávarflóða, sem báru grjót, möl, sand og rusl og fjöru yfir tún og engjar.“ (Guðni Jónsson. 1958: 40-3). Árið „1925, 21. jan. kom meira flóð og verður af suð-suðaustan átt en elztu menn mundu. Braut þá mjög sjógarð, þann helzt, er nýlega byggður, og að miklu leyti frá Stokkseyrir út að Hraunsá. ... Nokkuð skolaðist líka ýr bakkabrotunum sem þá voru enn fyrir neðan sjógarðinn frá Gamla-Hrauni vestur á móts við kirkjugarðinn.“ (Vigfús Guðmundsson. 1960: 47).

Lýsing: Sjóvarnargarðururinn í landi Gamla Hrauns er um 1 m hár og er hann grasigróinn. GPS hnit var tekið við sjóvarnargarðinn um 30 m frá íbúðarhúsi Gamla- Hrauns vestra.

GPS: A395875 N373420

165861-145-40

Hlutverk: Lambhús

Tegund: heimild

Staðhættir: Aðeins suðvestur af Gamla-Hrauni var líka tómhúsið Folald, þar bjó Jón í Folaldinu, einkennilegur maður og frábær að afi (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:7).

Lýsing: „Í þann mund, er Vonda-Dísa bjó á Stokkseyri [1687-1728], bjó maður sá í þurrabúð á Gamla-Hrauni, er Jón hét og kallaður var Jón í Folaldinu, því að svo nefndist kofi hans, er stóð fyrir framan ferðamannagöturnar [43], sem eru nú í miðjum kálgörðunum. Þar hafði Símon Þorkelsson löngu síðar hesthús og Guðmundur Þorkelsson byggði þar lambhús við, en allt er það nú jafnað við jörðu.

Horfið: Já

165861-145-41

Hlutverk: Kálgarðar

Tegund: heimild

Staðhættir: „Upp frá Bökkunum eru sléttar vallendisflatir. Eftir þeim lá forðum daga þjóðvegur flestra uppsýslunga og allra autanmann til verzlunarstaðarins á Eyrarbakka, og voru þar lengi eftir götuslóðar og troðningar miklir, er nefndust Ferðamannagötur [43]. Þær eru að mestu upp grónar eða komnar í kálgarða.“(Guðni Jónsson. 1958:136).

Lýsing: „Aðeins suðvestur af Gamla-Hrauni var líka tómthúsið Folald, þar bjó Jón í Folaldinu, einkennilegur maður og frábær að afi.(Guðmundur Þórarinsson. 1997:7) „Í þann mund, er Vonda-Dísa bjó á Stokkseyri [1687-1728], bjó maður sá í þurrabúð á Gamla-Hrauni, er Jón hét og kallaður var Jón í Folaldinu, því að svo nefndist kofi hans, er stóð fyrir framan Ferðamannagöturnar [43], sem eru nú í miðjum kálgörðunum. Þar hafði Símon Þorkelsson löngu síðar hesthús og Guðmundur Þorkelsson byggði þar lambhús við, en allt er það nú jafnað við jörðu. Engar minjar um kálgarða var að finna á þessu svæði hefur allt túnið verið sléttað.

Horfið: Já

165861-145-42

Hlutverk: hesthús

Tegund: heimild

Staðhættir: „Aðeins suðvestur af Gamla-Hrauni var líka tómthúsið Folald, þar bjó Jón í Folaldinu, einkennilegur maður og frábær að afi (Guðmundur Þórarinsson. 1997:7).

Lýsing: „Í þann mund, er Vonda-Dísa bjó á Stokkseyri [1687-1728], bjó maður sá í þurrabúð á Gamla-Hrauni, er Jón hét og kallaður var Jón í Folaldinu, því að svo nefndist kofi hans, er stóð fyrir framan ferðamannagöturnar [43], sem eru nú í miðjum kálgörðunum. Þar hafði Símon Þorkelsson löngu síðar hesthús og Guðmundur Þorkelsson byggði þar lambhús við, en allt er það nú jafnað við jörðu. Engar minjar um kálgarða var að finna á þessu svæði enda hefur allt túnið verið sléttað.

Horfið: Já

165861-145-43

Sérheiti: Ferðamannagötur

Hlutverk: leið

Tegund: heimild

Staðhættir: „Upp frá Bökkunum eru sléttar vallendisflatir. Eftir þeim lá forðum daga þjóðvegur flestra uppsýslunga og allra autanmann til verzlunarstaðarins á Eyrarbakka, og voru þar lengi eftir götuslóðar og troðningar miklir, er nefndust Ferðamannagötur. Þær eru að mestu upp grónar eða komnar í kálgarða.“ (Guðni Jónsson. 1958:136).

Lýsing: Samkvæmt ritinu Eyrarbakkahreppur örnefni voru Ferðamannagötur „ Aðeins norðan við bakkana [Borgarbakka, Hafliðakotsbakka, Stéttabakka, Gamla-Hraunsbakka og Salthólsbakka]“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:6). Engin merki

um leið var að finna á þessu svæði því má það rekja til að túnið hefur verið sléttað á þessu svæði.

Horfið: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-44

Sérheiti: Gamla-Hraunsvegur

Hlutverk: leið

Tegund: leið

Staðhættir: „Af Stokkseyrarvegi [165857-150-3] niður að Gamla-Hrauni liggur Gamla-Hraunsvegur.“ (Guðni Jónsson. 1958:140).

Lýsing: Ætla má að Gamla-Hraunsvegur liggur eins og í dag þá er vegurinn um 990 m langur frá Stokkseyrarvegi heim að Gamla Hrauni.

GPS: A396341 N373994

Hættumat: Engin hættu

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

165861-145-45

Hlutverk: fjós

Tegund: heimild

Staðhættir:

Lýsing: „Túni og engjum grandar sjógangur með grjóti og sandi til stórskaða með miklum, landbrotum, so að fyrir 50 árum þessi jörð færð úr sínum stað þangað sem nú stendur hún undan sjóargangi, og gengur sjórinn í kríngum bæinn upp að fjósum, so þangað verður ei komist, þó menn vildu ríða, meðan þessi sjógangur varir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, og verður hirðir jafnan að gæta fjár, ella er von stórskaða.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:69-70)

Horfið: Já

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

165861-145-46

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Túngarður er á milli íbúðarhúss Gamla Hrauns austurbæ og íbúðarhúss Gamla Hrauns vesturbæ.

Lýsing: Túngarðurinn liggur 45 m AV og tekur síðan sveig til suðurs um 3 m. Garðurinn er um 1 m á hæð og um 0,7 m breiður. Hleðslurnar standa og eru mest um 3 umför og eru þær mosavaxnar. Ofan á garðinum er grasigróið.

GPS: A395950 N373385

Hættumat: Lítil hætta

165861-145-47

Hlutverk: Traðir

Tegund: leið

Staðhættir: Traðir eru um 10 m suður frá Gamla Hrauni vesturbæ.

Lýsing: Traðir liggja að þar sem býlið Folald [14] á að hafa staðið. Traðirnar liggja um 45 m NS og glittir í steina hér og þar.

GPS: A395917 N373389

Hættumat: Lítil hætta

165861-145-48

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Garður liggur frá NV-horni Horns [29] og endar um 4 m frá útihúsi [52] við Garðsstaði [11].

Lýsing: Garðurinn liggur 38 m í AV . Hann er um 1 m á hæð og 1 m á breidd. Hleðslur standa grónar.

GPS: A395809 N373616

Hættumat: Lítil hætta

165861-145-49

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Garður liggur um 15 m frá SV-horni bæjarins Horns[29] samsíða og suður af öðrum garði [48], eru um 27 m á milli þeirra.

Lýsing: Garðurinn liggur 50 m AV. Í austurenda garðsins kemur 13 m bil. Þar í liggur grjót á víð og dreif og gæti gefið til kynna hrunda hleðslu. Garðurinn heldur áfram eftir bilið í um 26 m. Hleðslur eru grónar en grjót greinanlegt. Hleðsluhæð er mest 1 m.

GPS: A395794 N373585

Hættumat: Lítil hætta

165861-145-50

Hlutverk: Kálgarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Samkvæmt heimildarmanni var kálgarður austur af bænum Horni [29].

Lýsing: Ekkert garðlag afmarkar meintan kálgarð, en gróður er öðruvísi og mynda reit. Nú er þar rabbabarabeð.

GPS: A395817 N373569

Hættumat: Lítil hætta

165861-145-51

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðhættir: Samkvæmt heimildamanni var brunnur í miðjum kálgarðinum [50].

Lýsing: Engin merki fundust um brunninn.

GPS: A395817 N373569

Horfin: Já

Heimildamaður: Margrét Friðriksdóttir



165861-145-52

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir: Minjarnar eru um 6 m suður frá Garðsstöðum [11] og um 3 m norður af garðsenda garðsins [48] í Horni.

Lýsing: Tóftin er grasi gróinn og engar hleðslur sjást en grunnt er niðrá þær. Tóftin er líklegast útihús frá Garðstöðum [11] og er hún um 1,5 m á hæð og 0,5 á dýpt. Utanmál tóftarinnar er 5 m á lengd og 4 m á breidd. Innanmál hennar 3 m á breidd og 4 m á lengd og er veggjaþykkt því 1m. Minjarnar snúa í AV og dyr eru í austur.

GPS: A395809 N373625

Hættumat: Lítil hætta

165861-145-53

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir: Minjarnar eru um 30 m vestur frá Garðsstöðum [11] og um 130 m vestur frá íbúðarhúsi Gamla Hrauns vesturbæ.

Lýsing: Samkvæmt heimildarmönnum var þessi tóft hlaða frá Garðsstöðum. Tóftin er ferhyrnt og eru veggir hennar um 0,9 m háir en tóftin er niðurgráfin um 1 m. Tóftin stendur og eru hleðslu steinar mest 8 umför hlaðnir með streng á milli. Hleðslusteinar eru grónir mosa. Tóftin er um 5 m AV og 5 m NS.



GPS: A395790 N373686

Hættumat: Vegna ábúðar.

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn.

Stóra Hraun

Saga Stóra Hrauns

„Austasta jörð í Eyrarbakahreppi er Hraun, sem er landnámsjörð og elsta jörðin í hreppnum ...“³² „Fram af Hraunshverfi myndast dálítið nes, sem náð hefur fyrr á tímum talsvert lengra í sjó fram en nú. Nes þetta var nefnt Framnes. Þar var á landnámsöld reistur fyrsti bærinn í hverfinu ...“³³ Í Landnámu segir: “Hallsteinn hét maður, er fór úr Sogni til Íslands, mágur Hásteins. Honum gaf hann inn ytra hlut Eyrarbakka. Hann bjó á Framnesi. Hans sonur var Þorsteinn, faðir Arngríms, er veginn var að fauskagrefti. Hans sonur Þorbjörn á Framnesi, er þar bjó lengi síðan.“ (Íslendinga sögur I, 220). Ytri hlutur Eyrarbakka er sá hluti hans er liggur vestan landamerkja Stokkseyrar og verður og að ætla, að Framnes hafi verið í byggð á fyrri hluta 12. aldar.³⁴ „En er Landnámu sleppir, kemur Framnes ekki frammar við sögu með því nafni. Enn í dag minna þó nokkur örnefni á hina fornu landnámsjörð. Það eru örnefni Framnesboði og Framneshóll, er vera munu bæði forn. Þurrabúið ein, sem byggð var á 19. öld, bar nafn hinnar gömlu jarðar.“³⁵ „Er sagt að bærinn Framnes hafi staðið þar, sem nú eru fjöruklettur útundan boðanum. Og án efa hafa eyðilagt af sjógangi. Hefir byggðin þá verið flutt spölkorn frá sjó, og bærinn fengið nýtt nafn, þar eð hann stóð nú eigi lengur fram á neinu nesi, heldur upp á flötu, grónu hrauni. Því hefir hann nú verið nefndur Hraun.“³⁶ „Nafnið er dregið af því, að hraunið mikla, sem undir liggur, stendur sum staðar upp úr jarðveginum. Hið nýja nafn kemur fyrst fyrir í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270 eða litlu síðar.“³⁷ „Item suarinn vitnisburður vm reka mork millum stokseyrar og hrauns. Selalöns klett og Hrauns mork. og sionhending vr Selaklettum vppi arnarhöf. og Grænhöl.“³⁸ „Með tilliti til þess, sem áður er sagt um Framnes, er því líklegt, að flutingur bæjarins og nafnbreyting jarðarinnar hafi gerzt nálægt aldamótum 1200, varla miklu fyrr eða miklu síðar. Um Hraun er sjaldan getið á miðöldum. Nefna má aðeins, að árið 1498 er þar gert bréf um úttekt og afhendingu staðarins í Hrepphólum.“³⁹ Í ritinu Saga Eyrarbakka telur Vigfús Guðmundsson að nafnið Hraun komi fyrst fram í fornbréfasafninu 1498 vegna þess að rekaskrá Skálholtsstaðar undir ártalinu 1270 getur verið miklu yngri viðbót við rekaskrána, sem mun þó vera gömul í eldri mynd sinni.⁴⁰ Í vitnisburðarbréfi Odds Grímssonar á Hrauni um landamerki Stokkseyrar og Hrauns um 1560 segir: „Eg same Oddur Grijmsson hefe og bued.

³² Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 5.

³³ Guðni Jónsson. 1958, bls. 9.

³⁴ Guðni Jónsson. 1958, bls. 9.

³⁵ Guðni Jónsson. 1958, bls. 10.

³⁶ Brynjúlfur Jónsson. 1905, bls. 11.

³⁷ Guðni Jónsson. 1958, bls. 10.

³⁸ *Diplomatarium Islandicum*. II. 1893, bls. 75.

³⁹ Guðni Jónsson. 1952, bls. 10.

⁴⁰ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls 54.

5. ár á Skumstöðum i Stockseyrarhrepp og svo 16. ár á. Hraune. Þá vissa eg ei önnur landamerke vera og verid hafa i millum Stockseyrar og Hrauns. helldur e þ ad sa gardur ætte ad ræda sem geingur af siðarböckunum og upp ad myrinne i millum Stockseyrarsels og Hrauns. og so sionhending á Breidamyre.“⁴¹

Ekki er vitað hvenær Hraun komst í eigu kirkjunnar, en líklegast hefur það verið í kaþólskum sið, líklega 14. eða 15. öld.⁴²

Hinn 2. janúar 1653 varð eitt hinna miklu sjávarflóða mest austan með Eyrarbakka og víða annarsstaðar. Í Seiluannál⁴³, Fitjaannál⁴⁴ og Sjávarborgarannál er flóðinu lýst í samtímaheimildum. Í Sjávarborgarannál er atburðinum á Hrauni lýst hvað nákvæmast: „Á Hrauni og Háeyri á Eyrarbakka varð mestur skaði. Þar tók alla skemmuna burt með öll því í henni var og bar upp í tjarnir. Nokkuð fannst aftur af því. Nokkrar kýr drápust í fjósinu á Hrauni, einn hestur í hesthúsi og nokkrar kýr hjá húsunum. Sjórinn féll inn allan bæinn. Sumir menn héldu sér uppi á húsbitunum, en sumir af stóðu flóðið uppi á húsabekjum. Ekkjan Katrín [Þormóðsdóttir] missti í því stórflóði 80 hundraða.“⁴⁵ Í flóðinu urðu svo miklar skemmdir á Hrauni, að þar þótti ekki byggilegt aftur á sama stað. Í nóvember 1655 fékk Benedikt Þorleifsson Skálholtsmaður byggingu fyrir Hrauni og fluttist þar vorið eftir. Mun það hafa verið hans fyrsta verk að byggja upp bæinn að nýju á öruggari stað. Því var árið 1656 var síðari ábúandinn á Hrauni.⁴⁶ „Hraun var nú flutt norður fyrir flóðin, alllangan spöl frá sjó og á hærri stað. Þar stóð bærinn síðan hátt á þriðju öld, tiltörulega óhultur fyrir sjávarflóðum. Nokkrum átatugum eftir flutninginn var bær reistur á ný á gamla bæjarstæðinu, og nefndist hann Gamla-Hraun [165861-145] Ein af hjáleigum í hverfinu hét Litla-Hraun [165868-144]. Til aðgreiningar frá þessum bæjum var nú farið að kalla heimjörðina Stóra-Hraun.“⁴⁷ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 er Stóra-Hrauni lýst eftir farandi: „Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af. Jarðareyrir hefur hjer verið, sem áður segir á öðrum stólsjörðum. Eigandi biskupsstólinn Skálholt. Ábúandinn á hálfri jörðinni ekkjan Helga Benediksdóttir. En á hálfri ekkjan Guðný Þórðardóttir. Landskuld i C nútíu álnir af allri jörðinni, betalats í landaurum heima á jörðinni eftir proportion. Leigukúgildi vi, iii hjá hverjum. Leigur gjaldast í smjöri á Eyrabakka eftir proportion. Kvaðir mannslán um vertíð í Þorlákshöfn, hestlán og dagsláttur, leysist með xv álnum, ef ei geldst in natura. Þetta eftir proportion. ... Afrjett ut supra. Torfrista og stúnga næg. Elt er taði og þangi. Selveiðivon er hjer lítil, hefur ei hepnast í nokkur umliðin ár. Rekavon nokkur, og hefur leiguliði af viði það

⁴¹ *Diplomatarium Islandicum*. XIII. 1933-1939, bls. 562.

⁴² Guðni Jónsson. 1958, bls. 12.

⁴³ *Annálar 1400-1800*. 1922-1927, bls. 303.

⁴⁴ *Annálar 1400-1800*. 1922-1927, bls. 170.

⁴⁵ *Annálar 1400-1800*. 1922-1927, bls. 292.

⁴⁶ Guðni Jónsson. 1952, bls. 11.

⁴⁷ Guðni Jónsson. 1952, bls. 12.

eina, sem ráðsmaður stólsins til leggur til húsbótar, og hafa þó leiguliðar að nokkru leyti keypt danskan við til húsanna, þá hann hefur ekki til hrokkið. Sölvafjara næg fyrir heimamenn, og stundum hefur ábúandi selt söl sjer til gagnsmuna, so sem vera kan i C lx álnir, stundum minna. Fjörugrös lítil og þykir mönnum þau lítt nýtandi nema í húngurstíð og brúkast því sjaldan. Ætjþöngla, kjarna og kellíngaeyru má finna í fjörinni, brúkast ei nema í húngri. Skógarhögg hefur jörðin frí sem aðrar stólsjarðir. Túni og engjum grandar sjógangur með grjóti og sandi til stórskaða með miklum, landbrotum, so að fyrir 50 árum þessi jörð færð úr sínum stað þángað sem nú stendur hún undan sjóargangi, og gengur sjórinn í kríngum bæinn upp að fjósum, so þángað verður ei komist, þó menn vildur ríða, meðan þessi sjógangur varir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, og verður hirðir jafnan að gæta fjár, ella er von stórskaða. Vatnsból spillist af sjóarstórflæðum, sem bera stand og seltu í brunna, og er þá mjög erfitt og langt til að sækja.⁴⁸ Í Hraunshverfinu voru hjáleigurnar með þá sérstæðu að þær voru spölkorn frá heimabýlinu og öll fyrir ofan Bakkan sjálfan.⁴⁹ Hjáleignanna er fyrst getið í Manntalinu 1703, þar eru hjáleigur Stóra-Hrauns sex talsins. Hjáleigurnar eru ónafngreindar, en getið eru um staðsetningu þeirra en þá bjuggu í Stóra-Hrauni 17 manns.⁵⁰ Samkvæmt Jarðbókinni eru hjáleigur Stóra-Hrauns átta talsins. Fimm hjáleigur voru í byggð; Elliðakot [165857-149], Stéttarendi [182312-147], Söðlakot [182311-146], Salthóll [10], Litla-Hraun [165868-144] og fjórar í eyði Gamla-Hraun [165861-145], Borg [165857-150] og Pálskot [13], ásamt tómtúsinu Foki.[182313]⁵¹ „Kostir og ókostir, sem segir um heimajörðina, á öllum þessum hjáleigum, nema hjáleigumennirnir mega ei brúka sölvafjöruna með öðrum skilmála, en þeir standi skil ábúanda á öllum helmingi sölvanna, og geldur bóndinn þeim ekkert fyrir sitt ómak, hefur þó um nokkur næstliðin ár nokkur linkind verið sýnd (af heimabóndanum) hjáleigumönnum. Um viður til húsbótar á þessum hjáleigum er eftir góðir forlíkun og samkomulagi við heimabóndann, hvort hann tileggur mikið eða lítið.“⁵² Samkvæmt Jarðabókinni 1708 var talið að bærinn hafi verið fluttur fyrir 50 árum, En Guðni Jónsson telur að bæjarflutningurinn hafi átt sér stað árið 1656. Hann tekur mið af því að árið 1657 gefur biskup Benedikti eftir allt afgjald af jörðinni yfir það fardagaár. Eftirgjöldi hljóta að hafa verið vegna kostnaðar Benedikst við að flytja bæinn.⁵³ Jarðabókin hefur því verið nokkuð nákvæm því aðeins munar um tvö ár. Árið 1762 voru hjáleigur Stóra-Hraun tíu talsins með 64 íbúum.⁵⁴

⁴⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 68-70.

⁴⁹ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 159.

⁵⁰ *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 596.

⁵¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 70-72.

⁵² Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 72.

⁵³ Guðni Jónsson. 1952, bls. 12.

⁵⁴ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 159-160.

Á uppboði Skálholts jarða þanni 9. ágúst 1788 var Hraun seld með öllum hjáleigum og 6 kúgildum. Mannmargt hefur verið í Stóra-Hrauni árið 1801 voru ábúendur Stóra-Hrauns tíu manns,⁵⁵ 11 manns bjuggu þar árið 1816⁵⁶ og 15 þar árið 1845.⁵⁷ Samkvæmt Manntali á Íslandi 1910 er skráð eitt timburhús á Stóra-Hrauni, en þar bjuggu 14 manns.⁵⁸

Árið 1686 þá var dýrleiki Hrauns 35 hundruð og kúgildi sex.⁵⁹ Samkvæmt Jarðatali á Íslandi árið 1847 var dýrleiki Stóra-Hrauns 48 ^{2/3} landskuld var 1,90 og kúgildi sex.⁶⁰ „Stóra-Hraun var prestssetur frá 1893-1937 ... [j]örðin hætti að vera sérstök bújörð eftir að ríkissjóður keypti hana 1927 og lagi undir Litla-Hraun. (Vinnuhælið).“⁶¹

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Stóra-Hrauns voru 24 talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru tíu. Tvö bæjarhús voru í Stóra-Hrauni, skemmdist annað þeirra mjög mikið. Níu Peningahús tilheyrðu Stóra-Hrauni og skemmdist eitt mikið en átta lítið.⁶²

Á túnakort sem líklega er teiknað um 1920 er skráður bær, tvö útihús (annað fjárhús) og tveir matjurtagarður sem voru samtals 6529 m². Heimatún 5,6 ha þar af ^{2/3} sléttað, útgræðsla 10,5 ha öll slétt. Heimatún og útgræðsla var öll girt í sambani við útengi.⁶³ Samkvæmt Fasteignabók frá árinu 1932, var túnastærð Stóra-Hrauns eitt og tvö ekki vitað en matjurtagarðar voru samtals 4400m² að stærð.⁶⁴

Fornleifaskráning Stóra Hrauns

182310-143-1

Sérheiti: Stóra-Hraun

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund: bæjarhóll

⁵⁵ *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978, bls. 213.

⁵⁶ *Manntal á Íslandi 1816.* 1947-74, bls. 300.

⁵⁷ *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982, bls. 218-9.

⁵⁸ *Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* 1997, bls. 148-9

⁵⁹ Björn Lárusson. 1967, bls 104.

⁶⁰ Johnsen, J. 1847, bls. 59.

⁶¹ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn.* 1981, bls. 281.

⁶² Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905, bls. 184-5

⁶³ *Túnakort [1920] Stórahraun.*

⁶⁴ *Fasteignabók.* 1932, bls. 12.

Staðhættir: Bæjarhóll Stóra Hrauns er um 50 m vestur af fjósi [3] og um 15 austur af bæjarhólnum [8] þar sem Stóra Hraun stóð áður.

Lýsing: „Sr. Ólafur Helgason [prestur í Stóra-Hrauni 1893-1904] flutti Stóra-Hraunsbæinn á hól spölkorn austar en þar sem bærinn hafi staðið áður [8] (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:9).

Samkvæmt Manntali á Íslandi 1910 er skráð eitt timburhús á Stóra-Hrauni, en þar bjuggu 14 manns (Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997:148-9).

Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð eitt íbúðarhús á Stóra-Hrauni. (Túnakort [1920].) „Jörðin hætti að vera sérstök bújörð eftir að ríkissjóður keypti hana 1927 og lagi undir Litla-Hraun. (Vinnuhælið).“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:281). Um 1940 var Stóra-Hraun orðið eyðikot frá Fælu [165875-133-8]. (Vigfús Guðmundsson. 1945:210) Bæjarhóllinn er um 90 m NS og 45 m AV og er hann um 2 m hár. Á miðjum bæjarhólnum mótast fyrir ferhyrnum grunnur sem er um 10 m AV og 8 m NS. Á austurhlið grunnsins sést í hleðslugrjót. Norðan við grunninn er steyptr rými sem er um 2 m AV og 3 m NS. Rýmið er með steypu loki og er það alveg lokað fyrir utan tvö op sem eru ferhyrnd um 0,5 x 0,5 að stærð. Ofan í sést ýmiskonar rusl og hestabein. Bæjarhóllinn er mun blómlegri en umhverfið í kring.



GPS: A396211 N373809

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn.

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. Stórahraun.Eyrarbakkahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

182310-143-2

Hlutverk: útihús

Tegund:

Staðhættir: Útihús er í um 10 m norður frá Stóra Hrauni [1] og um 80 m vestur frá beinaverksmiðju.

Lýsing: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð eitt útihús. (Túnakort [1920].) Ef gert er ráð fyrir því að túnakortið snúi í AV passar það að þar eru leifar útihúss. Tóftin er grasi gróinn hóll. Tóftin er um 8 m AV og um 4 m NS. Hæð tóftarinnar er um 1 m.

GPS: A396241 N373833

Hættumat: Vegna ágangs hesta

Heimildir:

Túnakort [1920]. Stórahraun. Eyrarbakkahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

182310-143-3

Hlutverk: fjárhús

Tegund: rúst

Staðhættir: Minjarnar eru um 15 m SV frá rafmagnsskúr og um 50 m SV frá beinaverksmiðju.

Lýsing: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er ritað fénaðarhús. (Túnakort [1920].) „Upphlaðinn vegur milli bæjar og fjóss á Stóra-Hrauni.“



(Guðmundur Þórarinsson. 1997:61). „Og sjórinn féll þá alveg upp að Stóra-Hrauni, og það var vegur milli, íbúðarhússins [1] og fénaðarhúsanna, fyrir austan Stóra-Hraun, og sjórinn gekk þar alveg á milli, fjóss og íbúðarhúss ...“ (Sjávarflóð 22.1.1925:2).

Við fjósið var hlaða [72] og gekk sjór töluvert mikið í heyhlöðuna, um 50 cm að dýpt (Sjávarflóð 22.1.1925:2). Fjósið hefur verið steipt eftir á til styrkingar. Fjósið er um 1,7 m hátt og 4 m á lengd og 4 m á breidd. Við NV horn hússins kemur hlaðinn garður [87]. Hleðslur eru utan um steypuna á austur- og norðurhlið fjóssins.

GPS: A396276 N373780

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Túnakort [1920]. Stórahraun. Eyrarbakkahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

182310-143-4

Sérheiti: Moldarstétt

Hlutverk: leið

Tegund: leið

Staðhættir: „Upphlaðinn vegur milli bæjar og fjóss á Stóra-Hrauni.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:61)

Lýsing: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð leið.

(Túnakort [1920].) „Og sjórinn féll þá alveg upp að Stóra-Hrauni, og það var vegur milli íbúðarhússins [1] og fénaðarhúsanna [3], fyrir austan Stóra-Hraun...“ (Sjávarflóð 22.1.1925:2) Moldarstétt liggur um 80 m AV og er 4 m breiður og 1 m hár.

GPS: A396215 N373822

Hættumat: Lítil hætt

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggðir örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjöminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Túnakort [1920]. Stórahraun.Eyrarbyggðir, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.



182310-143-5

Hlutverk: varnargarðurur

Tegund: garðlag

Staðhættir: Byggður var sjóvarnargarðurur í Hraunslandi frá um 1905 til 1910, sem voru alls um 900 faðma alls. (Vigfús Guðmundsson. 1945:81)

Lýsing: Hnit var tekið fyrir aftan íbúðahús Gamla Hrauns vesturbæ, þar er sjóvarnargarðururinn um 2 m hár og hleðslur greinilegar.

GPS: A395875 N373420

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Túnakort [1920]. Stórahraun. Eyrarbyggðir, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.



Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

182310-143-6

Sérheiti: Framnes

Hlutverk: býli

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Fram af Hraunshverfi myndast dálítið nes, sem náð hefur fyrr á tímum talsvert lengra í sjó fram en nú. Nes þetta var nefnt Framnes. Þar var á landnámsöld reistur fyrsti bærinn í hverfinu ...“ (Guðni Jónsson. 1958:9.

Lýsing: Í Landnámu segir: “Hallsteinn hét maður, er fór úr Sogni til Íslands, mágur Hásteins. Honum gaf hann inn ytra hlut Eyrarbakka. Hann bjó á Framnesi. Hans sonur var Þorsteinn, faðir Arngríms, er veginn var að fauskagrefti. Hans sonur Þorbjörn á Framnesi, er þar bjó lengi síðan.” (Íslendinga sögur I, 220). Þegar Landnámu sleppir, kemur Framnes ekki framar við sögu með því nafn.

Árið 1904 ritar Brynjúlfur Jónsson „ ... að bærinn Framnes hafi staðið þar, sem nú eru fjöruklettur útundir boðanum.“ (Brynjúlfur Jónsson. 1905:11) „... Framnes, mun hafa verið um 200 metra neðan við sjógarðinn [5] fyrir austan Gamla-Hraun [165861-145-1].“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:281). „...Nafnið Framnes bendir ótvírætt í þá átt, að þar hafi landi skagað fram, annars hefði það ekki fengið þetta heiti, en hve langt það hefur verið veit enginn, en gömul munnmæli segja að bærinn hafi áður staðið þar sem nú er Framnesboði, en auðvitað er slíkt getgátur. Snemma mun nesið hafa eyðst af völdum sjávarágangs eða vart síðar en á 14. öld, en trúlega nokkru fyrr, eftir það mun aðalbýlið hafa verið flutt nokkru ofar [um 1200] og hefur það þá verið nefnt Hraun, þar sem nesið var horfið, en nú kennt við hraunið sem er fyrir ofan og norðan bæinn...“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:5).

Horfin: Já

Heimildir:

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ Árbók hins íslenska forleifafélags.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbyggðir örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunshverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Íslendinga sögur. 1946-1949. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasaganaútgáfan. Reykjavík

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

182310-143-7

Sérheiti: Hraun

Hlutverk: bæjarhóll, bústaður

Tegund: heimild

Staðhættir: Bærinn Framnes [6] á að hafi staðið þar, sem nú eru fjöruklettur útundan boðanum og eyðilaggt af sjógangi (Brynjúlfur Jónsson. 1905:10).

Lýsing: Byggðin hefur því verið flutt spölkorn frá sjó, og bærinn fengið nýtt nafn Hraun. (Brynjúlfur Jónsson. 1905:10). Nafnið er dregið af því, að hraunið mikla, sem undir liggur, stendur sum staðar upp úr jarðveginum. Hið nýja nafn kemur fyrst fyrir í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270 eða litlu síðar.“ (Guðni Jónsson. 1958:10). Líklegt, að flutningur bæjarins og nafnbreyting jarðarinnar hafi gest nálægt aldamótum 1200, varla miklu fyrr eða miklu síðar. Um Hraun er sjaldan getið á miðöldum. Nefna má aðeins, að árið 1498 er þar gert bréf um úttekt og afhendingu staðarins í Hrepphólum.(Guðni Jónsson. 1958:10). Í ritinu Saga Eyrabakka telur Vigfús Guðmundsson að nafnið Hraun komi fyrst fram í fornbréfasafninu 1498 vegna þess að rekaskrá Skálholtsstaðar undir ártalinu 1270 getur verið miklu yngri viðbót við rekaskrána, sem mun þó vera gömul í eldri mynd sinni. (Vigfús Guðmundsson. 1945:54). Hraun kemur einning fram í vitnisburðarbréfi Odds Grímssonar um landamerki Stokkseyrar og Hrauns um 1560. (Guðni Jónsson. 1952:342). Bæjarstæði sem kom í ljós eftir flóð á fjörusandinum fram undan vesturbæ Gamla-Hrauns [165861-145-1] á svipuðum slóðum og Pálskot er [13]. Eru því leiddar að því líkur að þetta sé bæjarstæðið sem fór í flóðinu 1653. Talið vera bæjarstæði Hrauns því ekki er vitað um annan bæ sem gæti komið til greina, virtust þar hafa verið fimm bæjarhús langsum með fjörunni. Gamla bæjarstæði Hrauns er talið vera á svipuðum slóðum og Gamlahraun [165861-145] er (Guðmundur Þórarinsson. 1997:53). Hinn 2. janúar 1653 varð eitt hinna miklu sjávarflóða mest austan með Eyrarbakka og víða annarsstaðar. Í flóðinu urðu svo miklar skemmdir á Hrauni, að þar þótti ekki byggilegt aftur á sama stað. Í nóvember 1655 fékk Benedikt Þorleifsson Skálholtsmaður byggingu fyrir Hrauni og fluttist þar vorið eftir. Mun það hafa verið hans fyrsta verk að byggja upp bæinn að nýju á öruggari stað. Því var árið 1656 var síðari ábúandinn á Hrauni, meðan bærinn stóð þar sem Gamla-Hraun er nú. (Guðni Jónsson. 1952:12) Engin merki um Hraun fundust á svæðinu en GPS hnit var tekið þar sem bærinn var merktur inn á loftmynd þar sem örnefni í Hraunshverfinu eru skráð inn á (Loftmynd LMÍ M 3522).

GPS: A396162 N373209

Horfin: Já

Heimildir:

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904.“ Árbók hins íslenska forleifafélags.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-8

Sérheiti: Hraun

Hlutverk: bæjarhóll, bústaður

Tegund:

Staðhættir: Um 20 m vestur af bæjarstæði Stóra Hrauns nr.1.

Lýsing: Hinn 2. janúar 1653 varð eitt hinna miklu sjávarflóða mest austan með Eyrarbakka og víða annarsstaðar. Í flóðinu urðu svo miklar skemmdir á Hrauni, að þar þótti ekki byggilegt aftur á sama stað [7]. (Guðni Jónsson.1958:12) „Hraun var nú flutt norður fyrir flóðin, alllangan spöl frá sjó og á hærri stað. Þar stóð bærinn síðan hátt á þriðju öld, tiltölulega óhultur fyrir sjávarflóðum. Nokkrum átatugum eftir flutninginn var bær reistur á ný á gamla bæjarstæðinu, og nefndist hann Gamla-Hraun [165861-145] Ein af hjáleigum í hverfinu hét Litla-Hraun [165868-144]. Til aðgreiningar frá þessum bæjum var nú farið að kalla heimjörðina Stóra-Hraun“(Guðni Jónsson. 1952:12). Bærinn stóð á þessum hól um og yfir aldarmótin 1900, þegar bærinn var fluttur á hól spölkorn vestar [1] (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:9). Bæjarhóllinn er um 4 m hár og er um 55 m A/V og um 43 m N/S. Engar hleðslur sjást í hólnum.

GPS: A396153 N373815

Hættumat: Lítil hættu

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-9

Hlutverk: álagablettur

Tegund: heimild

Staðhættir: Um 80 m norður af Stóra Hrauni [8] er álagablettur.

Lýsing:

„Á Stóra-Hrauni á Eyrarbakka er hóll einn í túninu fyrir norðan bæinn [8] og fjósið [12], en fyrir austan hólinn er aftur dæld nokkur í túninu. Sigurður stúdent Sigurðsson sem nú býr á Hrauni komst svo að þeirri jörð að kona sú sem Ingunn [Magnúsdóttir] heitir gaf honum hana með sér í próventugjöf [20. maí 1837] og hafði hún lengi verið þar áður en Sigurður flutti þangað. Þegar hann var þangað komin varaði Ingunn hann við að láta slá hólinn og dælina og sagði að einhver óhöpp myndu af því standa ef svo væri gjört. Sigurður fór að ráðum hennar í því og lagði bann fyrir hvorttveggja. Leið svo og beið að hvorugt var slegið í nokkur ár unz vinnumaður sá kom til Sigurðar [um 1844] sem Eiríkur hét; hann þraut einn morgun í og sló bæði hólinn og dældina áður en húsbóndi hans vissi af fyrr en allt var búið svo ekki dugði um að tala. En sama daginn brá svo við að flug undir sex ær hjá Sigurði og kenndu menn það því að hólinn og dældin hefðu verið slegin. Sumarið eftir ... þraut Eiríkur enn í að slá dælina, og flaug þá undir þrjár ær á Hrauni, og voru öll þessi óhöpp kennd því að brugðið var út af fyrimælum Ingunnar því þar er trú að einhver forn ummæli liggi á þessu þrennu á Hrauni, hólnum, dældinni og hellunni [63], og helzt í orði að hólinn og dældin væru slægjuland álfa. En við engu þessu hefur Sigurður látið hreyfa síðan.“ (Jón Árnason. 1954.:464) Sigurður átti jörðina til dauðadags 7. maí 1864. (Guðni Jónsson. 1958:13) „Í kringum blettinn í hólnum er líkt steinlag. Einu sinni var Gísli bóni Gíslason [1868-1893] á Hrauni að tala upp gjót og tók einn stein úr þessum hring. Skömmu síðar festi sig hryssa, sem hann átti, í holu upp í hrauni og fótbrotnaði. ... Talið var, að ófarir hryssunnar hefðu staðið í sambandi við það, að Gísli tók steininn úr hólnum (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942: 53).

GPS: A396164 N373925

Hættumat: Lítil hættu

Heimildir:

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson: Ábúendatal Árnassýslu frá 1703 til ca. 2000. Handrit í eigu höfunda.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 5. bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Jón Árnason. 1954. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. I. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

182310-143-10

Sérheiti: Salthóll (eldri)

Hlutverk: býli

Tegund: heimild

Staðhættir: Samkvæmt lofmynd (Loftmynd LMÍ M 3522.) og heimildarmönnum var Salthóll eldir komin undir ruslahauga Eyrabakka austan verðum.

Lýsing: Salthóll var í byggð 1703, en kemur fyrst fyrir í heimildum 1708 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín (Guðni Jónsson.1958:99) „Salthóll, fjórða hjáleiga. Dýrleikinn ut supra. Ábúandinn Torfi Magnússon. Landskuld xxx álnir í landaurum ut supra. Kvaðir ut supra“ (Árna Magnússon og Páll Vídalín.1921:71) Bærinn stóð upphaflega fram á sjávarbakkanum skammt fyrir vestan Gamla-Hraun [165861-145]. „Þar er nú ávalur, bungumyndaður hóll, sem bærinn stóð, og nefnist Gamli-Salthóll. Í öskudagsflóðinu 1779 var óbyggilegt á þessum stað, og bærinn þá fluttur og byggður upp aftur í túnrana spölkorn suðvestur af Stóra-Hrauni.“ (Guðni Jónsson.1958:99).

GPS: A395652 N373928

Horfin: Já

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143- 11

Sérheiti: Salthóll (yngri)

Hlutverk: býli

Tegund: Tóft

Staðhættir: Minjar eru um 100 m NV frá íbúðarhúsum Gamla Hrauns og um 50 m SV frá bæjarhól Stóra Hrauns [8]..

Lýsing: „Bærinn stóð upphaflega fram á sjávarbakkanum skammt fyrir vestan Gamla-Hraun [165861-145]. „Þar er nú ávalur, bungumyndaður hóll, sem bærinn stóð, og nefnist Gamli-Salthóll. Í öskudagsflóðinu 1779 var óbyggilegt á þessum stað, og bærinn þá fluttur og byggður upp aftur í túnrana spölkorn suðvestur af Stóra-Hrauni. Þar stóð hann í tvo áratugi, unz hann hrundu og lagðist með öllu í eyði í aldarmótaflóðinu 1799. Smáhóll er nú, þar sem bærinn var, og heitir Yngri-Salthóll. Hjáleiga þessi fylgdi heimajörðinni, unz hún var seld út henni með Gamla-Hrauni [165861-145] árið 1807. Rann Salthóllinn og landsnytjar þær, er honum fylgdu, þannig inn í Gamla-Hraunið og eru talar með þeirri jörð.“ (Guðni Jónsson.1958:99) Á því svæði sem Salthóll yngri er merktur inn á loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522) þar sem örnefni í Hraunshverfi eru skráð er hóll. Hóllinn er um 1 m hár og 11 m AV og 11 m NS. Hóllinn er grasi gróinn og engar hleðslur sjást.

GPS: A396014 N373823

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-12

Hlutverk: Fjós

Tegund: heimild

Staðhættir: „Á Stóra-Hrauni á Eyrarbakka er hóll einn í túninu fyrir norðan bæinn [8] og fjósið, en fyrir austan hólinn er aftur dæld nokkur í túninu. Sigurður stúdent Sigurðsson sem nú býr á Hrauni komst svo að þeirri jörð að kona sú sem Ingunn [Magnúsdóttir] heitir gaf honum hana með sér í próventugjöf [20. maí 1837] og hafði hún lengi verið þar áður en Sigurður flutti þangað.“ (Jón Árnason. 1954:464).

Lýsing: Um 1844 lét Sigurður taka fjósið á Hrauni. (Jón Árnason. 1954:464)

Hofin: Já

Heimildir:

Jón Árnason. 1954. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. I. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

182310-143-13

Sérheiti: Pálskot

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: „Skammt austur af Gamla-Hrauni [165861-145-1] í mörkum þess og Stóra-Hrauns, örskammt frá Sjógarðinum [5] , var býlið Pálskot ...“ (Guðni Jónsson.1958:138). Ekki er kunnugt um neinn af ábúendum Pálskots.“ (Guðni Jónsson. 1952:98).

Lýsing: „Pálskot var forðum ein af hjáleigum frá Hrauni. Það fór í eyði í sjávarflóðinu mikla 1653 og hefir aldrei verið byggt síðan.“ (Guðni Jónsson. 1952: 98.) Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðils 1708 er býlinu lýst á þessa leið: „Paalskot, áttunda hjáleiga, í auðn hjer um 60 ár, og sjást hjer nú ekki, byggíngarmerki utan rústir einar, og eyðilagði sjóargangur þetta kot til grunna með kvilfje öllu sem þar, en menn komust lífs af naumlega, og hefur síðan aldrei byggt og má aldrei aftur byggja fyrir sama sjógangi. Landskuld var xl álnir í landaurum. Kúgildi i, leigur ut supra [í smjöri]. Kvaðir ut supra [mannslán og dagsláttur í Þorlákshöfn]. Fóðrast kunni tveggja kúa þungi. Túnið, sem kotið hafði, er nú komið í grjót og sand og því öngvum gagnvænt.“ (Árni Magnússon og

Páll Vídalín. 1921:72.). „[Þ]ess sér nú engin merki, því þar eru nú stórir kálgarðar [69], en örnefnið hefur lifað þó nú sé það að fyrnast.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:7) Engin merki um Pálskot fundust á svæðinu en GPS hnit var tekið þar sem kotið var merkt inn á loftmynd þar sem örnefni í Hraunshverfinu eru skráð inn á (Loftmynd LMÍ M 3522).

GPS: A396180 N373220

Horfin: Já

Heimildamaður:

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-14

Sérheiti: Kvíaflóð

Hlutverk: kvíar

Tegund:

Staðhættir: „...skammt vestur af Bóndadæl er annað lítið flóð er Kvíaflóð nefnist.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:8).

Lýsing: Dæld er um 40 m NA frá Garðstöðum[11] sem gætur hugsanlega verið leifar af Kvíaflóði.

GPS: A395889 N373674

Hættumat:

Heimildamaður:

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

182310-143-15

Sérheiti: Rásar

Hlutverk: áveita

Tegund: heimild

Staðhættir: „Úr Litla-Hraunsvatni eru afrennsli í Salthólsflóð sem er vestast þessara smáflóða [Hraunflóð, Kvíarflóð nr. 14], nefnast þau Rásar, ...“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:8)

Lýsing: Þar sem Rásar eru merkt inn á loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522) sem er um 50 m beinst vestur af bæjarhól Stóra Hrauns [8] og 30 m NV af Salthól yngir [11]. Engar minjar fundust við vettvangsathugun.

GPS: A395997 N373887

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-16

Sérheiti: Framnes

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: „Vestur af Borg [165857-150-1] eru þrjú tóftarbrot af bænum Framnesi sem nefnt var eftir gamla landnámsbænum [6]. Þar heita nú Framnestættur. Fjórða tóftarbrotið er stakt, aðeins vestar [58]... Skammt suðvestur af Framnestóftum eru miklar bæjarrústir. Þær eru af býli því, er fyrrum hét Elliðakot, en síðari tímum Hafliðakot [165857-149]. (Guðni Jónsson. 1958:140).

Lýsing: Árið 1904 ritar Brynjúlfur Jónsson „ ... því hjáleiga sú frá Stóra-Hrauni, sem heitir Framnes, er ekki fornt býli; en því hefir verið gefið nafn eftir hinum forna landnámsbæ, án þess að landslag gefi tilefni til þess.“ (Brynjúlfur Jónsson. 1905:11) „Framnes var byggt árið 1859 ... Framan af var þar aðeins einn búandi, en síðan fjölgaði þeim, og urðu búendur þar 4, þegar flest var [56, 57 og 58]. Síðan fækkaði aftur, unz aðeins einn búandi var þar allmörg ár, áður en byggð lagðist þar í eyði árið 1926.“ (Guðni Jónsson.1958:115).

Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Framnesi eru skráð nýu bæjarhús fyrir skjálftana og eitt peningahús. Allar byggingarnar skemmdust lítið í skjálftunum. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185) Samkvæmt loftmynd var Framnes um 30 m norður af Beinaverksmiðju. Engar sýnilega minjar á yfirborði var að sjá um bæinn.

Horfin: Já

Heimildamaður:

Heimildir:

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“,Árbók hins íslenska forleifafélags.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

182310-143-17

Sérheiti: Stokkur

Hlutverk: samgöngubót

Tegund:

Staðhættir: „Í austur frá Hafliðakoti [165857-149-1] er upphlaðinn vegarspotti yfir mýrarslakka. Nefnist hann Stokkur, og mun síra. Ólafur Helgason [prestur á Stóra-Hrauni um 1900] hafa látið hlaða hann.“ (Guðni Jónsson.1958:140) Vestur endi Stokks er um 50 m frá bæjarhól Hafliðakots [165857-149-1]. Suðurendi vegarins er um 150 m frá Gamla Hrauni.

Lýsing: Stokkur liggur í um 300 m NS og tekur síðan sveig til vesturs í um 150 m. Samtals er vegurinn um 450 m og er hann um 3 m á breidd og mest 1 m á hæð. Stokkur er grasi gróinn en greinilegt er að það hefur verið gert við hann á stöku stað, þar sem meiri mýraslakki er undir. Þar er hefur einungis myndast örlítill mosi á hraunið. Tveir Gps punktar voru tekinn fyrra punkturinn er tekinn við Stokksflóð en sá síðar nefndi var tekinn í suður enda garðsins.

GPS: A396446 N373623 A396412 N373384

Hættumat:

Heimildamaður:

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-18

Sérheiti: Skollhóll

Hlutverk: þjóðsaga huldufólksbústaður



Tegund:

Staðhættir: „Suður af Borgarflóði [Stokksflóð austan Stokk 17] og austur af Sléttum [182312-147-1] er hóll, sem heitir Skollhóll. Var hann áður nokkuð hár og strýtumyndaður, en gjót var rífið úr honum í Stokkin, svo illa við það tiltæki, því að þar taldi það vera huldufólksbyggð og sá þar loga ljós á kvöldum.“ (Guðni Jónsson.1958: 140).

Lýsing: Samkvæmt ritinu Eyrabakkahreppur örnefni er talað um að grjót hafi verið tekið úr hólnum fyrir Stokkseyrarveginn [165857-150-3] og var gamla fólkinu illa við það, því það hélt því fram að huldufólk byggi þar og sá þar loga ljós á kvöldum.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:8).

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er saga sem heitir Álfkonan í Skollhól. “ Í hrauni þessu [Hjallahrauni] er hóll einn grasi vaxinn að mestu og heitir hann Skollhóll.“ Hún er á þá leið að í Eyfakoti [165857-149] bjó eitt sinn gömul kona, Guðrún, ásamt syni sínum 12-14 ára. Hann þótti ódæll og gerði sér það að leik að láta öllum illum látum við Skollhól og kastaði m.a. grjóti í hann. Eitt sinn dreymir móður hans að til sín komi kona og biðji hana um að hemja drenginn, hann sé búin að brjóta og skemma híbýli hennar. Láti hann ekki af þessum hamagangi við hólinn muni hann hljóta verra af. Guðrún reyndi að tala um fyrir drengnum en ekki fór hann að orðum móður sinnar um bætta hegðun. Svo fór að hann fannst dauður við Skollhól stuttu síðar og brotið í honum hvert bein. Var það trú manna að draumkonan hefði átt bú í hólnum og látið drenginn gjalda grimmilega ærsla sinna. (Jón Árnason. 1954:35-6) Engin merki um hól fundust á svæðinu en GPS hnit var tekið þar sem hann var merktur inn á loftmynd þar sem örnefni í Hraunshverfinu eru skráð inn á.(Loftmynd LMÍ M 3522).

GPS: A396419 N373511

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrabakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunshverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-19

Sérheiti: Framneshóll

Hlutverk: kuml

Tegund: heimild

Staðhættir: „Austast á Hraunsmýrinni, nokkuð upp af hrauninu, er stór hóll, sem heitir Framneshóll, líklega kenndur við gamla Framnes og þá mjög gamalt örnefni. Á Framneshól hafði Ari Símonarson bóndi á Stóra-Hrauni [1868-1893] og í Stöðlakoti [182311-146] beitarhús og kuml [19].“ (Guðni Jónsson. 1958:143-4).

Lýsing: 3 m hár hóll sést vel í hraunsmýrinni, ofan á hólnum er tóft [40], engar heimildir benda til að kuml hafi verið í hólnum annað en örnefni Framnes.

GPS:

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-20

Sérheiti: Foksholt

Hlutverk: legstaður

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Þar, sem bugðan kemur á Gamla-Hraunsveg [19] að norðan, örlitlu austar en nú er rafmagnsspennistöðin, heitir Foksholt. Þegar Gamla-Hraunsvegur var lagður, fundust þar mannabein. Enginn vissi, hvernig á þeim stóð þar, en gömul voru þau og fúin nokkuð. Munnmæli söguð, að einhvern tíma hafði sýslumaður verið á Stóra-Hrauni, harðjagl mikill og hefði hann látið dysja þarna einhverja aumingja og talið honum fullgott handa honum að liggja þar.“ (Guðni Jónsson.1958:141).

Lýsing: Hnit var tekið á Gamla-Hraunsvegi eftir loftmynd þar sem örnefni Hraunshverfis eru skráð. (Loftmynd LMÍ M 3522)

GPS: A396345 N373742

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-21

Sérheiti: Garðhús

Hlutverk: býli

Tegund: Tóft

Staðhættir: „Norður af Foki [182313-148-1] örskammt frá því og fast við veginn, var býlið Garðhús. Þar er nú smákofi.“ (Guðni Jónsson.1958:141)Um 15 m norður af Foki og fast við Gamla Hraunsveg er hugsanlega tóft.

Lýsing: „Garðhús voru byggð árið 1891 af Sigurjóni Jóhannessyni frá Stéttum. Þau stóðu rétt norðan við Fok, litlu ofar í heiðarbrúninni.“ (Guðni Jónsson.

1958:121) Fóru í eyði 1906. (Guðni Jónsson. 1958:121). Hleðslur er fyrir framan hraungrýti sem eru á svæðinu og hugsanlega er það leifar af kofanum.

GPS: A396337 N373692

Hættumat: Vegna ágangs hesta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-22

Sérheiti: Fornufjós

Hlutverk: fjós

Tegund:

Staðhættir: „Skammt vestur af Foki [182313—148-1] og Garðhúsum [21] er hæð með miklum tóftarbrotum af hlöðu [59] og peningshúsum, er nefnist Fornufjós.“ (Guðni Jónsson.1958:141).

Lýsing: Grunnt er niðrá grjót á svæðinu þar sem Fornufjós eru merkt inn á loftmynd þar sem örnefni Hraunshverfis eru skráð. (Loftmynd LMÍ M 3522) Af sama skapi er oft grunnt niðrá hraun á jörðinni.

GPS: A396360 N373716

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-23

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðhættir: Brunnur er um 20 m vestur frá Litla Hraunstekki vestari [37].

Lýsing: Brunnurinn er kringlóttur og fyllt hefur verið í hann. Hann er um 1 m á hæð og 2x2 m. Hleðslugrjót sést ofan í honum.

GPS: A396314 N374743

Hættumat: Lítil hætta

182310-143-24

Sérheiti: Fjósdæla

Hlutverk: fjós

Tegund: dæla

Staðhættir: „Suður og austur af Stóra-Hrauni eldra [8] er dæla sem nefnist Fjósdæla.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:9) Fjósdæla er um 15 m suður frá Foki [182313-148-1].

Lýsing: Örnefnið bendir til að þarna hafi verið fjós. Hnit eftir loftmynd þar sem örnefni Hraunhverfis eru skráð. (Loftmynd LMÍ M 3522) Dælan er um 10 x 30 m.

GPS: A396315 N373667

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-25

Hlutverk: rista

Tegund: heimild

Staðhættir:

Lýsing: Torfrista og stunga næg. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:69)

Horfin: Já

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

182310-143-26

Sérheiti: Heiðarkot

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: Í austur frá Stöðlakoti [182311-146-1] eru smá tóftir í heiðarbrúninni af býli, sem hét Heiðarkot.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:9) Á korti í bókinni Eyrarbakkahreppur örnefni eru skráð helstu örnefni í Hraunlandi þar sýnir staðsetningu Heiðarkots. (Guðmundur Þórarinsson. 1997) Þar er bæjarhóll sem er um 70 m vestur frá Eystra- Litlahraunsvatni og um 60 m norður frá beinaverksmiðju.

Lýsing: „Heiðarkot var byggt 1892 af Þorvaldi Magnússyni og var fyrst kallað Heiði. Það stóð í heiðarbrúninni fyrir suðaustan Stöðlakot [182311-146]. Eini búandinn þar var Þorvaldur Magnússon 1892-1903... en Heiðarkot lagðist þá í eyði.“ (Guðni Jónsson. 1958:122) Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Heiði eru skráð þrjú bæjarhús

fyrir skjálftana og skemmdust tvö þeirra mikið en eitt þeirra lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 184) Bæjarhóllinn er um 1,5 m á hæð og 26 m NS og 27 m AV. Í vestur hluta hólsins sjást hleðslur sem hugsanlega gæti verið gerði.

GPS: A396468 N374026

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggðahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

182310-143-27

Hlutverk: túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Í vestur frá Stöðlakoti [182311-146-1] og norðvestur af Stóra-Hrauni við túngarðinn var um tíma kot, sem hét [28], þar er nú slétt flöt.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:9).

Lýsing: Engin merki um túngarð er á svæðinu. Hugsanlega hefur verið grjótnám úr túngarðinum og grjótið sett við rafmagnsstaura sem eru þarna rétt hjá.

Horfið: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggðahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

182310-143-28

Sérheiti: Litlibær/Ekkert

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: „Í vestur frá Stöðlakoti [182311-146-1] og norðvestur af Stóra-Hrauni við túngarðinn [27] var um tíma kot, sem hét Ekkert, þar sem nú er slétt flöt.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:9).

Lýsing: „Litlibær var byggður 1891 af Gísla Gíslasyni frá Stóra-Hrauni. Hann var fyrst kallaður Gíslabær, en manna á milli á langoftast Ekkert.“ (Guðni Jónsson. 1958:121) Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Litlabæ eru skráð þrjú bæjarhús fyrir skjálftana og skemmdust þau öll lítið í skjálftunum. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 184) Árið 1897 fór kotið í eyði. (Guðni Jónsson. 1958:12) Samkvæmt ritinu Eyrarbyggðahreppur örnefni þá eru öll ummerki um Litlabæ horfin. Hins

vegar fannst ein þúst á svæðinu [78] þar sem Litlibær á að hafa staðið og það gæti hugsanlega verið einhverja leifar af bænum. Gps hnit sem gefið er upp er af þústinni [78] því hún er á svæðinu.

GPS: A396417 N373987

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

182310-143-29

Sérheiti: Miðmorgunshóll

Hlutverk: Þjóðsaga, huldufólksbústaður

Tegund:

Staðhættir: „Nálægt norðausturhorni þeirrar girðingar [skógræktargirðingar] er nokkuð hár hóll, sem heitir Miðmorgunshóll, og er hann eyktarmark frá gamla býlinu Litla-Hrauni [165868-144-1].“ (Guðni Jónsson.1958:142). Samkvæmt loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522) var Miðmorgunshóll um 60 m vestur frá Listaverkinu Kríunni og um 30 m suður af Stokkseyrarvegi.

Lýsing: „Á hólum þessum, Strokkhól [33], Miðmorgunshól og Krókhól [34], var hin mesta huldufólksstrú. Heyrði fólk þar rokkhljóð, strokkljóð og sá oft loga þar ljós á kvöldum.“ (Guðni Jónsson.1958:142-3). Hóllinn er um 2 m hár og 9 m N/S og 13 m A/V.

GPS: A396288 N374363

Hættumat: Engin hættu

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-30

Sérheiti: Gústagerði

Hlutverk: Gerði

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Gústagerði er um 20 m suður frá Listaverkinu Kríunni.

Lýsing: „Innan girðingarinnar hefir myndast alveg nýtt örnefni, Gústagerði, kennt við Ágúst Jónsson, sem langi var mjólkurpóstur á Eyrarbakka, sérkennilegur og vel kynntur. Gerðið er syðst í girðingunni, [skógræktargirðingu] og myndar mjög fallinn garður hálfhring um það.“ Vestan við það er annað nafnlaust gerði [31]. (Guðni Jónsson. 1958:142) Gerðið liggur yfir Seftjörninni í um 24 m NS við skógræktargirðinguna og beygir síðan í austur um 12 m. Þá liggur gerðið í 22 m í NS þar kemur garður út í um 14 m sem liggur AV að skógræktargirðingunni. Síðan heldur 22 m kaflinn áfram í um 24 m en tekur sveig til vestur og liggur að skógræktargirðingunni. Gerðið er hæst um 1 m og er grjót vel sýnilegt nokkuð mosi gróið.

GPS: A396109 N374337

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-31

Hlutverk: Gerði

Tegund: garðlag

Staðhættir: Gerði er um 20 m suður frá Listaverkinu Kríunni og um 2 m frá Gústagerði [30].

Lýsing: „Innan girðingarinnar hefir myndast alveg nýtt örnefni, Gústagerði [30] ... Vestan við það er annað gerði nafnlaust, er liggur að seftjörn.“ (Guðni Jónsson. 1958:142) Samsíða Gústagerði [30] liggur gerði yfir Seftjörn um 26 m NS þá tekur það beygju til vestur um 33 m. Þar beygir gerðið í suður um 10 m þar sem það er ógreinilegast vegna hraungrýti í kring. Gerðið er hæst um 0,5 m og er það gróið mosa.

GPS: A396099 N374354

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-32

Sérheiti: Hraunprýði

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: Hraunprýði var vestar í Hraunslandi, syðist í hraunjaðrinum. (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:7). Um 5 m frá vesturhlið útihúss [165868-144-14] sem er í landi Litla Hrauns. Tóftin er jafnframt um 35 m suður frá Eyrarbakkaveg.

Lýsing: „Hraunprýði var byggt árið 1890 af Ásgrími Jónssyni, er þar bjó í mörg ár. Hraunprýði stóð fyrir austan Litla-Hraun [165868-144-1] fyrir ofan vatnið (Guðni Jónsson. 1958:121). „Býli þetta var oft kallað manna á milli Urðarköttur eða Urðin.“ (Guðni Jónsson. 1958:121). Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um



húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Hraunprýði eru skráð þrjú bæjarhús fyrir skjálftana, eitt húsið skemmdist mjög mikið en tvö voru lítið skemmd (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 184). Seinasti ábúandi í Hraunprýði bjó þar til 1928 eftir það fór býlið í eyði. (Guðni Jónsson. 1958:121). Tóftin er um 2 m há og er grasi gróinn en það glittir í hleðslur hér og þar í hólnum sem er 12 m NS og 7 m AV. Mikið og hátt gras er í kringum tóftina og er því erfitt að greina útlínur hennar.

GPS: A395769 N374518

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggðir örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

182310-143-33

Sérheiti: Strokkhóll

Hlutverk: Þjóðsaga huldufólksbústaður

Tegund: Hóll

Staðhættir: „... norður af Litla-Hrauni [165868-144-1] í suðurjaðri hraunsins er strýtumyndaður hóll, sem heitir Strokkhóll.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:10) Stokkhóll er um 30 m austur frá útihúsi [165868-144-14].

Lýsing: „Á hólum þessum, Strokkhól, Miðmorgunshól [29] og Krókhól [34], var hin mesta huldufólksstrú. Heyrði fólk þar rokkhljóð, strokkhljóð og sá oft loga þar ljós á kvöldum.“ (Guðni Jónsson.1958:142-3). Krókhóll er um 3 m hæð og um 10 m A/V og 6 m N/S.

GPS: A395898 N374472

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-34

Sérheiti: Krókhóll

Hlutverk: þjóðsaga huldufólksbústaður

Tegund:

Staðhættir: „... vestast í Hraunlandi, syðst í hraunjaðrinum var býli, sem hét Hraunprýði [32] og þar er vestasti hóllinn Krókhóll.“ (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:10) Krókhóll er um 15 m SV frá Hraunprýði. [32].

Lýsing: „Á hólum þessum, Strokkhól [33], Miðmorgunshól [29] og Krókhól, var hin mesta huldufólksstrú. Heyrði fólk þar rokkhljóð, strokkhljóð og sá oft loga þar ljós á kvöldum.“ (Guðni Jónsson.1958:142-3). Krókhóll var um 9 m AV og 7 m NS. Hóllinn var um 2,5 m á hæð.

GPS: A395751 N374505

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-35

Sérheiti: Hraunstekkur

Hlutverk: stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir: „[N]orðaustur af henni [Skítmýrinni] er allstór grjóthóll, sem heitir Hraunstekkur. Þar var fjárrétt frá Stóra-Hrauni.“ (Guðni Jónsson.1958:143).

Lýsing: Á því svæði sem Hraunstekkur á að hafa verið hefur túnið verið sléttað og því engar minjar á svæðinu.

Horfin:Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-36

Sérheiti: Gamla-Hraunsstekkur

Hlutverk: stekkur

Tegund: tóft

Staðhættir: “Vesta og aðeins sunnar [af Hraunstekki nr. 35] sést móta fyrir grjóthleðslu, og heitir þar Gamla-Hraunsstekkur.” (Guðni Jónsson.1958:143) Gamla-Hraunsstekkur er um 70 m austur af Eystra-Litlahraunsvatni með beina stefnu frá Varphólma.



Jafnfram er stekkurinn um 150 m norður frá beinaverksmiðju og um 40 m austur frá Stokkseyrarveg.

Lýsing: Stekkurinn er um 13 m AV og um 4 m NS. Tóftin er um 1 m hár hóll sem er grasi gróinn en glittir í hleðslur hér og þar og hleðsluröð er á suðurhlíð stekksins. Brunnur [54] er í um 20 m frá Gamla-Hraunstekki.

GPS: A396569 N374305

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-37

Sérheiti: Litla-Hraunsstekkir (vestari)

Hlutverk: stekkur

Tegund: Stekkur

Staðhættir: „Drjúgan spöl vestur af Strýtuhól við Vegamót eru tveir hólar, sem nefnast Litla-Hraunsstekkir. Er sá vestari mun stærri, og var þar fjárrétt frá Litla-Hrauni. Rétt vestan við hólnum er lítið skerflóð, sem heitir Stekksflóð. Á hólum og flóðinu var hin mesta huldufólksstrú, og mátti ekki slá flóðið, því það var engi huldufólksins í Litla-Hraunstekki.“ (Guðni Jónsson. 1958:143) Stekkurinn er um 25 m austur frá vegamótum Eyrarbakka, Stokkseyrarveg og Selfossveg.

Lýsing: „Stór hóll er austan og ofan til við vegamótin milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Nefnist hann Litla-Hraunsstekkur, því að þar hafið verið fjárstekkur fyrr á tímum. Það var mál manna, að huldufólk byggi í hól þessum, og höfðu menn heyrt þar rokkhljóð og séð þar ljós á kvöldin. Rétt vestan við hólnum var lítið flóð. Þar óx sef, er svara myndi á 4-5 hesta. Það var grunnt, og skepnur gangur oft út í það einkum kúr, og bitu sefið utan með. Bannað var að slá flóð þetta, því að það var engi huldufólksins í Litla-Hraunstekki.“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:54). Litla-Hraunsstekkir (vestari) er um 2,5 m hár og um 21 m AV og 24 m NS. Mikið af grjót hellum er ofan á hólum og á þremur stöðum standa jarnstandar upp úr þeim. Garður [43] liggur fyrir sunnan og vestan stekkin og brunnur [23] er um 20 m vestur af stekkinum.

GPS: A393718 N375623

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1-3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

182310-143-38

Sérheiti: Litla-Hraunsstekkir (eystri)

Hlutverk: stekkur

Tegund: Stekkur

Staðhættir: „Drjúgan spöl vestur af Strýtuhól við Vegamót eru tveir hólar, sem nefnast Litla-Hraunsstekkir. Er sá vestari [37]mun stærri, og var þar fjárrétt frá Litla-Hrauni. Rétt vestan við hólinn er lítið skerflóð, sem heitir



Stekksflóð. Á hólnum og flóðinu var hin mesta huldufólksstrú, og mátti ekki slá flóðið, því það var engi huldufólksins í Litla-Hraunsstekk.“ (Guðni Jónsson. 1958:143) Litli-Hraunsstekkur eystri er um 20 m austur af Litla-Hraunsstekkir vestri og um 45 m austur af vegamótum Eyrarbakkavegar, Stokkseyrarveggar og Selfossveggar.

Lýsing: Stekkurinn er um 2 m hár og um 20 m NS og 12 m AV. Suður í hólnum er dæld og glittir í hleðslur í kring sem er 2 m á breidd og 1 m á lengd. Gæti hugsanlega verið lambakró. Steinar eru hér og þar í stekknunum.

GPS: A396357 N374710

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-39

Sérheiti: Gráhella

Hlutverk: þjóðsaga

Tegund: heimild

Staðhættir: „Skammt norðvestur af Litla-Hraunsstekk [37] er einkennileg hella eins og reist upp á rönd, og heitir hún Gráhella. Sagt er, að Eyjólfur [Símonarson 1736-1754] sterki á Litla-Hrauni, hafi reist upp helluna, og er það vel gert, ef satt er.“ (Guðni Jónsson.1958:143).

Lýsing: Gráhella er um 20 m vestur af vegamótum Eyrarbakkeveggar, Stokkseyrarveggar og Selfossveggar. Hella en um 1 m á hæð og um 0,4 m á þykkt og 1 m á breidd.

GPS: A396108 N374706

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-40

Sérheiti: Framneshóll

Hlutverk: beitarhús

Tegund: tóft

Staðhættir: „Austast á Hraunsmýrinni, nokkuð upp af hrauninu, er stór hóll, sem heitir Framneshóll, líklega kenndur við gamla Framnes og þá mjög gamalt örnefni. Á Framneshól hafði Ari Símonarson bóndi á Stóra-Hrauni [1868-1893] og í Stöðlakoti [182311-146] beitarhús og kuml [19].“ (Guðni Jónsson. 1958:143-4). Framneshóll er í miðri hraunsmýrinni um 3 m hár greinilegur í umhverfi sínu. Hann er um 300 m norður frá Gamla Hrauns bæjunum.

Lýsing: Ofan á Framneshól er tóft sem er um 18 m AV og um 25 NS. Hleðsluhæð er um 1 m og er hlaðið með streng á milli. Tóftin er ferhyrnd og myndir tvö hólf

GPS:

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.



182310-143-41

Hlutverk: fjárhús

Tegund: heimild

Staðhættir: „Á Hraunsmýrinni sjást enn nokkrar þústir eftir fjárhús eða fjárborgir, frá fyrri og síðari tímum, en þær eru óðum að hverfa.“ (Guðni Jónsson. 1958:144).

Lýsing: Engar minjar fundust á yfirborði um útihús í Hraunsmýrinni.

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-42

Hlutverk: ferja

Tegund: heimild

Staðhættir: Í viðbótum Sigurðar Andersen í ritinu Eyrarbakkahreppur örnefni segir: „Þá sögn hef ég eftir Jóni Jakobssyni í Einarshöfn, að frá Kaldaðarnesi hafi ferjan á Ölfusá verið færð að Hrauni í Ölfusi, en vegna vaxandi sandágangs þar og örtraðar af hestum ferðamanna í heimahögum Hrauns, hafi ferjan verið flutt að Nesi.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:55).

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

182310-143-43

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Garður liggur fyrir sunnan og vestan við Litla - Hraunstekki vestari [37].

Lýsing: Garðurinn liggur 75 m í AV og endar vesturendi garðsins við brunn [23]. Garðurinn er um 0,5 á hæð og 0,5 m breiður.

GPS: A393718 N375623

Hættumat: Lítil hætta



182310-143-44

Sérheiti: Bárðartóft

Hlutverk: beitarhús

Tegund:

Staðhættir: „Dálítið upp á Hraunsmýrinni er skurður, sem liggur frá vestri til austurs, nú nýuppgrafinn [um 1955], og heitir Móskurður, en fast við hann, aðeins austan við þjóðveginn, eru þrjár örsmáar þústir, sem heita Hraunsborgir [64,65 og 66]. Nokkru norðar, einnig skammt austan við þjóðveginn, er enn örsmá þúst, sem heitir Bárðartóft, kennd við Bárð Sigurðsson, er bjó á Litla-Hrauni 1852-1853, en síðar í Kollabæ í Fljótshlíð. Samkvæmt ritinu Eyrarbakkahreppur örnefni mun Bárður hafa byggt beitarhús þarna á mýrinni 1852 (Guðmundur Þórarinsson. 1997:11).

Lýsing: Engin merki fundust við vettvangsathugun.

GPS: A396936 N375993

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbygg, Eyrarbygg.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbygg, Reykjavík.

182310-143-45

Sérheiti: Gamla-Hraunsborg

Hlutverk: fjárskýli

Tegund: heimild

Staðhættir: „Milli Móscurðar og Litla-Hraunstekkis [38] er smá hæð, sem heitir Gamla-Hraunsborg, fjárborg frá Gamla- Hrauni ...“ (Guðni Jónsson.1958:144).

Lýsing: Engin merki um Gömlu Hraunsborg fundust við vettvangsathugun. GPS hnitt var tekið þar sem rústin var sýnd á teikningu í ritinu Eyrarbyggahreppur örnefni (Guðmundur Þórarinsson. 1997).

GPS: A396448 N374990

Hættumat:

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbygg, Reykjavík.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbygg, Eyrarbygg.

182310-143-46

Sérheiti: Gíslatóft

Hlutverk: tóft

Tegund: heimild

Staðhættir: „Milli Móscurðar og Litla-Hraunstekkis [38] er smá hæð, sem heitir Gamla-Hraunsborg [45], fjárborg frá Gamla- Hrauni, en austar á Hraunsmýrinni er Gíslatóft, kennd við Gísla Gíslason bónda á Stóra-Hrauni [1868-93] ... “ (Guðni Jónsson.1958:144)

Lýsing: Engar minjar um tóftina var að sjá við vettvangsathugun við Móscurðinn og Litla-Hraunstekk [38].

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbygg, Reykjavík.

182310-143-47

Sérheiti: Leirvarða

Hlutverk: landamerki

Tegund: heimild

Staðhættir: „Í mörkum að austan nokkuð upp á Hraunsmýrinni er smávarða, er nefnist Leirvarða ...“ (Guðni Jónsson.1958:144).

Lýsing: Engin merki fundust um vörðuna. Hnit var tekið á þeim stað sem Leirvarða er merkt inn á teikningu í ritinu Eyrarbakkahreppur örnefni.

GPS: A396501 N374494

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

182310-143-48

Sérheiti: Smalaskáli

Hlutverk: smalakofi

Tegund: heimild

Staðhættir: „Um það [Lómaflóð] beygja hreppamörkin til norðvesturs í aðalhornmarkið, sem er smá hæð, sem heitir Smalaskáli, en hann er hornmark þriggja hreppa, Eyrarbakkahrepps,



Stokkseyrarhrepps og Sandvíkurhrepps. Rétt sunnan og suðvestan við Smalaskálann eru tvær tjarnir, sem heita Bakktjarnir, og er Eystri-Blakktjörn í Hraunslandi. Umhverfist tjarnir þessar eru Bakktjarnarbakkar, því að í Lögbingsbók 1777, nr. xxvii, er talað um, „Smalaskála á svonefndum Bakktjarnarbökkum“, en þetta örnefni mun nú gleymt.“ (Guðni Jónsson. 1958:144).

Lýsing: „ ... í Smalaskála; smáhæð, sem er austast og efst í Eyrarbakkahreppi, .. “ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:6) Í sama riti er teikning sem sýnir hvar smalakofinn stóð og mun það hafa verið við Blakktjarnir. Engar minjar um kofan fundust við vettvangsathugun og var GPS hnit tekið við Blakktjarnir.

GPS: A397733 N377124

Horfin:

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-49

Sérheiti: Bóndarétt

Hlutverk: rétt

Tegund: heimild

Staðhættir: „Í innfjörinni austan við Hellurnar er sandvík, sem Stéttavík heitir, og er nafnið er komið af því, að þar átti býlið Stéttar [182312-147] þangreka. Vik

Þetta greinir óslétta, grasi gróna klöpp, sem Bóndaréttarklöpp, frá Hellunum. Fjarrétt stóð lengi upp af henni, og dró klöppin nafn af því. Hún er aðeins austar en Gamla-Hraunsbæirnir. [165861-145]" (Guðni Jónsson. 1958:149).

GPS:

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-50

Sérheiti: Skerflóð

Hlutverk: draugur

Tegund: heimild

Staðhættir: Samkvæmt loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522) var Skerflóð um 20 m vestur frá Hraunsárvaði [52] og um 25 m norður af Stokkseyrarvegi.

Lýsing: : „Norðan við Foksengjar er Skerflóð. Það er langt og mjótt flóð, sem að mestur er í Stokkseyrarlandi, nafn sitt mun það hafa fengið af því hve það er líkt skerjum í lagi með ótal krókum, töngum og hólum. Nafnfrægast er Skerflóð er fyrir frægasta draug Flóans, Skerflóðs-Móra, sem einnig hefur gengið undir nafninu Sels-Móri og fleiri nöfnum.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:6) „Eyrarbakka í Árnessýslu er til draugur sá, sem Sels- Móri heitir. Hann er svo undir kominn, að maður var sá, er Einar hét og bjó í Borg í Hraunshverfi seint á 18. öld. Hann úthýsti dreng nokkrum, sem komið hafði flakkandi eins og svo margt fólk fleira um þær mundir austan úr Skaftafellssýslu, eftir að Skaftáreldurinn geisaði þar. Þetta var um vetur, en drengurinn bæði svangur og klæðafár og varð því úti nóttina eftir skammt frá Borg og fannst dauður í dæl þeirri, er Skersflóð heitir. Þó drengur væri grafinn, fór smátt og smátt að bera á því, að hann fylgdi Einari og niðjum hans. Einkum er sagt, að hann hafi fylgt Þuríði og Salgerði, systurdætrum Einars, sem lengi bjó á Efra-Seli, og af því hann var þar lengst vitstola, er hann kallaður Sels-Móri.“ (Guðni Jónsson. 1958:10).

GPS: A397096 N373392

Hættumat: Engin hættu

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggjahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-51

Sérheiti: Jóagerði

Hlutverk: Gerði

Tegund: heimild

Staðhættir: Í viðbótum Sigurðar Andersen í ritinu Eyrarbyggahreppur örnefni segir: „Jóagerði: Svo heitir túnspilda sú er Steinn Einarsson í Vatnagarði keypti úr landi Borgar [165857-150]. Spildan er norðan við Stokkseyrarveg [165857-150-3], milli Hafliðakotsvatns og Borgar, og er kennd við Jóhann V. Daníelsson kaupmann á Eyrarbakka, ...“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:58)

Lýsing: Einu minjarnar á túnspildu Jóagerðis er útihús [88].

GPS: A396400 N373633

Hættumat: Engin hætt

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

182310-143-52

Sérheiti: Hraunsárvað

Hlutverk: vað

Tegund: Vað

Staðhættir: Samkvæmt loftmynd (Loftmynd LMÍ M 3522) er Hraunsárvað um 20 vestur frá Skerflóði og um 20 m norður af Stokkseyrarvegi.

Lýsing: „ ... Hraunsvað, að vísu grunnt, en þarahrönn mikla yfir að fara. Er vafasamt, hvort meira veldur, þarabruk þetta eða hestaþvagan, sem á beit stendur þar nætur sem daga.“ (Jón Pálsson 1946:140)

Í viðbótum Sigurðar Andersen í ritinu Eyrarbyggahreppur örnefni segir: „Þegar mikið var í Hraunsá flaut brúin, sem aðeins var gönguborð, af og þurfti því að fara yfir ána á vaðinu þegar hásjávað var. Gat verið erfitt að finna vaðið, sem var skammt neðan við upptaka árinna.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:61).

GPS: A397015 N373406

Hættumat: Engin hætt

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Jón Pálsson 1946. Austantórur. II bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182310-143-53**Hlutverk:** útihús**Tegund:** tóft**Staðhættir:** Minjar eru um 20 m norður af Stokkseyrarveg og um 20 m suður af Hafliðakotsvatni. Jafnframt er tóftin um 35 m austur frá Gömlu-Borg [165857-150-4] Tóftin er í staðsett á túnspildu sem nefnist Jógagerði [51].**Lýsing:** Hleðslur í tóftinni standa og dyr eru í suður. Hrun er í innganginum. Utanmál tóftarinnar eru 12 m á lengd og 6 m á breidd. Innanmál tóftarinnar er 10 m á lengd og 2 m á breidd Þykkt veggja er 2 m. Tóftin er grasgróin að ofan og er um 1 m á hæð.**GPS:** A396908 N373633**Hættumat:** Hætta vegna ágangs hesta**182310-143-54****Hlutverk:** Brunnur**Tegund:** Vatnsból**Staðhættir:** Í um 20 m norður af Gamla-Hraunsstekk [36] er brunnur.**Lýsing:** Brunnurinn er hringlaga um 1 x 1 m. Brunnurinn hefur verið fylltur og sjást hleðslur vel í honum.**GPS:** A396219 N373799**Hættumat:** Lítil hætta**182310-143-55****Sérheiti:** Hraunsárbrú**Hlutverk:** brú**Tegund:** Heimild**Staðhættir:** „Þá má nefna Hraunsárbrú, sem er sunnan Borgar; voru þar aðeins plankar yfir eða rekatré, en þau fóru oft af eða flutu á brott í stórflóðum.“ (Jón Pálsson 1946:140). Í frásögn um mikið Sjávarflóð 22.1.1925 segir að „... mikill sandur og grjót frá Kaðlastöðum og út að Hraunsárbrúnni...“(Sjávarflóð 22.1.1925:8).**Lýsing:** Hnit var tekið rétt suður við Hraunsárvað [52].**GPS:** A397078 N373410**Horfin:** Já**Heimildir:**

Jón Pálsson 1946. Austantórur. II bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík

Sjávarflóð 22.1.1925. Allan Magnússon skráði. Örnefnastofnun.

182310-143-56**Sérheiti:** Framnes**Hlutverk:** býli**Tegund:**

Staðhættir: „Vestur af Borg [165857-150-1] eru þrjú tóftarbrot af bænum Framnesi sem nefnt var eftir gamla landnámsbænum [6]. Þar heita nú Framnestættur. Fjórða tóftarbrotið er stakt, aðeins vestar [58]... Skammt suðvestur af Framnestóftum eru miklar bæjarrústir. Þær eru af býli því, er fyrrum hét Elliðakot [165857-149-1] en síðari tímum Hafliðakot (Guðni Jónsson. 1958:140).

Lýsing: „Framnes [16] var byggt árið 1859 og hefir verið gefið nafn hins forna landnámsbæjar. Framan af var þar aðeins einn búandi, en síðan fjölgaði þeim, og urðu búendur þar 4, þegar flest var. (Guðni Jónsson.1958:115) „Snemma var myndað annað býli í Framnesi. Reisti það Gísli Árnason frá Stéttum árið 1871 ... “ (Guðni Jónsson.1958:116) Í þessu koti bjó Páll Árnason síðastur ábúenda í Framnesi til 1926. (Guðni Jónsson.1958:116) Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Framnesi eru skráð níu bæjarhús fyrir skjálftana og eitt peningahús. Allar byggingarnar skemmdust lítið í skjálftunum. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185) Engar minjar á fundust við vettvangsathugana á þessu svæði.

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

182310-143-57

Sérheiti: Framnes

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: „Vestur af Borg [165857-150-1] eru þrjú tóftarbrot af bænum Framnesi sem nefnt var eftir gamla landnámsbænum [6]. Þar heita nú Framnestættur. Fjórða tóftarbrotið er stakt, aðeins vestar [58]... Skammt suðvestur af Framnestóftum eru miklar bæjarrústir. Þær eru af býli því, er fyrrum hét Elliðakot [165857-149-1] en síðari tímum Hafliðakot (Guðni Jónsson. 1958:140).

Lýsing: „Framnes [16] var byggt árið 1859 og hefir verið gefið nafn hins forna landnámsbæjar. Framan af var þar aðeins einn búandi, en síðan fjölgaði þeim, og urðu búendur þar 4, þegar flest var. (Guðni Jónsson.1958:115) Anna býli var byggt árið 1871 en þriðja býlið í Framnesi var reisti af Eyjólf Eyjólfssyni árið 1889. Í þessu koti bjó Guðlaugur Jónsson síðastur ábúenda til ársins 1902 (Guðni Jónsson.1958:116).

Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Framnesi eru skráð níu bæjarhús fyrir skjálftana og eitt peningahús. Allar byggingarnar skemmdust lítið í skjálftunum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185). Engar minjar á fundust við vettvangsathugun á þessu svæði.

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-58

Sérheiti: Framnes

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: „Vestur af Borg [165857-150-1] eru þrjú tóftarbrot af bænum Framnesi sem nefnt var eftir gamla landnámsbænum [6]. Þar heita nú Framnestættur. Fjórða tóftarbrotið er stakt, aðeins vestar... (Guðni Jónsson. 1958:140)

Lýsing: „Framnes [16] var byggt árið 1859 og hefir verið gefið nafn hins forna landnámsbæjar. Framan af var þar aðeins einn búandi, en síðan fjölgaði þeim, og urðu búendur þar 4, þegar flest var (Guðni Jónsson.1958:115). Anna býli var byggt árið 1871, þriðja árið 1889 en fjórða býlið í Framnesi reisti Guðjón Guðmundsson árið 1893 og bjó hann þar til 1901 (Guðni Jónsson.1958:116).

Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Framnesi eru skráð níu bæjarhús fyrir skjálftana og eitt peningahús. Allar byggingarnar skemmdust lítið í skjálftunum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185). Engar minjar á fundust við vettvangsathugun á þessu svæði.

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

182310-143-59

Hlutverk: mógröf

Tegund: náma

Staðhættir: Um 5 m suður frá Móscurði eru 4 mógrafir þær eru mis stórar eða frá 3-5 m á lengd og 1- 5 m á breidd. Grafirnar eru um 0,5 m á dýpt og í þeim vex votlendis gróður.

GPS: A396803 N375519

182310-143-60

Sérheiti: Nýlenda

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: „Nýlenda var byggð af Magnúsi Gíslasyni árið 1896 og stóð fyrir austan Framnes [16], milli þess og Borgar [165857-150-1] (Guðni Jónsson. 1958:123).

Lýsing: Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemmdir í jarðskjálftunum 1896. Í Nýlendu eru skráð tvö bæjarhús fyrir skjálftana og skemmdust þau öll lítið í skjálftunum (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185).

Í Nýlendu var aðeins einn búandi frá 1896 -1902. Kotið var stundum nefnt Breiðleit (Guðni Jónsson. 1958:123-4). Engin merki um kotið er á þessu svæði annað en það er grunnt niður á hraun. Gps hnit var tekið mitt á milli Framness [16], og Borgar [165857-150-1].

GPS: A396615 N373850

Horfið: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

182310-143-61

Sérheiti: Kerhella

Hlutverk: landamerki

Tegund:

Staðhættir: „Skammt norðvestur af Markahlein, alveg upp við sand, er slétt hella með lóni eða keri hringmynduð og nokkuð djúpu, nefnist hún Kerhella (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:35).

Lýsing: „Í vitnisburði Odds Grímssonar á Hrauni fráum 1560 um landamerki Hrauns og Stokkseyrar. „Jtem i fiorunne fyrir framan gardzendann fyrrnefnda ñ [62] stendur ein hella og er kringlott ker ofan i. Svo hefur og verid halldid ad hun skal ræða landamerki i fiorunne i millum Stockseyrar og Hrauns.“ (Diplomatarium Islandicum. XIII. 1933-1939:562.) „Greinilegt er, að hellan, sem hér er lýst, er Kerhella, sem nú heitir svo og ræður enn mörkum. Samkvæmt

landamerkjabréfi Stokkseyrar 1885 eru fjörumörkin milli Stokkseyrar og Hrauns um Markaklöpp, sem stendur í flæðarmáli og þaðan í Leirker fremst í fjörunni og svo í Markahlein, sem er stórt sker og spölkorn austan Hraunsá. Það virðist auðsætt, að Markaklöpp sé hér annað nafn á Kerhellu.“ (Guðni Jónsson. 1958:145-6).

Horfin: Já

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1933-1939. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-62

Hlutverk: Landamerki/Garðlag

Tegund:

Staðhættir: Í vitnisburði Odds Grímssonar á Hrauni um 1560. „Þá vissa eg ei önnur landamerke vera og verid hafa i millum Stockseyrar og Hrauns. helldur e ñ ad sa gardur ætte ad ráða sem geingur af sjáarböckunum og upp ad myrinne i millum Stockseyrarsels og Hrauns. og so sionhending á Breidamyre.“ (Diplomatarium Islandicum. XIII. 1933-1939:562) „...[E]r talið, að sá garður eigi að ráða, sem gengur af sjávarbökkunum og upp að mýrinni í millum Stokkseyrarsels [165572-170] og Hrauns og svo sjónhending í Breiðamýri (Guðni Jónsson.1958:145).

Horfin: Já

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1933-1939. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-63

Staðhættir:

Hlutverk: hella,

Tegund: þjóðsaga

Staðhættir: „Á Stóra-Hrauni á Eyrarbakka er hóll einn í túninu fyrir norðan bæinn [8] og fjósið [12], en fyrir austan hólinn er aftur dæld nokkur í túninu. Sigurður stúdent Sigurðsson sem nú býr á Hrauni komst svo að þeirri jörð að kona sú sem Ingunn [Magnúsdóttir] heitir gaf honum hana með sér í

próventugjöf [20. maí 1837] og hafði hún lengi verið þar áður en Sigurður flutti þangað.“ (Jón Árnason. 1954:464).

Lýsing: Um 1844 lét Sigurður taka fjósið á Hrauni. (Jón Árnason. 1954:464). „Bás sá sem er innstur í fjósum og gagnvart dyrum er á Suðurlandi kallað hlöðubás. Á þeim bás stóð þá stalmakýr og átti ekki eftir nema viku til talsins er fjósið var rifið. Hella [63] stór var í flórunum rétt fyrir aftan hlöðubásinn; hana bannaði Ingunn gamla að hreyfa og sagði að mikið mundi við liggja ef sér væri ekki gengt til þess; enda bannaði Sigurður mönnum sínum að gjöra það.“ (Jón Árnason. 1954:464). En vinnumaður á Stóra-Hrauni reif í helluna [63] og reif hana upp. Undir hellunni var geimur mikill og gap undir öllu svo langt sem til náðist að kanna með járnkarlinum. Önnur hella var því setti yfir gatið. (Jón Árnason. 1954:464). En svo fór eftir þetta að stálmakýrin sem stóð í hlöðubásnum bar ekki allt sumarið, en dróst upp svo það varð að skera hana um haustið, sást þá að kálfurinn hafði vistnað með henni. Sú kýrin sem stóð á næsta bás öðru megin fyrir framan hlöðubásin skúfslitnaði. ... [P]essi óhöpp kennd því að brugðið var út af fyrirmælum Ingunnar því þar er trú að einhver forn ummæli liggi á þessu þrennu á Hrauni, hólnum[9], dældinni [9] og hellunni, og helzt í orði að hollinn og dældin væru slægjuland álfa. En við engu þessu hefur Sigurður látið hreyfa síðan.“ (Jón Árnason. 1954:464).

GPS: A396164 N373925

Horfin: Já

Heimildir:

Jón Árnason. 1954. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. I. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

182310-143-64

Sérheiti: Hraunsborgir

Hlutverk: tóftir

Tegund: heimild

Staðhættir: „Dálítið upp á Hraunsmýrinni er skurður, sem liggur frá vestri til austurs, nú nýuppgrafinn [um 1955], og heitir Móskurður, en fast við hann, aðeins austan við þjóðveginn, eru þrjár örsmáar þústir, sem heita Hraunsborgir.“ (Guðni Jónsson. 1958:144)

Lýsing: Engar minjar um Hraunsborgir fundust við Móskurð aðeins uppgröftur upp úr skurðinum.

GPS: A396866 N375498

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-65

Sérheiti: Hraunsborgir

Hlutverk: tóftir

Tegund:

Staðhættir: „Dálítið upp á Hraunsmýrinni er skurður, sem liggur frá vestri til austurs, nú nýuppgrafinn [um 1958], og heitir Móskurður, en fast við hann, aðeins austan við þjóðveginn, eru þrjár örsmáar þústir, sem heita Hraunsborgir.“ (Guðni Jónsson. 1958:144)þ

Lýsing: Engar minjar um Hraunsborgir fundust við Móskurð aðeins uppgröftur upp úr skurðinum.

GPS: A396866 N375498

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-66

Sérheiti: Hraunsborgir

Hlutverk: tóftir

Tegund:

Staðhættir: „Dálítið upp á Hraunsmýrinni er skurður, sem liggur frá vestri til austurs, nú nýuppgrafinn [um 1958], og heitir Móskurður, en fast við hann, aðeins austan við þjóðveginn, eru þrjár örsmáar þústir, sem heita Hraunsborgir.“ (Guðni Jónsson. 1958:144)þ

Lýsing: Engar minjar um Hraunsborgir fundust við Móskurð aðeins uppgröftur upp úr skurðinum.

GPS: A396866 N375498

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-67

Sérheiti: Arnhóll

Hlutverk: landamerki

Tegund:

Staðhættir: „Í elstu heimild sem til er um landamerki Stokkseyrar og Hrauns er frá því um 1270. „Jetem suarinn vitnisburður vm reka mork millum stokseyrar og hrauns, Selalöns klett og Hrauns mork. og sionhending vr Selklettum vppi arnarhöl. og Grænhöl. [68] (Diplomatarium Islandicum. II. 1888:75).

Lýsing: Mörkin voru miðuð við Arnarhól og Grænahól, en þessi örnefni eru nú gleymd. (Guðni Jónsson. 1958:144)

Horfin: Já

Heimildir:

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. II. 1888. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-68**Sérheiti:** Grænhól**Hlutverk:** landamerki**Tegund:**

„Í elstu heimild sem til er um landamerki Stokkseyrar og Hrauns erfrá því um 1270. „Jetem suarinn vitnisburður vm reka mork millum stokseyrar og hrauns, Selalöns klett og Hrauns mork. og sionhending vr Selklettum vppi arnarhöl [67]. og Grænhöl. (Diplomatarium Islandicum. II. 1888:75).

Lýsing: Mörkin voru miðuð við Arnarhól og Grænahól, en þessi örnefni eru nú gleymd (Guðni Jónsson.1958:144).

Horfin: Já**Heimildir:**

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. II. 1888. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-69**Hlutverk:** Kálgarður**Tegund:**

Staðhættir: „Skammt austur af Gamla-Hrauni [165861-145-1] í mörkum þess og Stóra-Hrauns, örskammt frá Sjógarðinum [5], var býlið Pálskot [13] ...“(Guðni Jónsson.1958:138). „[Þ]ess sér nú engin merki, því þar eru nú stórir kálgarðar, en örnefnið hefur lifað þó nú sé það að fyrnast.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:7).

Lýsing: Engar minjar um kálgarða fundust við vettvangsathugun á þessu svæði.

Horfin: Já**Heimildir:**

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

182310-143-70**Hlutverk:** Brunnur**Tegund:** Vatnsból

Staðhættir: Í NA horni bæjarhóls Stóra Hrauns [1] er brunnur.

Lýsing: Brunnurinn er hringlaga um 3 x 3 m. Í brunninum hafa verið stóra hraunhellur. Brunnur hefur verið fylltur. Hugsanlega getur þetta verið brunnurinn sem talað er um í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1708 segir: “Vatnsból spillist af sjóarstórflæðum, sem bera stand og seltu í

brunna, og er þá mjög erfitt og langt til að sækja.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:68-70).

GPS: A396219 N373799

Hættumat: Lítil hættu

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

182310-143-71

Hlutverk: Kálgarðar

Tegund:

Staðhættir: Árið „1788, eru ekki nema 5 kálgarðar alls í Stokkseryrahr., og enginn þeirra á fyrirskipuðum jörðum. Þeir voru: 2 Skúmstöðum, og einn á hverjum bæ: Stóra-Hrauni, Litla-Hrauni [165868-144] og Selinu.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:122). Tíu árum síðar virðist kálgarðurinn ekki lengur vera í notkun (Vigfús Guðmundsson. 1945:122).

Horfin: Já

Heimildir:

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

182310-143-72

Hlutverk: Hlaða

Tegund:

Staðhættir: „Og sjórinn féll þá alveg upp að Stóra-Hrauni, og það var vegur milli, íbúðarhússins [1] og fénaðarhúsanna [3], fyrir austan Stóra-Hraun, ...“ (Sjávarflóð 22.1.1925:2) Við fjósið [54] var hlaða og gekk sjór öluvert mikið í heyllöðuna, um 50 cm að dýpt. Hlaðan var dálítið niðurgrafin, og það skemmdist töluvert mikið hey (Sjávarflóð 22.1.1925:2).

Horfin: Já

Heimildir:

Sjávarflóð 22.1.1925. Allan Magnússon skráði. Örnefnastofnun.

182310-143-73

Hlutverk: Kálgarðar

Tegund:

Staðhættir: „Er svo komið 1896, að þá er kálgarður á hverju einasta býli í Stokkseryrarhreppi. ... en í Steinskoti [165873-142], Hrauni, L-Hrauni [165868-144] og Skipum [165565-172] 600 ferfm. á hverjum stað.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:130)

Lýsing: Engin merki um kálgarða er að finna við bæjarhól Hrauns.

Horfin: Já

Heimildir:

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

182310-143-74

Hlutverk: skemma

Tegund:

Staðhættir:

Lýsing: Hinn 2. janúar 1653 varð eitt hinna miklu sjávarflóða mest austan með Eyrarbakka og víða annarsstaðar. Í Sjávarborgarannál er atburðinum á Hrauni lýst hvað nákvæmast: „Á Hrauni og Háeyri á Eyrarbakka varð mestur skaði. Þar tók alla skemmuna burt með öll því í henni var og bar upp í tjarnir. Nokkuð fannst aftur af því. Nokkrar kýr drápust í fjósinu [75] á Hrauni, einn hestur í hesthúsi [76] og nokkrar kýr hjá húsunum. Sjórinn féll inn allan bæinn. Sumir menn héldu sér uppi á húsbitunum, en sumir afstóðu flóðið uppi á húsabekjum. Ekkjan Katrín [Þormóðsdóttir] missti í því stórflóði 80 hundraða.“ (Annálar 1400-1800. 1922-1927:92).

Horfin: Já

Heimildir:

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posterium sæculorum.1922-1927. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

182310-143-75

Hlutverk: fjós

Tegund:

Staðhættir:

Lýsing: Hinn 2. janúar 1653 varð eitt hinna miklu sjávarflóða mest austan með Eyrarbakka og víða annarsstaðar. Í Sjávarborgarannál er atburðinum á Hrauni lýst hvað nákvæmast: „Á Hrauni og Háeyri á Eyrarbakka varð mestur skaði. Þar tók alla skemmuna [74] burt með öll því í henni var og bar upp í tjarnir. Nokkuð fannst aftur af því. Nokkrar kýr drápust í fjósinu á Hrauni, einn hestur í hesthúsi [76] og nokkrar kýr hjá húsunum. Sjórinn féll inn allan bæinn. Sumir menn héldu sér uppi á húsbitunum, en sumir afstóðu flóðið uppi á húsabekjum. Ekkjan Katrín [Þormóðsdóttir] missti í því stórflóði 80 hundraða.“ (Annálar 1400-1800. 1922-1927:92).

Horfin: Já

Heimildir:

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posterium sæculorum.1922-1927. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

182310-143-76

Hlutverk: hesthús

Tegund:

Staðhættir:

Lýsing: Hinn 2. janúar 1653 varð eitt hinna miklu sjávarflóða mest austan með Eyrarbakka og víða annarsstaðar. Í Sjávarborgarannál er atburðinum á Hrauni lýst hvað nákvæmast: „Á Hrauni og Háeyri á Eyrarbakka varð mestur skaði. Þar tók alla skemmuna [74] burt með öll því í henni var og bar upp í tjarnir. Nokkuð fannst aftur af því. Nokkrar kýr drápust í fjósinu [75] á Hrauni, einn hestur í hesthúsi og nokkrar kýr hjá húsunum. Sjórinn féll inn allan bæinn. Sumir menn héldu sér uppi á húsbitunum, en sumir afstóðu flóðið uppi á húsapekjum. Ekkjan Katrín [Þormóðsdóttir] missti í því stórflóði 80 hundraða.“ (Annálar 1400-1800. 1922-1927:92).

Horfin: Já

Heimildir:

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posterium sæculorum.1922-1927. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

182310-143-77

Hlutverk: Útihús

Tegund: Þúst

Staðhættir: Minjarnar eru um 15 m SA frá Heiðarkoti [26] og um 50 m NV frá beinaverksmiðju.

Lýsing: Tóftin gæti hugsanlega verið útihús frá Heiðarkoti. Tóftin er um 12 m AV og um 10 m NS. Glittir í hleðslur hér og þar í tóftinni sem hæðst um 0,7 m.

GPS: A396477 N373973

Hættumat: Lítil hætta

182310-143-78

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir: Minjarnar eru um 30 m suður frá Heiðarkoti [26] og um 50 m vestur frá beinaverksmiðju. Einnig um 60 m austur af Eystra- Litlahraunsvatni.

Lýsing: Þústin er um 1 m á hæð og er um 9 m AV og um 7 m NS. Það glittir í hleðslur hér og þar í þústinni og er hún grasi gróinn. Hugsanlega gætur þústin verið leifar af Litlakoti [28] sem átti að hafa verið á þessu svæði.

GPS: A396417 N373987

Hættumat: Lítil hætta

182310-143-79

Hlutverk: Vegur

Tegund:

Staðhættir: Upphækkaður vegur hefur verið á túninu austan við Gamla-Hraunsvæg. Vestur endi garðsins er um 5 m frá Gamla-Hraunsvæg.

Lýsing: Vegurinn er um 125 m langur, hann liggur NS í um 25 m og sveigir síðan til vesturs.

GPS: A396535 N373910

Hættumat: Lítil hætta

Heimildarmaður: Jóakim Tryggvi Andrésson

182310-143-80 -ath -gæti verið hlaða eða útihús sem skráð er hér að ofan

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir: Um 20 m beint suður af Stóra Hrauni [1] eru hugsanlegar leifar útihúss. Þar er greinilegur hóll sem er um 0,5 m hár og um 8 m NS og 5 m AV. Engar hleðslur sjást en grunn er niðrá grjót. Tóftin virðist vera hluti af bæjarstæði Stóra Hrauns [1].

GPS: A396193 N373777

Hættumat: Lítil hætta

182310-143-81 - ath tóftin hugsanlega þar sem Framnes á að hafa staðið -

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir:

Lýsing: Tóftin er um 2 x 5m, hleðslur sjást á norður, suður og vestur hlið þústarinnar. Þústin er um 1 m á hæð og ofan á henni er torf. Mest sjást um 3 umför.

GPS: A396606 N373744

Hættumat: Lítil hætta

182310-143-83

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Vatnsból

Staðhættir: Í NA horni bæjarhóls Stóra Hrauns [1] er brunnur.

Lýsing: Brunnurinn er hringlaga um 3 x 3 m. Í brunninum hafa verið stóra hraunhellur. Brunnur hefur verið fylltur.

GPS: A396219 N373799

Hættumat: Lítil hætta



182310-143-84

Hlutverk: fjós

Tegund:

Staðhættir: Um 80 m norður af Stóra Hrauni [8] er hugsanlegar leifar fjóss.

Lýsing: Tóftin er um 15 m NS og 14 m AV en ofan á tóftinni er grunnt niðrá hleðslur og má sjá útlínur tóftarinnar og er utanmál hennar 13 m NS og 8 m AV. Tóftin grasi gróinn en glittir í grjót hér og þar.

GPS: A396164 N373925

Hættumat: Lítil hættu

Borg

Saga Borgar

165857-150

Borg var ein af hjáleigum Hraunshverfis og kemur kotið fyrst fyrir í heimildum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1708: „Borg, sjöunda hjáleiga, í eyði síðan næstliðna fardaga.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:71) Ekki er kunnugt um neinn ábúanda í Borg fyrr en 1729. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:71) „Stundum var býli þetta einnig nefnt Hraunsborg fyrr á tímum, sennilega til aðgreiningar frá hjáleigunni Borg hjá Villingaholti í Flóa. Borg var hjáleiga frá Hrauni og fylgdi heimajörðunni þar til við skipti eftir Magnús Bjarnason 1817.“ (Guðni Jónsson. 1958:60-1) Hjáleigur Hrauns voru sjö talsins: Litlahraun, Gamlahraun, Stuðlakot, Stéttar, Fok og Hafliðakot og er Borg skráð sú sjöunda. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:71) Lítil festa hefur verið í ábúð manna í Borg, og fáir búið þar lengi í senn að meðaltali bjuggu um sex manns í Borg. (Guðni Jónsson. 1958:61) Samkvæmt Manntalinu frá 1910 var Borg torfbær með einu (Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997:146-7) Í ritinu Sunnlenskar byggðir kemur fram að: „Bærinn stendur skammt sunnan við þjóðveginn á mörkum sands og mýrar. Undir Borg hefur verið lögð jörðin Hafliðakot (hjáleiga) sem af tók í flóði 1799. Túnið á Borg er ræktað umhverfis bæinn á sandlandi, hrauni og mómýri. Eyrarbakkaheppur keypti jörðina vorið 1977 og er hún nú ábúendalaus.“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:284).

Um skuldir, kvaðir og stærð jarðarinnar segir í Jarðabókinni: „Landskuld xxx álnir, stundum xl, galdst í landaurum ut supra. Kúgildi i. Leigur í smjöri. Kvaðir mannslán og dagsláttur ut supra [í Þorlákshöfn].“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:71) Árið 1847 var landskuld Borgar 0,30 og kúgildi eitt (Johnsen, J. 1847:60).

Náttúrufar og jarðabætur

Í bókinni Landskjálftar á Íslandi eru skýrslur presta um húsaskemdir í jarðskjálftunum 1896. Á Borg voru skráð fjögur bæjarhús og fimm peningahús fyrir skjálftana. Þrjú bæjarhús og fjögur peningahús skemmdust lítið. Eitt bæjarhús og eitt peningahús er ekki skráð (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:184-5).

Samkvæmt túnakorti sem af öllum líkindum var teiknað um 1920 var túnið í Borg um 2 ha að stærð og þar af ca. helmingur sléttað, girt í samanburði við engi. Túnið á Borg hefur verið fært út að Stokkseyrarvegi, um 1,5 ha og aðeins helmingur komin í rækt. Matjurtagarðar voru 1446 m² (Túnakort [1920] Borg).



Bærinn á Borg stóð á myndarlegum hól á túninu um 30 m sunnan vegarins að Stokkseyri, nokkru áður en komið er að Hraunsá. (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:8) Bærinn stóð fram yfir 1930 (Fasteignabók. 1932:12) og var nýr bær reistur nokkru vestar, íbúahús ásamt nokkrum útihúsum. Þau voru rifinn 2005 (Lýður Pálsson. Janúar 2005).

Samkvæmt Fasteignabók frá árinu 1932 var túnastærð „Gömlu“-Borg ekki vitað en matjurtagarðar 950 m². Túnastærð „Nýju“- Borgar var þá 1 ha og matjurtagarðar 500 m² að stærð (Fasteignabók. 1932:12). Undir Borg hefur verið lögð jörðin Hafliðakot (hjáleiga) [165857-149] sem af tók í flóði 1799.

Munnmæli

„Á Eyrarbakka í Árnessýslu er til draugur sá, sem Sels- Móri heitir. Hann er svo undir kominn, að maður var sá, er Einar hét og bjó í Borg í Hraunshverfi seint á 18. öld. Hann úthýsti dreng nokkrum, sem komið hafði flakkandi eins og svo margt fólk fleira um þær mundir austan úr Skaftafellssýslu, eftir að Skaftáreldurinn geisaði þar. Þetta var um vetur, en drengurinn bæði svangur og klæðafár og varð því úti nóttina eftir skammt frá Borg og fannst dauður í dæl þeirri, er Skersflóð heitir. Þó drenguri væri grafinn, fór smátt og smátt að bera á því, að hann fylgdi Einari og niðjum hans. Einkum er sagt, að hann hafi fylgt Þuríði og Salgerði, systurdæturum Einars, sem lengi bjó á Efra-Seli, og af því hann var þar lengst viðloða, er hann kallaður Sels-Móri.“ (Guðni Jónsson. 1958:410).

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. Landið, fólkíð og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbyggahreppur: örnefni: örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust)

Túnakort [1920]. Borg. Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Óprentaðar heimildir

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson: Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000. Handrit í eigu höfunda.

Munnlega heimild

Lýður Pálsson. Safnstjóri Byggðarsafns Árnesinga. Janúar 2006.

Fornleifaskráning Borgar

165857-150-1

Sérheiti: Borg

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund:

Staðhættir: „Á bugðunni þar sem Stokkseyrarvegur beygir að Hraunsá er hóll eða hæð í túninu á Borg, nefnist hún Gamla- Borg [4], þar var áður gamli Borgarbærinn. Skammt vestan við þá hæð er býlið Borg, sem áður hét Hraunborg. Borg hefur verið mjög lengi í byggð og hefur ásamt Gamla-Hrauni orðið lífseigast grasbýlanna í Hraunshverfi ...“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:8) „Bærinn stendur skammt sunnan við þjóðveginn á mörkum sands og mýrar.“ (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981:284) Borg stóð um 60 m vestur frá Gömlu Borg [4] og um 100 m austur frá beinaverksmiðjunni.

Lýsing: Enginn merki eru um bæinn. Svæðið var rutt árið 2005.

GPS: A396696 N373735

Hættumat: Engin hætta

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn.

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggðir: örnefni: örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjöminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust)

Túnakort [1920]. Borg. Eyrarbyggðir, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-150-2

Hlutverk: vegur

Tegund:

Staðhættir: Samkvæmt túnakort Borgar sem líklegast er teiknað um 1920. Þar er merktur inn vegur og liggur hann eins og Stokkseyrarvegur [3].

Lýsing: Enginn merki um veginn fundust við vettvangskönnun.

Horfin: Já

Heimildir:

Túnakort [1920]. Borg. Eyrarbyggðir, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-150-3

Sérheiti: Stokkseyrarvegur

Hlutverk: vegur

Tegund:

Staðhættir: Á túnakorti Borgar er Stokkseyrarvegur skráður inn, af öllum líkindum liggur hann eins og Stokkseyrarvegur liggur í dag [2006].

Lýsing: „Á bugðunni þar sem Stokkseyrarvegur beygir að Hraunsá er hóll eða hæð í túninu á Borg, nefnist hún Gamla- Borg [4], þar var áður gamli Borgarbærinn.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:8).

GPS:

Hættumat:

Heimildamaður:

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur : örnefni : örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Túnakort [1920]. Borg. Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-150-4

Sérheiti: Gamla-Borg

Hlutverk: býli

Tegund:

Staðhættir: Eldra bæjarstæði Borgar: „Á bugðunni þar sem Stokkseyrarvegur [3] beygir að Hraunsá er hóll eða hæð í túninu á Borg, nefnist hún Gamla-Borg, þar var áður gamli Borgarbærinn.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:8).

Gamla-Borg var um 30 m suður frá Stokkseyrarvegi og um 150 m NA frá Beinaverksmiðju.

Lýsing: Bæjarhóll Gömlu Borgar er um 2 m hár. Hann e4r um 30 m NS og um 40 m AV. Mikill gróður er á hólnum, strá og sóleyjar. Syðst á hólnum er rabarbararækt.

GPS: A396771 N373674

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn.

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur : örnefni : örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

165857-150-5

Sérheiti: Óhappaflóð

Hlutverk: álagablettur

Tegund:

Staðhættir: Óhappaflóð er um 5 m suður frá Stokkseyrarvegi og um 20 m norður þar sem Borg stóð. Jafnframt er flóðið um 30 m NV frá Gömlu Borg.

Lýsing: Staraflóð eitt er rétt norðan við túnið á Borg í Hraunshverfi (Bjarni Harðarson. 2001:80). „Bannað var að slá það, enda vissi eg [Sigurður Guðmundsson ábúandi í Gamla-Hrauni] eigi til, að það væri nokkurn tíma gert. En það sagði Jónas Halldórsson, sem bjó lengi í Borg, að hann hefði reynt það að taka staratuggu úr flóðinu, ef kýr veiktist hjá honum, og gefa henni, og hefði það aldrei brugðizt sér, að kúnni batnaði.“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:54). Í viðbótum Sigurðar Andersen kemur fram að flóðið hafi verið nefnt Óhappaflóð (Guðmundur Þórarinsson. 1997:62). Greinilegt að á svæðinu þar sem Óhappaflóð var hefur verið flóð en núna er þar mýri. Gróðurinn á svæðinu sem er um 50 x 50 er votlendisgróður og áberandi annar en í umhverfinu í kring. Nokkrir steinar eru við vestur enda flóðsins.

GPS: A396716 N373799

Hættumat: Engin hætta

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. Eyrarbyggahreppur: örnefni: örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

165857-150-6

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: garður

Staðhættir: Samkvæmt túnakorti sem var líklega teiknað um 1920 er skráður matjurtagarður.

Lýsing: Ekki sjást neinar minjar um matjurtagarðinn.

Hrorfin: Já.

Hættumat: Lítil hætta.

Heimildir:

Túnakort [1920]. Borg. Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Fok

Saga Foks

Fok var elsta nafngreinda þurrabúðin í Hraunhverfi, og er fyrst getið í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1708. „Fok, tómthús, byggt af heimajörðinni undir 20 ár. Var hjer engin ákveðin húsleiga, so menn minnst, heldur ljeði heimabóndinn þetta hús fátækum mönnum ókeypís til hýbýla, og

lagðist í auðn næstliðið ár [1707]. “⁶⁵ Samkvæmt *Jarðabókinni* má ráða, að Fok var fyrst byggt sem þurrabúð frá Stóra-Hrauni [182310-143] um 1690.⁶⁶ „Árið 1703 er enginn ábúandi í Foki, og hefir byggð verið þar stopul framan af, en er fram liðu stundir, var Fok byggt með jarðnæði sem aðrar hjáleigur í Hraunshverfi.“⁶⁷ Búið á Foki var lítið, eins og ráða má af vísu Sigfúsar Guðmundssonar snikkara [1846-1849]:

Í Foki eru fjórar ær

fram talið, og ein er kýr
margar líka merar tvær,
Metúsalem forn og nýr.⁶⁸

Samkvæmt *Manntali 1801*, voru ábúendur í Foki sex⁶⁹, 16 árum síðar bjuggu þar fimm manns⁷⁰. Í suðurmati *Manntalsins á Íslandi 1945* eru skráðir þrír ábúendur í Foki.⁷¹ Samkvæmt *Manntali á Íslandi 1910* er Fok skráð þurrabúð og þar bjuggu átta manns.⁷² Seinasti ábúandi í Foki bjó þar frá 1904-1913.⁷³

„Þar, sem bugðan kemur á Gamla-Hraunsveg [182310-143-19] að norðan, örlitlu austar en nú er rafmagnsspennistöðin, heitir Foksholt. Þegar Gamla-Hraunsvegur var lagður, fundust þar mannabein. Enginn vissi, hvernig á þeim stóð þar, en gömul voru þau og fúin nokkuð. Munnmæli söguð, að einhvern tíma hafði sýslumaður verið á Stóra-Hrauni, harðjagl mikill og hefði hann látið dysja þarna einhverja aumingja og talið honum fullgott handa honum að liggja þar. Hæð er á Foksholtinu og stóð þar býlið Fok, og sér enn tóftirnar [1955]. Stóð það einna hæst í Hraunshverfinu.“⁷⁴ Samkvæmt ritinu *Eyrarbyggðir örnefni stóðu tóftirnar þar í langan tíma, eru sem sagt horfnar.*⁷⁵

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Foks voru þrjú talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru þrjú. Við skjálftana skemmdust öll húsin lítið.⁷⁶

Heimildaskrá

⁶⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 72.

⁶⁶ Guðni Jónsson. 1958, bls. 72.

⁶⁷ Guðni Jónsson. 1958, bls. 72.

⁶⁸ Guðni Jónsson. 1958, bls. 75.

⁶⁹ *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978, bls. 214.

⁷⁰ *Manntal á Íslandi 1816.* 1947-74, bls. 300.

⁷¹ *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982, bls. 219.

⁷² *Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla.* 1997, bls. 148-9

⁷³ Guðni Jónsson. 1958, bls. 77..

⁷⁴ Guðni Jónsson. 1958, bls. 141.

⁷⁵ Guðmundur Þórarinnsson. 1997, bls. 8-9.

⁷⁶ Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905, bls. 185.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Þorvaldur Þoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Fornleifaskráning Foks


182313-148-1

Sérheiti: Fok

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund:

Staðhættir: „Þar, sem bugðan kemur á Gamla-Hraunsveg [182310-143-19] að norðan, örlitlu austar en nú er rafmagnsspennistöðin, heitir Foksholt. ...Hæð er á Foksholtinu og stóð þar býlið Fok, og sér enn tóftirnar [1955]. Stóð það einna hæst í Hraunshverfinu.“ (Guðni Jónsson.1958:141). Samkvæmt ritinu *Eyrarbyggahreppur örnefni*



stóðu tóftirnar þar í langan tíma, eru sem sagt horfnar. (Guðmundur Þórarinsson. 1997:8-9). Fok var um 5 m frá Gamla-Hraunsveg og um 15 m frá Fjósdæl [182310-143-24].

Lýsing: Fok var elsta nafngreinda þurrabúðin í Hraunshverfi, og er getið fyrst getið í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1708. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:72). Fok fór í eyði árið 1913. (Guðni Jónsson. 1958:77). Greinilegar rústir eru þar Fok á að hafa staðið samkvæmt heimildum og heimildarmönnum. Bæjarhóllinn er um 1 m og liggur við brún. Glittir í hraun hér og þar í hólnum en engar greinilegar hleðslur. Bæjarhóllinn er um 16 m AV og um 5 m NS. Fast vestan við tóftina er brunnur [2]

GPS: A396341 N373994

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Margrét og Pétur Friðriksbörn.

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen.* Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

182313-148-2

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Brunnur

Staðhættir: Fast við vestur enda Foks er brunnur.

Lýsing: Brunnurinn hringlaga og er 1,5 x 1,5 m. Hæð er 0,5 og sjást hleðslur vel í honum þrátt fyrir að hann sé grasi gróinn. Fyllt hefur verið í brunninn.

GPS: A396304 N373696

Hættumat: Lítil hætta

Stéttarendi/Stéttar

Saga Stéttar

Stéttar hétu upphaflega Stéttarendi og eru nefndir því nafni í *Jarðbók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1708.⁷⁷ „Stiattarende, önnur hjáleiga. Dýrleikinn ut supra [talinn með heimajörðinni Stóra-Hrauni]. Ábúandinn Þórður Jónsson. Landskuld lx áldnir í landaurum út supra [heima á jörðunni. Kúgildi ii. Leigur í smjöri ut supra [til heimabóndans]. Kvaðir manslán og dagsláttur ut supra [í Þorlákshöfn um vertíð].“⁷⁸ „Stéttar voru á milli Stóra-Hrauns [182310-143] og Gamla-Hrauns [165861-145] og þó nær Stóra-Hrauni, svo túnin lágu saman. Við arfaskipti eftir Magnús Bjarnason á Stóra-Hrauni 1817 gengu Stéttar undan heimajörðinni ...“⁷⁹.

Í *Manntalinu 1703*, eru hjáleigur Stóra-Hrauns [182310-143] sex talsins. Hjáleigurnar eru ónafngreindar, en getið eru um staðsettingu þeirra. Þriðja hjáleigan var fyrir austan Stóra-Hraun og þar bjó Guðmundur Narfason ásamt konu sinni, vinnupilt og niðursetingi.⁸⁰ Samkvæmt *Sögur Hraunhverfis á Eyrarbakka* bjó Guðmundur Narfason á Stéttum.⁸¹ Á Stéttum bjuggu að meðaltali sjö manns, árið 1801 bjuggu þar fimm manns,⁸² níu manns bjuggu þar árið 1816,⁸³ og sjö þar 1845.⁸⁴ Seinasti ábúandi Stétta bjó þar árunum 1869-1905.⁸⁵ „Á túnrananum suður af Foki [182313-148] er smáhóll, og stóð þar býli það, er fyrrum hét Stéttarendi, en síðar Stéttar. Þar var ein frægasta kona Árneshings, Þuríður formaður, fædd og uppalin.“⁸⁶

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Stétta voru fjögur talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru þrjú. Við skjálftana skemmdust bæjarhúsin lítið, en tvö peningahús skemmdust mikið en eitt var lítið skemmt.⁸⁷

Fornleifaskráning Stéttar

182312-147-1

Sérheiti: Stéttar

⁷⁷ Guðni Jónsson. 1958, bls. 101.

⁷⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 70.

⁷⁹ Guðni Jónsson. 1958, bls. 101.

⁸⁰ *Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947, bls. 596.

⁸¹ Guðni Jónsson. 1958, bls. 78.

⁸² *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978, bls. 213.

⁸³ *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-74, bls. 301.

⁸⁴ *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982, bls. 219.

⁸⁵ Guðni Jónsson. 1958, bls. 109.

⁸⁶ Guðni Jónsson. 1958, bls. 141.

⁸⁷ Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905, bls. 185.

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir: „Á túnrananum suður af Foki [182313-148] er smáhóll, og stóð þar býli það, er fyrrum hét Stéttarendi, en síðar Stéttar.“ (Guðni Jónsson. 1958:141). „Stéttar voru á milli Stóra-Hrauns [182310-143] og Gamla-Hrauns [165861-145] og þó nær Stóra-Hrauni, svo túnin lágu saman. Við arfaskipti eftir Magnús Bjarnason á Stóra-Hrauni 1817 gengu Stéttar undan heimajörðinni ...“(Guðni Jónsson. 1958:101). Stéttar voru um 30 SV af Foki [182313-148-1] og um 50 m SA af Stóra Hrauni [182310-143-1].

Lýsing: Stéttar hétu upphaflega Stéttarendi og eru nefndir því nafni í *Jarðbók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1708.(Guðni Jónsson. 1958:101). Seinasti ábúandi Stétta bjó þar árið 1905 (Guðni Jónsson. 1958:109). Bæjarhóll Stétta er 27 m NS og 26 m AV. Dæld er ofan á hólnum og glittir í hleðslu hér og þar í hólnum sem er um 3 m hár. Leið [4] liggur frá bæjarhólnum að útihúsi [3].

GPS: A396230 N373696

Hættumat: Vegna ágangs hesta

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

182312-147-2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir: Um 60 m SV frá beinaverksmiðju og um 30 m suður af fjósi [182310-143-3]. Jafnframt er tóftin um 30 m norður af Stéttum [1].

Lýsing: Tóftin er um 1,5 m há, hringlaga 9 x 9m. Engar hleðslur sjást á hólnum og er hann grasigróinn. Á suðurhlið hólsins verða útlínur tóftarinnar óljósar sem gæti bent til að það hafi verið leið á milli Stétta og útihússins.

GPS: A396272 N373742

Hættumat: Lítil hætta

182312-147-3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Útihús

Staðhættir: Tóft er um 10 m suður af Stéttum [1] og 100 m norður af íbúðarhúsum Gamla Hrauns.

Lýsing: Utanmál tóftarinnar er 12,5 m NS og 6 m AV. Tóftin skiptist í tvö hólf og dyr eru líklegast í vestur. Tóftin er um 1,5 m á hæð og grasi gróinn en það glittir í hleðslur hér og þar. Leið [4] liggur frá útihúsinu að Stéttum [1].

GPS: A396217 N373666

Hættumat: Lítil hætta

182312-147-4

Hlutverk: Leið

Tegund: Leið

Staðhættir: Leið liggur AV á milli Stétta [1] og útihúss [3] sem eru 9 m.

Lýsing: Leiðin er gróin og um 2 m breið og 0,5 m há.

GPS: A373678 N396217

Hættumat: Lítil hætta

182312-147-5

Hlutverk: útihús

Tegund: útihús

Staðhættir: Þrír hólar eru um 30 m SA af Stéttum [1]. Miðhóllinn er um 3 m frá vestasta hólnum [6].

Lýsing: Miðhóllinn er um 9 m NS og 10 m AV og um 1 m á hæð. Grasi gróinn, engar hleðslur sjást.

GPS: A396209 N373619

Hættumat: Lítil hætta

182312-147-6

Hlutverk: útihús

Tegund: útihús

Staðhættir: Þrír hólar eru um 30 m SA af Stéttum [1]. Vestasti hóllinn er um 3 m frá miðhólnum hólnum [5].

Lýsing: Vestasti hóllinn er um 10 m AV og 9 m NS og um 1,5 m á hæð. Grasi gróinn, engar hleðslur sjást.

GPS: A396200 N373625

Hættumat: Lítil hætta

182312-147-7

Hlutverk: útihús

Tegund: útihús

Staðhættir: Þrír hólar eru um 30 m SA af Stéttum [1]. Austasti hóllinn er um 9 m frá miðhól [5].

Lýsing: Austasti hóllinn er lægri en hinir hólarnir [5] og [6]. Hóllinn er um 0,5 m á hæð og þar glittir í hleðslur ofan á hólnum og dælur svo hægt að greina veggjabrot. Hóllinn er 7 m NS og 7 m AV. Járngripur sem virðist vera skófluhaus er ofan á hólnum.

GPS: A396232 N373612

Hættumat: Lítil hætta

Stöðlakot

Saga Stöðlakot

Stöðlakot er fyrst nefnt í *Jarðbók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1708. „Stöðlakot, þriðja hjáleiga. Dýrleikinn ut supra [talinn í heimajörðinni Stóra-Hrauni]. Ábúandinn Vigdís Jónsdóttir. Landskuld xxx álnir í landaurum ut supra [heima á jörðunni]. Kúgildi, ekkert inn til næstiliðinna fardaga i. Leigur guldust í smjöri ut supra [til heimabóndans]. Kvaðir öngvar. Voru áður mannlán og dagsláttur ut supra [til Þorlákshafnar].“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921: 70) Stöðlakot stóð norðaustur frá Stóra-Hrauni [182310-143], og lágu túnin saman. (Guðni Jónsson. 1958: 110) „Við arfaskipti eftir Magnús Bjarnason 1817 gekk Stöðlakotið undan heimajörðinni ...“ (Guðni Jónsson. 1958: 110).

Í *Manntalinu 1703*, eru hjáleigur Stóra-Hrauns [182310-143] sex talsins. Hjáleigurnar eru ónafngreindar, en getið eru um staðsetningu þeirra. Fjórða hjáleigan var fyrir norðan Stóra-Hraunog þar bjó Þórður Jónsson. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947: 596) Samkvæmt *Sögur Hraunhverfis á Eyrarbakka* bjó Þórður Jónsson í Stöðlakoti. (Guðni Jónsson. 1958: 110) Árið 1801 bjuggu sex manns. (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978: 213) í Stöðlakoti, árið 1816 bjuggur þar þrjár manneskjur (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-74: 300) en um 30 árum síðar bjuggur þar sex manns. Níu manns. (*Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982: 219) Síðasti bóndi Stöðlakots bjó þar árunum 1893-1902. (Guðni Jónsson. 1958: 109) „Norðaustur af yngra bæjarstæðinu á Stóra-Hrauni [182310-143-1] er tóftarbrot af gömlu býli, sem hét Stöðlakot. Það fór í eyði 1902 ...“ (Guðni Jónsson. 1958: 109) Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi árið 1847* var dýrleiki Stöðlakots ekki skráð en landskuld var 0,30. (Johnsen, J. 1847: 60) Í *Jarðabókinni 1861* er Stöðlakot metið á 2,78-4 hundruð (Vigfús Guðmundsson. 1960: 56).

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Stöðlakot voru fjögur talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru fimm. Við skjálftana skemmdust öll húsin lítið (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185).

Fornleifaskráning Stöðlakots

182311-146-1

Sérheiti: *Stöðlakot*

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir: „Norðaustur af yngra bæjarstæðinu á Stóra-Hrauni [182310-143-1] er tóftarbrot af gömlu býli, sem hét Stöðlakot.“ (Guðni Jónsson. 1958:141).Tún

bæjanna lágu saman. (Guðni Jónsson. 1958:110). Samkvæmt loftmynd þar sem örnefni úr Hraunshverfinu eru skráð er bæjarhóll Stöðlakots er um 40 m norður frá rafmagnstöðinni. (Loftmynd LMÍ M 3522). Jafnframt um 50 m SV frá beinaverksmiðju og um 60m suður frá Stokkseyrarvegi.

Lýsing: Stöðlakot er fyrst nefnt í *Jarðbók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1708. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:70). Stöðlakot fór í eyði árið 1902 (Guðni Jónsson. 1958:141). Bæjarhóll Stöðlakots er um 0,7 m hár og um 8 m AV og 8 m NS. Engar hleðslur sjást í hólnum. Hóllinn er grasi gróinn eins og umhverfið í kring.

GPS: A396338 N373852

Hættumat: Lítil hættu

Hafliðakot/Elliðakot

Saga Hafliðakots/Elliðakot

165857-149

„Hafliðakot var kennt við Hafliða Þorsteinsson, er bjó þar lengi á fyrri hluta 18. aldar, en áður hét það Elliðakot.“ (Guðni Jónsson. 1958, bls. 77). Kemur það fyrst með því nafni í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín árið 1708. „Ellidakot, fyrsta hjáleiga. Dýrleikinn áður talinn í heimajörðinni. Sturlaugur Álfsson er ábúandinn. Landskuld xxx álnir í landaurum heima á jörðunni. Kúgildi i. Leigur gjaldast í smjöri til heimabóndans. Kvaðir dagsláttur, geldst in natura, mannlán í Þorlákshöfn um vertíð, leysist með x álnum, ef ei geldst in natura.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 70) *Jarðabókin* er eina heimildin þar sem nafn Elliðakots kemur fram. „Hafliðakot var eina hjáleigan, sem fylgdi heimajörðinni við skipti eftir Magnús Bjarnason á Stóra-Hrauni [182310-143] árið 1817, ... “ (Guðni Jónsson. 1958, bls. 77). Í Manntalinu 1703, eru hjáleigur Stóra-Hrauns [182310-143] sex talsins. Hjáleigurnar eru ónafngreindar, en getið eru um staðsetningu þeirra. Fimmta hjáleigan var austur frá Hrauninu og þar bjó Ormur Erlendsson ásamt þrem systkinum sínum. (Guðni Jónsson. 1958, bls. 77) Samkvæmt *Sögu Hraunhverfis á Eyrarbakka* bjó Ormur í Hafliðakoti en hann var sonur Erlends Sigurðssonar sem sagður er fyrsti ábúandi kotsins árið 1675-1695 (Guðni Jónsson. 1958, bls. 78). Í Hafliðakoti bjuggu að meðaltali sex manns, árið 1801 bjuggu þar sex manns, (Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978, bls. 213) sjö manns bjuggu þar árið 1816 (Manntal á Íslandi 1816. 1947-74, bls. 300-1) og fjórir þar 1845. (Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982, bls. 219) Samkvæmt Manntali á Íslandi 1910 er skráð í Hafliðakoti, eitt timburhús sem er tvíbýli. (Manntal á Íslandi 1910. III Árnæssýsla. 1997, bls. 148-9) Seinasti ábúandi Hafliðakots bjó þar frá í eitt ár 1931-1932. (Guðni Jónsson. 1958, bls. 84) Skammt suðvestur af Framnestóftum [182310-143-56] eru miklar bæjarrústir.

Þær eru af býli því, er fyrrum hét Elliðakot [165857-149-1] en síðari tímum Hafliðakot (Guðni Jónsson. 1958, bls. 140).

Samkvæmt ritinu Sunnlenskum byggðum hefur Hafliðakot verið lagt undir Borg [165857-150]. Þar kemur jafnframt fram að hjáleigan hafi farið í eyði í flóði 1799, en þar hefur af öllum líkindum verið ruglað saman við býlið Salthól [182310-143-10] (Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981, bls. 284).

Samkvæmt Jarðatali á Íslandi árið 1847 var dýrleiki Hafliðakots ekki skráð en landskuld var 0,30 og kúgildi eitt. (Johnsen, J. 1847, bls. 60) Í Jarðabókinni 1861 er Hafliðakot metið á 2,78-4 hundruð (Vigfús Guðmundsson. 1960, bls. 56).

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Hafliðakots voru fimm talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningshúsin voru tíu. Við skjálftana skemmdust þrjú bæjarhús lítið, en ekki er skráð um ástand tveggja þeirra. Sex peningahús skemmdust lítið en um afdrif fjögurra þeirra eru heldur ekki skráð (Vigfús Guðmundsson. 1960, bls. 56). Á túnakort sem líklega er teiknað um 1920 er skráður bær, tvö útihús og matjurtagarður sem var 1032 m². Stærð túnsins var 1,8 ha þar af er ¹/₃slétt. Jafnframt er teiknað á túnakortið, veg frá bænum, grjóthóla og götu meðfram þeim (Túnakort [1920] Hafliðakot).

Samkvæmt Fasteignabók frá árinu 1932, var túnastærð Hafliðakots 2 ha og matjurtagarðar 1300m² að stærð. (Fasteignabók. 1932, bls. 12) Samkvæmt vef Fasteignamats ríkisins er Hafliðakot sem sama fasteignanúmer og Borg. Á jörð Hafliðakots eru skráðar fimm byggingar, alifuglahús, tvö hesthús, hlaða og skúr sem eru byggð á árunum 1930-1932 (Fasteignamat ríkisins).

Munnmæli

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er saga sem heitir Álfkonan í Skollhól, þar er sagt að Eyvakot sé skammt fyrir sunnan og austan íbúðarhús Bakkakaupmannsins þar sem það er nú (Jón Árnason. 1954, bls. 35). Ekki er vitað til þess að Bakkakaupmaður hafi verið í Hraunshverfinu, og ef Bakkakaupmannshúsið er „Húsið“ í Skúmstaðalandi þá er staðsetningin ekki rétt.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). Landskrá fasteigna. Borg m/Hafliðakoti. Sveitafélagið. Árborg. Sótt 28. júlí 2005 af <http://www.fmr.is>

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Árnason. 1954. Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. I. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan þjóðsaga, Reykjavík.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnassýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. Hafliðakot. Eyrarbyggahreppur, Árnassýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Fornleifaskráning Hafliðakots/Elliðakots

165857-149-1

Sérheiti: Hafliðakot

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund: Bæjarhóll

Staðhættir: Skammt suðvestur af Framnestóftum [182310-143-56] eru miklar bæjarrústir. Þær eru af býli því, er fyrrum hét Elliðakot en síðari tímum Hafliðakot. (Guðni Jónsson. 1958:140).

Lýsing: Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er Elliðakot talin upp sem fyrsta hjáleiga Hrauns. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:70) Á túnakorti er bær Hafliðakots



Bæjarhóll Hafliðakots. Tekið í suður.

skráður. (Túnakort [1920]) Bæjarhóllinn er um 2 m hár og 90 m AV og 70 m NS. Gróinn sóleyjum og grasi. Samkvæmt heimildarmanni var Hafliðakot 2 hæða hús.

GPS: A396420 N373754

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Pétur Friðriksson

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Túnakort [1920]. Hafliðakot. Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-149-2

Hlutverk: útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð tvö útihús (Túnakort [1920].) Útihúsið er um 90 m suðaustur af bæjarhól Hafliðakots. Tóftin er mjög greinileg í umhverfinu og stendur á hæð.

Lýsing: Tóftin er mjög



Hleðslur í suðurvegg útihús

heillega og standa allir veggir þó tveir, norður og vestur veggir séu aðeins farnir að hrynja. Hæst standa hleðslur um 2 m og má segja að suðurveggur og gafl sem snýr í austur séu óskemmdir. Innanmál tóftarinnar eru 3x2 m og breidd veggja 1-1-1/2m.

GPS: E 396499 N 373699

Hættumat: Ágangur hesta

Heimildamaður:

Heimildir:

Túnakort [1920]. Hafliðakot. Eyrarbyggð, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-149-3

Hlutverk: útihús

Tegund: Þúst

Staðhættir: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð tvö útihús (Túnakort [1920].) um 15 m norður af útihúsi [2] er hæð. Sjáanlegar.

Lýsing: Greinilegt er að á hæðinni hefur staðið útihús, þó engar augljósar minjar um útihúsið séu lengur, en eftir stendur hóll sem hefur myndast vegna endurtekinna bygginga á sama stað.

GPS: A396501 N373700

Heimildir:

Túnakort [1920]. Hafliðakot. Eyrarbyggð, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.



Þúst við hlið útihúss í vinstra horni myndar. Tekið í norður.

165857-149-4

Hlutverk: leið

Tegund: Vegur

Staðhættir: Á túnakorti sem líklegast var teiknað um 1920, er skráð leið. (Túnakort [1920].) Frá bæjarhól Hafliðakots í austur í átt að bænum Borg má sjá upphækkun í landinu. Er þetta að öllum líkindum vegur, ólíklegur er að um sokkinn túngarð sé að ræða þó það sé



Vegur í átt að bæjarhól. Tekið í suður.

möguleiki.

Lýsing: Liggur vegur þessi framhjá útihúsum [2-3] og við dælu eina nálægt útihúsum má sjá að vegurinn hefur berið hækkaður upp með hraungrýti, á öðrum stöðum sér ekki í neitt grjót. Breidd vegarins er um 2-3 m og stendur um 40 cm hærra en umhverfið í kring. GPS var tekin nálægt útihúsum.

GPS: A396611 N373735

Hættumat:

Heimildir:

Túnakort [1920]. Hafliðakot. Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

165857-149-5

Hlutverk: óþekkt/rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Á Hafliðakotstúni um 90 m suð-austur af bæjarhól Hafliðakots er garðlag.

Garðlagið er um 5m frá upphlöðnum vegi sem kallast Stokkur og er skráður undir Stóra-Hrauni.

Lýsing: Garðlag þetta er í boga og ber öll einkenni þess að vera rétt, hugsanlega nátthagi.

Garðlagið liggur í boga frá austri til vesturs, hlaðinn úr hrauni og er um 1-1 1/2m að breidd og 28 m að lengd.

GPS: A396447 N373668

Hættumat: Hætta vegna ágangs hesta



Garðlag, líklega rétt af einhverju tagi, útihús í fjarska.

165857-149-6

Hlutverk: óþekkt/leið

Tegund: troðningur

Staðhættir: Meðfram bæjarhól Hafliðakots má sjá troðning.

Lýsing: Troðningurinn er um 30 cm djúpur og liggur meðfram bæjarhól og í norðurátt í átt að Beinaverksmiðju. Ekki er víst hversu gömul leiðin er



Troðningur við bæjarhól Hafliðakots. Tekið í norður.

en líklegt er að hestar sem ganga um svæðið í dag gangi í gömlum troðningum þess vegna er troðningurinn svona skýr. GPS tekið við bæjarhól.

GPS: A396446 N3737499

Hættumat: Lítil hættu.

165857-149-7

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: 50 m austur af beinaverksmiðju og um 4 m suður af vegi sem liggur er garðalag.

Lýsing: Garður þessi er hlaðinn úr hrauni og er mikið sokkinn, hugsanlega hefur grjót verið tekið úr honum. Garðurinn lítur út fyrir að vera nokkuð gamall. Garðurinn hefur verið rofinn af



Garðlag innan deiliskipulagsreits.

veginum með liggur að Gamla Hrauni en á loftmynd sést að hann heldur áfram í átt að Litla Hrauni. Garðurinn hefur verið tekinn þar sem tún hefur verið gert svokallað Norðurtún. Garðurinn liggur í boga og gæti hafa verið túngarður um býlið Framnes sem þarna stóð. Garðurinn er um 200 m að lengd og um 1-2 m á breidd

GPS: norðurendi A396630 N373868 - suður endi A396533 N383907

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

165857-149-7


Hlutverk: óþekkt

Tegund: Rústasvæði

Staðhættir: Við austurgafi Beinamjölsværksmiðju er svæði sem líklegt er að sé minjasvæði.

Svæðið afmarkast af veginum að Gamlahrauni til suðurs og heim að girðingu við bæjarhól Hafliðakots og eru það um 45 m og frá austurgafli

Beinamjölsværksmiðju heim að girðingu til austurs og eru það 50 metrar.



Lýsing: Mikið er um þústir á svæðinu og nokkuð háar allt að 2 m. Mikið hraun stendur upp úr jarðvegi og myndar á mörgum stöðum beinar línur sem oft bendir til mannvistaleifa. Eining er mikið um dældir á svæðinu. Þegar þetta er allt skoðað saman eru nokkrar líkur að þessar þústir séu merki um að þarna hafi staðið mannvirki. Svæðið var allt skráð saman á eitt númer.



Hluti að rústasvæðinu. Tekið í suður.

GPS: A396572 N373900

Litla Hraun

Saga Litla Hrauns

165868-144

Litla-Hraun er af öllum líkindum ein af elstu hjáleigum frá Hrauni.⁸⁸ Býlið kemur fyrst fram í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, sen er rituð frá þessu svæði í ágúst árið 1708 er býli þessu lýst svo: „Litla Hraun, fimta hjáleiga. Dýrleiki ut supra. [talinn í heimajörðinni] Ábúandinn Hallur Þórðarson. Landskuld lx álnir í landaurum ut supra [heima á jörðinni]. Kúgildi iiii. Leigur í smjöri ut supra [til heimabóndans]. Kvaðir eru ut supra [eru engar voru áður mannslán og dagsláttur í Þorlákshöfn].“⁸⁹ „Bærinn stóð fyrir norðan vatnið, dálítinn spöl vestur frá Stóra-Hrauni. Litla-Hraun fylgdi jafnan heimajörðinni, unz búi Magnúsar Bjarnasonar á Stóra-Hrauni var skipt árið 1817.“⁹⁰

Bjuggu þar margir ágætu búi, árið 1801 voru ábúendur Litla-Hrauns⁹¹ og átta manns bjuggu þar árið 1816⁹² og fjórir þar 1845.⁹³ Samkvæmt *Manntali á Íslandi 1910* eru skráð á Litla-Hrauni einn bær og ein þurrabúð, bærinn er fjögurra

⁸⁸ Guðni Jónsson. 1958, bls. 85.

⁸⁹ Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921, bls. 71.

⁹⁰ Guðni Jónsson. 1958, bls. 85.

⁹¹ *Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt.* 1978, bls. 213.

⁹² *Manntal á Íslandi 1816.* 1947-74, bls. 300.

⁹³ *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt.* 1982, bls. 218.

herbergja timburhús með steingrunni. Þurrabúðin nefnist Hraunskot og er eins herberja torfbær.⁹⁴

Samkvæmt *Jarðatali á Íslandi* árið 1847 var dýrleiki Litla-Hrauns ekki skráð en landskuld var 0,20 og kúgildi þrjú.⁹⁵ Í *Jarðabókinni 1861* er Litla Hraun metið á 6,55 hundruð.⁹⁶ Á 19. öld var þar sýslumannssetur í tíð Þórðar Guðmundssonar kammerráðs 1853-1884.⁹⁷ Um skeið og síðar var prestssetur stuttan tíma á Litla Hrauni.⁹⁸ Síðasti ábúandi á Litla-Hrauni bjó þar 1920-21 og árið 1928 var jörðin lögð undir Vinnuhælið á Eyrarbakka.⁹⁹

Náttúrufar og jarðabætur

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir hafa oft valdið miklum usla við ströndina. Húsin á jörð Litla-Hrauns voru átta talsins fyrir jarðskjálftana sem urðu árið 1896 og peningahúsin voru sjö. Tvö bæjarhús voru í Litla-Hrauni annað þeirra var timburhús, þrjú í Hraunskoti og þrjú í Hrauntúni. Við skjálftana skemmdust öll lítið. Peningahúsin sem voru tilheyrðu Litla-Hrauni voru fimm og þau skemmdust lítið en tvö þeirra voru ekki á skráð.¹⁰⁰ „Litla-Hraunshúsið, brann nóttina 5.des 1903. „Það hús var notað fyrir mannaíbúð, nautkindur og sauðkindur.“ Húsið var gamalt og lekt ... tókst að bjarga miklum munum og heyllöðu þar nærri“¹⁰¹

Á túnakort sem líklega er teiknað um 1920 er skráður bær, tveir matjurtagarður sem voru samtals 3556 m². Túnið 1,7 ha þar af er ¹/₆ slétt, útgræðsla túnsins er 3,3 ha og er hún öll slétt. Túnið og útgræðsla eru oft í sambandi við engjar. Jafnframt er bærinn Gígjasteinn skráður í horni túnútgræðsluna og sjógarður.¹⁰² Samkvæmt *Fasteignabók* frá árinu 1932, var túnastærð Litla-Hrauns 4 ha og matjurtagarðar 21000m² að stærð.¹⁰³ Árið 1977 var austurtúnið skráð 73 ha.¹⁰⁴

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

⁹⁴ *Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997, bls. 150-3.

⁹⁵ Johnsen, J. 1847, bls. 60.

⁹⁶ Vigfús Guðmundsson. 1960, bls. 56.

⁹⁷ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 282.

⁹⁸ Guðni Jónsson. 1958, bls. 85.

⁹⁹ Guðni Jónsson. 1958, bls. 85.

¹⁰⁰ Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905, bls. 185.

¹⁰¹ Vigfús Guðmundsson. 1945, bls. 212.

¹⁰² *Túnakort [1920] Litlahraun*.

¹⁰³ *Fasteignabók*. 1932, bls. 12.

¹⁰⁴ *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981, bls. 283.

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska forleifafélags*.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1937. Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggðir örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1-3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Litlahraun Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vígfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbyggja*. Fyrra bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.

Fornleifaskráning Litla Hrauns

165868-144-1

Sérheiti: Litla Hraun

Hlutverk: bæjarhóll bústaður

Tegund: heimild

Staðhættir: „Á allhárri hæð vestan við vatnið stóð um margar aldir býlið Litla-Hraun, en nú eru þar fjárhús frá vinnuhælinu á Litla-Hrauni...fór í eyði 1922.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997: 9-10) Engar leifar af bæjarhólnum fundust á því svæði sem hann er merktur inn á loftmynd (*Loftmynd LMÍ M 3522*) þar sem örnefni í Hraunshverfi eru skráð.

Lýsing: Tún hefur verið sléttað í kring á þessu svæði og af öllum líkindum hefur bæjarhóllinn verið sléttaður.

GPS: A395887 N374305

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrarbyggahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrarbyggja, Eyrarbyggja.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbyggja.

Túnakort [1920]. *Litlahraun Eyrarbyggahreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

165868-144-2

Hlutverk: leið

Tegund: leið

Staðhættir: Vegur liggur frá meintum bæjarhól Litla Hrauns [1] í NS í átt að Eyrarbyggkavegi.

Lýsing: Í um 30 m frá hinum meinar bæjarhól er leifar af trébrú þar sem vegurinn liggur yfir mýri en þar er vegurinn um 0,5 m hár og sést vel í hleðslur í vegbrúninni. Vegurinn liggur í um 100 m þar koma vegarmót og þar liggur annar vegur [3] í AV. Frá vegamótum að hliði við Eyrarbakkaveg liggur vegurinn um 166 m og er hann því samtals 266 m langur. Vegurinn er um 3 m breiður og glittir í hleðslur hér og þar.

GPS: A395981 N374529

Hættumat: Lítil hætta

Túnakort [1920]. *Litlahraun Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

165868-144-3

Hlutverk: leið

Tegund: leið

Staðhættir: Leið liggur um 150 m frá vegamótum leiðar [2] að útihúsum [14]

Lýsing: Leiðin er upphækkuð austast og hverfur svo við útihúsatóftina [14]. Glittir í steina á stöku stað.

GPS: A395782 N374484

Hættumat: Lítil hætta

Heimildir:

Túnakort [1920]. *Litlahraun Eyrarbakkaheppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

165868-144-4

Sérheiti: Sjávargata/ Gýgjarsteinn

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðhættir: „Spölkorn vestan Gamla-Sandhól, rétt við mörk Litla-Hrauns og Háeyrar var býlið Sjávargata, er síðar nefnt Gýgjarsteinn ...“ (Guðni Jónsson. 1958:139).

Samkvæmt loftmynd (*Loftmynd LMÍ M 3522*) var Gýgjarsteinn í túninu rétt ofan við sjóvarnargarð [5] á horninu þar sem vegurinn beygir að öskuhaugum Eyrarbakka.

Lýsing: „*Gýgjarsteinn* stendur á sjávarbakkanum niður undan Litla-Hrauni við götuna, sem lá frá Gamla-Hrauni út á Eyrarbakka. Bær þessi hét fyrst Sjávargata, og var það sannnefni. Hann var byggður 1893 af Sigurði Þorgeirssyni, en um 1913 var reist þar steinhús, og um sömu mundir var nafninu breytt í Gýgjarstein...Í mörg ár var tvíbýli í Gýgjarsteini.[1914-1931].“ (Guðni Jónsson. 1958:121). Í bókinni *Landskjálftar á Íslandi* eru skýrslur presta um húsaskemdir í jarðskjálftunum 1896. Í Sjávargötu eru skráð þrjú bæjarhús fyrir skjálftana og skemmdust þau öll lítið. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905: 185) Þar er nú hesthús frá Litla-Hrauni. (Guðni Jónsson. 1958:139). Gýgjarsteinn er merktur inn á túnakort Litla-Hrauns sem er líklega teiknað um 1920.

Engin merki um bæ sjást á yfirborði.

GPS: A395454 N374132

Horfin: Já

Heimildir:

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrbakkahreppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrbakka, Eyrbakki.

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrbakka*, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrbakka.

Túnakort [1920]. *Litlahraun Eyrbakkahreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

165868-144-5

Sérheiti: Sjóvarnargarður

Hlutverk: varnargarður

Tegund: Garður

Staðhættir: „Eftir endilöngum var eftir síðustu aldamót [1900] byggður öflugur grjótgardur til varnar gegn ágangi sjávar. Nefnist hann Sjógarður. „Fjánhús er austar á hraunhól (Litla-Hraunstöft) [7] og hlaða [10] fast við sjógarð suðaustar (fyrrum þurrabúð Gýgjarsteinn).“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:285).

Lýsing: Nýr sjóvarnargarður var reistur við þann gamla eða gert var við eldri sjóvarnargarðinn. Sjóvarnargarðurinn í landi Litla-Hrauns er um 1 m hár og er hann grasigróinn.

GPS: A395532 N373933

Heimildir:

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Litlahraun Eyrbakkahreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

165868-144-6

Sérheiti: Dysin

Hlutverk: Þjóðsaga legstaður

Tegund: heimild

Staðhættir: „Aðeins norðar [en Gýgjarsteinn 4] rétt austan við landamörk Litla-Hrauns og Háeyrar á sléttri flöt, var lítil þúst líkt og leiði kölluð Dysin. Hún hefir nú verið sléttuð út, en var á líkum stað og nú er holræsið. Munnmæli voru um það, að þar hefðu einhvern tíma fyrr meir verið dysjaðir tveir sakamenn, er hengdir höfðu verið fram í Gálgaklettum [8]“ Guðni Jónsson. 1958:139).

Lýsingar: Minjarnar eru af öllum líkindum farnar út í sjó en GPS hnit var tekið á þeim stað þar sem hún er talin hafa verið.

GPS: A395388 N374065

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

165868-144-7

Sérheiti: Litla-Hraunstöft

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: heimild

Staðhættir: „Fjárhús er austar á hraunhól (Litla-Hraunstöft) og hlaða [10] fast við sjógarð [5] suðaustar (fyrrum þurrabúð Gýgjarsteinn).“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:285).

Lýsing: Á þessu svæði hafi allt verið sléttað út og engar minjar er að sjá á yfirborði.

Horfið: Já

Heimildir:

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

165868-144-8

Sérheiti: Gálgaklettur

Hlutverk: Landamerki / aftökustaður

Tegund: heimild.

Staðhættir: Í Hraunsfjöru á Eyrarbakka, í mörkum milli Gamla-Hrauns og Litla-Hrauns, eru klettur ofarlega í fjörunni, sem *Gálgaklettur* nefnast.“ (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:52) Vesta við Hafliðakotsvik eru háir dökkir klettur sem nefnast Gálgaklettur. Um miðja Gálgaklettahlein liggja mörk milli Gamla-Hrauns og Litla-Hrauns [165868-144]. (Guðni Jónsson. 1958:152)

Lýsing: „...Sú sögn er um Gálgakletta, er eg [Sigurður Guðmundsson] heyrði gamla menn segja, að þar hefðu einhvern tíma fyrr á öldum verið hengdir tveim menn og dysjaðir síðan norður undir Litla-Hraunsvatni, á sléttri flöt. Sást þar líkt og leiði, og var það ævinlega kallað *Dysin* [6] (Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942:52). Samkvæmt ritinu *Eyrabakkahreppur Örnefni* voru Gálgaklettur, dökkir

háir klettur vestan við Hafliðakotsvík (Guðmundur Þórarinnsson. 1997:40). Hnit var tekið þar sem Gálgaklettur eru sýndir inn á loftmynd (*Loftmynd LMÍ M 3522*) þar sem örnefni í Hraunshverfi eru skráð.

GPS: A395532 N373947

Heimildir:

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

165861-144-9

Hlutverk: Uppspretta

Tegund: heimild

Staðhættir: Í Hraunsfjöru á Eyrarbakka, í mörkum milli Gamla-Hrauns og Litla-Hrauns, eru klettur ofarlega í fjörunni, sem *Gálgaklettur* [8] nefnast. Vestan undir þeim kemur fram mikil uppspretta, sem, aldrei þrýtur, hvorki sumar né vetur (Guðni Jónsson. 1958: 402).

Lýsing: Vatnið í henni er með afbrigðum gott, svalt og tært, og svo sagði Jóhann beri, sem víða hafði farið og kom oft að Gamla-Hrauni á flakki sínu og var þar um tíma hjá foreldrum mínum, að hann hefði hvergi bragðað jafngott vatn og þar (Guðni Jónsson. 1958: 402).

Horfin: Já

Heimildir:

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

165868-144-10

Hlutverk: Hlaða

Tegund: heimild

Staðhættir: „Fjárhús er austar á hraunhól (Litla-Hraunstöft) [7] og hlaða fast við sjógarð [5] suðaustar (fyrrum þurrabúð Gýgjarsteinn).“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:285).

Lýsing: Á þessu svæði hafi allt verið sléttað út og engar minjar er að sjá á yfirborði.

Horfið: Já

Heimildir:

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

165868-144-11**Sérheiti:** Hraunkot**Hlutverk:** býli**Tegund:** heimild**Staðhættir:** Hraunkot stóð í hrauninu fyrir norðvestan Litla-Hraun. (Guðni Jónsson.1958:122)**Lýsing:** Hraunkot var byggt 1893 af Halldóri Jónssyni. Býlið fór í eyði árið 1927. Á svæðinu við Litla-Hraun og í kring hefur allt verið sléttað út og engar minjar er að sjá á yfirborði.**Horfið:** Já

Guðni Jónsson. 1958. *Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka*, Reykjavík.

165868-144-12**Hlutverk:** Kálgarður**Tegund:** heimild**Staðhættir:****Lýsing:** Árið „1788, eru ekki nema 5 kálgarðar alls í Stokkseryrahr., og enginn þeirra á fyrirskipuðum jörðum. Þeir voru: 2 Skúmstöðum, og einn á hverjum bæ: Stóra-Hrauni, Litla-Hrauni og Selinu.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:122). Tíu árum síðar virðist kálgarðurinn ekki lengur vera í notkun (Vigfús Guðmundsson. 1945:122).**Horfin:** Já**Heimildir:**

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

165868-144-13**Sérheiti:** Líkhella**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild**Staðhættir:** Í Hraunsfjöru á Eyrarbakka, í mörkum milli Gamla-Hrauns og Litla-Hrauns, eru klettur ofarlega í fjörunni, sem *Gálgaklettur* [8] nefnast.“ (Íslenzkir sagnabættir og þjóðsögur. 1942:52) Hnit var tekið þar sem Líkhella er merkt inn á loftmynd (*Loftmynd LMÍ M 3522*) þar sem örnefni í Hraunshverfi eru skráð. Líkhella á að vera við skolprörið í fjörunni við ruslahauga Eyrarbakka.**Lýsing:** „Nokkrum spöl vestar í fjörunni, í mörkum Lilta-Hrauns og Háeyrar, er hella upp við sandinn, sem nefnist *Líkhella*, og er hennar getið í vitnisburðum um landamerki þessara jarða á 16. öld, er nafnið er nú týnt.“ (Íslenzkir sagnabættir

og Þjóðsögur.III 1942:52) Í *Íslenzkt fornbréfasafn* frá um 1560, vitnisburður um landamerki Gegnishóla og Seljatungu, Stokkseyrar, Hrauns og Háeyrar: „Jetem eftter sögn Grijs Biarnarsonar og Þorunar heitinnar Simonardottur. sögdu þaug. ad Margret heitin Pálsdotter. sem átte Háeyre. hefði halldid þesse fiðrumörk í millum Hrauns og Háeyrar.ad su hella sem kóllud hefur verid Lijkhella. og liggur austur og vestur i einu lone skule ráða landamerkiuum.“ (*Diplomatarium Islandicum*. XIII. 1937:52-3) „Sú sögn er um Gálgakletta, er eg [Sigurður Guðmundsson] heyrði gamla menn segja, að þar hefðu einhvern tíma fyrr á öldum verið hengdir tveim menn og dysjaðir síðan norður undir Litla-Hraunsvatni, á sléttri flöt. Sást þar líkt og leiði, og var það ævinlega kallað *Dysin*. Ekki er ósennilegt, að nafnið Líkhella kunni að hafa staðið í sambandi við þennan atburð, þótt ekkert verið frammar fullyrt um það (Íslenzkir sagnapættir og þjóðsögur. 1942:52)Þ Dysin [6] og Líkhella sjást nú ekki lengur (Bjarni Harðarson.2001:78).

GPS: A395388 N374065

Horfin: Já

Heimildir:

Bjarni Harðarson. 2001. *Landið, fólkíð og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfoss.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1937. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Loftmynd LMÍ M 3522. Unnið af Sigurgeiri Skúlasyni. Heimildir unnu Guðmundur Friðriksson, Helgi Þorvaldsson, Inga Lára Baldvinsdóttir, Jón Gunnar Gíslason og Magnús Karel Hannesson. Loftmynd er í eigu Sjóminjasafns Eyrarbakka.

165868-144-14

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir: Tóft er um 40 m suður við Eyrarbakkaveg og um 5 m austur frá Hraunprýði [182310-143-32]. Jafnframt um 50 m austur frá Fangelsinu Litla Hrauni og um 200m vestur frá Listaverkinu Kríunni.

Lýsing: Hleðslur í tóftinni standa, mest 9 umför og eru hleðsluhæð mest um 2 m. Tóftin er tvískipt norðan megin er útihús sem er um 18



m lengd og 6 m á breidd. Norðurveggur þess er hrunin í miðjunni. Á suðurhlið þess kemur hlið og þar kemur eins konar aðhald sem er opið á suðurhliðinni það er 12 m á breidd og 9 m á lengd utanmáli. Þykkt veggja er um 1,5 m. Tóftin er grasigróinn ofaná en hleðslurnar eru mosavaxnar. Inn í tóftinni er mikið af rekavið og járnrusli. Samkvæmt heimildarmanni var þetta útihús fyrir naut.

GPS: A395779 N374517

Hættumat: Lítil hætta

Heimildamaður: Pétur Friðriksson

165868-144-15

Hlutverk: Mógröf

Tegund: náma

Staðhættir: Um 40 m vestur frá Listaverkinu Kríunni og um 50 m norður frá Litla Hrauni [1] er mógröf. Mógröfin liggur við suður enda garðlags nr. 16.

Lýsing: Mógröfin er um 4 m AV og um 3 m NS og er hún um 0,5 á dýpt. Hún er full af vatni og hefur verið fyllt með steinhellum.

GPS: A395940 N374420

Hættumat: Lítil hætta

165868-144-16

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir: Um 40 m vestur frá Listaverkinu Kríunni og um 50 m norður frá Litla Hrauni [1]. Jafnframt er suður endi garðsins við mógröf [15].

Lýsing: Hraungrýti liggur í beina línu 36 m NS og kemur veggbotn úr garðinum suðurenda hans um 5 m AV.

GPS: A395943 N374428

Hættumat: Lítil hætta

165868-144-17

Hlutverk: leið

Tegund: Leið

Staðhættir: Leið liggur í 100 m í AV og er austur endi hennar við hlið skógræktargirðingar. Síðan tekur sveig í NS og liggur um 18 m að leið [2].

Lýsing: Vegurinn er um 3 m breiður og glittir í hleðslu hér og þar.

GPS: A395987 N375412

Hættumat: Lítil hætta



Niðurstöður

Ljóst er að göngustígurinn liggur yfir minjasvæði. Liggur hann inn á túni Borgar og svo sem leið liggur í átt að Hafliðakoti/Elliðakot. Þar liggur hann meðfram útihúsum og inn á bæjarhól Hafliðakots og Elliðakots en ekki er ljóst hvort bæirnir hafa staðið á sama stað. Því næst liggur göngustígurinn yfir Foksholt en um það segir í sögu Hraunshverfisins: „*Þar sem bugðan kemur á Gamla Hraunsveg að norðan og örlitlu austar en rafmagnsspennustöðin, heitir Foksholt. Þegar Gamla hraunsvegur var, lagður fundust þar mannabein. Enginn vissi hvernig á þeim stóð þar, en gömul voru þau og fúin nokkuð. Munnmæli sögðu að einhvern tímann hefði sýslumaður setið á Stóra Hrauni, harðjaxl mikill hefði hann látið dysja þarna einhvern aumingja og talið fullgott fyrir hann að liggja þar. Hæð er á Foksholtinu og stóð þar áður býlið Fok og sér enn um tóttirnar. Stóð það einna hæst í Hraunshverfi. Á túnjaðrinum á Suður af Foki er smáhóll og stóð þar býli það er fyrrum hér Stéttarendi nú Stéttar en þar fæddist Þuríður Formaður. Norður af Foki örskammt frá því og fast við veginn var búlið Garðhús, þar er nú [1950] smá kofi. Skammt vestur af Foki og Garðhúsum er hæð með miklum tóftarbrotum og af hlöðu og peningshúsum sem nefnast Fornufjós. Á næstu hæð þar fyrir vestan er Hraun og spölkorn þar vestar er önnur hæð og grjóthóll norður af henni. Á þeirri hæð stóð Stóra Hraun áðu.*“ Göngustígurinn liggur svo yfir bæjarhól Stóra Hrauns þar sem hann stóð síðast en síðan framhjá gamla bæjarhól Stóra Hrauns. Eftir það liggur vegurinn á unnu túni og við hlið gamals landamerkjagarðs.

Það er álit skýrsluhöfundar að merkja verði allar minjar vel áður en framkvæmdir hefjast þar sem nálægð við minjar er mikil. Jafnframt liggur stígurinn yfir bæjarhóla þar sem minjar eru til staðar undir sverði.

Verði jarðrask við lagningu þessa göngustígs er ljóst að fara verður í gerð könnunarskurða og hugsanlega uppgröft. Komi ekki til jarðrasks við lagningu stígsins, minjar vel merktar og farið varlega um svæðið ætti að vera hægt með lægni að forðast að raska minjum.

Eins og áður hefur komið fram var Hraunshverfið mjög þéttbýlt og mjög mörg smábýli á þessu svæði og næstum hægt að tala um þorpsmyndun á svæðinu. Ekki er alveg vitað um staðsetningu allra minja og býla og því afskaplega mikilvægt að fara öllu með gát og sýna svæðinu mikla nærgætni. Á svæðinu sem stígurinn liggur voru áður býlin: Hafliðakot, Elliðakot, Fok, Stéttarendi, Garðhús, Stöðlakot, Heiðarkot, Litlibær, Framnes og Stóra Hraun.

Þar sem sagan er mikil á þessu svæði, bæði saga þessa litla hverfis sem og tengsl þessa hverfis við söguna um Kambsránið væri skemmtilegt að setja upp söguskilti á þessari leið. Á skiltinu væri hægt að greina frá hvar þessir bæir stóðu (eða haldið er að þeir hafi staðið) og ýmsar sögulegar upplýsingar þar sem

stígurinn liggur yfir minjasvæði sem hefur bæði að geyma minjar og mikla sögu. Þetta myndi verða fólki, sem um svæðið færi, til gagns og gamans og hægt að nota við kennslu.

Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Minjastofnun Íslands sem veitir ráðgjöf og hefur eftirlit með framkvæmdunum ef þess þarf. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnun Íslands. Mikið af minjum er á svæðinu og verið er að vinna að skráningu þeirra. Vegna þéttleika býla á þessu svæði er það álit skýrsluhöfundar að fara verði varlega í allar framkvæmdir á þessu svæði.



Heimildir

Annálar 1400-1800. Annales Islandici posterium sæculorum. 1922-1927. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Bjarni Harðarson. 2001. Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ Árbók hins íslenska forleifafélags.

Björn Lárusson. 1967. The old Icelandic land registers. Gleerup, Lundur.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. II. 1893. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XIII. 1933-1939. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. Eyrarbakkaheppur örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Eyrarbakki.

Guðni Jónsson. 1958. Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 1 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Íslenzkir sagnaþættir og þjóðsögur. 1942. Skrásett af Guðna Jónssyni. 3 bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Jón Pálsson 1946. Austantórir. II bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-74. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnassýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Sjávarflóð 22.1.1925. Allan Magnússon skráði. Örnefnastofnun.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. Stórahraun. (austurbær). Eyrarbakkaheppur, Árnassýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. Saga Eyrarbakka. Fyrri bindi. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. Landskjálftar á Íslandi. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.